



8-9

Bændur lifa á áhuga-
verðum tímum



10-12

Kornskurður á
Dagverðareyri 1953



20-25

Alltaf gaman þegar
vel gengur



28-35

„Hef alltaf horft til
framtíðar“



50-53

40 ár í Bændahöllinni

Umhverfisvænni og betri búskapur

-Á undanförunu ári hefur Ingvar Björnsson, bóndi á Hólabaki, leitt vinnu sem hefur það að markmiði að móta umhverfisstefnu fyrir landbúnaðinn á Íslandi til næstu tíu ára
- bls. 44-47






Rækt við land
og þjóð í

80

ár



Gróðurhús byggt árið 1940

Sölufélag garðyrkjumanna þakkar neytendum og garðyrkjubændum fyrir frábært samstarf sem skilað hefur einstökum árangri í 80 ár.

Þann 13. janúar 1940 komu garðyrkjubændur saman á Hótel Borg. Upp úr þeim fundi stofnuðu þeir Sölufélag garðyrkjumanna sem tók til starfa þá um vorið.

Einhugur íslenskra garðyrkjubænda hefur hvergi breyst og metnaður okkar er enn sem fyrr að bjóða Íslendingum upp á ferskt og heilnaemt grænmeti árið um kring.

Því að það er sama hvornig jörðin snýst – mikilvægi íslenskrar ræktunar hefur aldrei skipt meira máli og eykst með degi hverjum.



**SÖLUFÉLAG
GARÐYRKJUMANNA**

Efnisyfirlit



Ritstjórnargrein 6

Bændur lifa á áhugaverðum tímum 8-9

Viðtal við Guðrúnu S. Tryggvadóttur, formann Bændasamtaka Íslands

Kornskurður á Dagverðareyri árið 1953 10-12

Viðtal við Geir Guðlaugsson, fyrrverandi kúabónda að Kjaransstöðum í Hvalfjarðarsveit



Talnafróðleikur um íslenskan landbúnað 14-15

Rafrænt áhættumat fyrir bændur 16

Samstarfsverkefni Vinnueftirlitsins og Bændasamtakanna

Hlaðvarpsþættir um landbúnað 18-19

Bændablaðið hefur hleypt hlaðvarpi af stokkunum



Alltaf gaman þegar vel gengur 20-25

Viðtal við Reyni Þór Jónsson og Fanneyju Ólafsdóttur, bændur á Hurðarbaki í Flóahreppi

Risastórt ylræktarver á teikniborðinu 26-27

Viðtal við Gunnar Þorgeirsson í Ártanga um áform um að reisa gróðurhús á 10 hektara svæði

Ég hef alltaf horft til framtíðar 28-35

Viðtal við Grétar J. Unnsteinsson, fyrrverandi skólustjóra Garðyrkjuháskóla ríkisins

Lifandi landbúnaður er allra hagur 38-40

Gróskumikil starfsemi innan landbúnaðar og atvinnulífs

Embluverðlaunin eru komin til að vera 42-43

Norræn matarverðlaun allra bændasamtaka á Norðurlöndum undir merkjum NBC

Umhverfissvænni og betri búskapur 44-47

Rætt við Ingvar Björnsson, bónda á Hólabaki, um mótun umhverfisstefnu landbúnaðarins

Grænkerum og veganistum fjölgar í takt við neyslubreytingar 48-49

Rætt við Valgerði Árnadóttur, varaformann Samtaka grænmetisæta á Íslandi

40 ár í Bændahöllinni 50-53

Rætt við Halldóru Þorbjörgu Ólafsdóttur um 40 ára feril sinn í Bændahöllinni

Bændur framleiði sjálfir sinn niturábúrd 54-56

Rætt við Guðbjörgu Rist, framkvæmdastjóra Atmonia

Svipmyndir af bændum 58-73

Rætt við fólk sem starfar í 15 búgreinum og félögum sem aðild eiga að BÍ

Kynningarefni 74-82

Tímarit Bændablaðsins 2020

Ritstjóri og ábyrgðarmaður

Hörður Kristjánsson

Bláðamenn

Erla Hjördís Gunnarsdóttir
Margrét Þóra Þórsdóttir
Sigurður Mór Harðarson
Vilmundur Hansen

Auglýsingastjóri og sala kynninga

Guðrún Hulda Pálsdóttir

Umsjón og rekstur

Tjörvi Bjarnason

Prófarkalestur

Guðrún Kristjánsdóttir

Umbrot

Litróf ehf.

Hönnun

Döðlur

Forsíðumynd

Aðalheiður Ingvarsdóttir

Prentun

Ísafoldarprentsmiðja

Útgefandi

Bændasamtök Íslands
Bændahöllinni við Hagatorg 107 Reykjavík
Sími: 563-0300
www.bbl.is

Upplag

8.000 eintök

ISSN númer 2298-7209



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA



Sjá verð,
teikningar og
skilalýsingu
á husa.is

Einingahús

Tökum við pöntunum fyrir sumarið núna!



Frigg - 27m² frístundahús

Frigg er fallett 27 m² heilsárhús með einu svefnherbergi.



Freyja - 40m² frístundahús

Freyja er fallett 40 m² heilsárhús með einu svefnherbergi.



Sif - 60m² heilsárhús

Sif er rúmgtott og fallett 60 m² heilsárhús með tveimur svefnherbergjum.



Gígja - 80m² heilsárhús

Gígja er mjög rúmgtott og fallett 80 m² heilsárhús með þremur svefnherbergjum.



Gerður - 107m² heilsárhús

Gerður er stórt og glæsilegt, 107m² heilsárhús. Húsið er mjög rúmgtott og fallett.



Ösp - 116m² heilsárhús

Ösp er fallett 116m² heilsárhús með fjórum svefnherbergjum. Mjög hagkvæmur kostur og einfalt í uppsetningu



Björk - 167m² heilsárhús

Björk er stórt og fallett 167,1m² heilsárhús. Skammtilega skipulagt með þremur svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum, þvottaherbergi og rúmgóðri stofu.



Húsasmiðjan hefur áratuga reynslu af sölu einingahúsa og byggingarefna á Íslandi og býður til sölu margar gerðir af vönduðum heilsárhúsum. Húsin eru hönnuð af íslenskum arkitektum og byggingatæknifræðingum fyrir íslenskar aðstæður og að sjálfsögðu í samræmi við íslenska byggingareglugerð.

Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar á netfanginu serverkefni@husa.is eða í síma 525 3000.

Verð, teikningar, skilalýsingu og fleira má finna á www.husa.is



Stórsýningin
Verk og vit

Við erum á stórsýningunni Verk og vit
í Laugardalshöll 12.-15. mars 2020

Margar gerðir 27-167 m²

Guðbjartur Halldórsson - Söluráðgjafi
Sími: 660 3046 - gh@husa.is

Ólíku saman að jafna

Íslenskur landbúnaður hefur átt undir högg að sækja gagnvart þeim hagsmunaöflum sem meta gróðasjónarmið í viðskiptum réttþærra en fæðuöryggi, lýðheilsusjónarmið, byggðasjónarmið og verndarsjónarmið bústofna sem eru einstakir á heimsvísu. Samt eigum við hér á Íslandi einstaka möguleika sem fáir ef nokkrir jarðarbúar geta státað af.

Íslenskur landbúnaður mun aldrei geta keppt við massaframleiðslu né ódýrasta vinnuafli sem finnst á jörðinni hverju sinni. Reyndar hlýtur maður að draga það í efa að Íslendingar vilji yfir höfuð hafa sama ástand í matvælaframleiðslu hér á landi og þekkt í alfátækustu ríkjum heims. Þar nýta fjölbjóðleg stórfyrirtæki sér eymdina til að framleiða matvöru sem þau geta síðan dreift á markaði í auðugri ríkjum. Síðan er varan seld á margföldu framleiðsluverði hinna fátæku bænda. Þann virðisauka hirða stórfyrirtækin en ekki bændurnir í viðkomandi ríkjum.

Fjöldi Íslendinga gerir samt kröfur til þess daglega að íslenskir bændur framleiði vöru á sama verði og gert er í heitari löndum en jafnframt með því skilyrði að hreinleiki vörunnar sé eins og best getur orðið. Með slíkri kröfugerð eru menn að horfa fram hjá því að gróðurfar og lífríki í heitari löndum er með allt öðrum hætti en á Íslandi.

Ef gerðar væru sömu kröfur til framleiðslu á þeim landbúnaðarafurðum sem verið er að flytja inn til landsins og gerðar eru til framleiðsluhátta á Íslandi, þá væri ekkert yfir kröfunum að kvarta. Samanburðurinn í dag er bara alls ekki á þeim nótum.

Þegar horft er á innfluttar vöru líta menn gjarnan fram hjá því að magnframleiðsla á ódýrri matvöru eins og gert er víða í dag er eingöngu möguleg með óhóflegri notkun margs konar hjálparefna. Þar eru notuð eiturefni til að eyða illgresi og meindýrum. Þau menga um leið jarðveg og grunnvatn og drepa nauðsynlegar örverur, lindýr og skordýr

eins og býflugur svo ekki sé talað um fugla. Þetta er eitthvað sem ekki er tíðkað á Íslandi og alls ekki við vistvæna og lífræna ræktun hvorki hér heima né erlendis.

Til að þola alla eiturefnanotkunina hafa menn þróað erfðabreytt afbrigði af ýms konar nytjategundum. Með tímanum ávinnur illgresið sér líka ónæmi gegn eitrunu og því er sífellt verið að auka efnanotkunina. Sýnt hefur verið fram á það af vísindamönnum í Noregi og í Bretlandi að leifar af þessum eiturefnum eru í nytjajurtunum og skila sér áfram inn í fæðukeðju mannsins. Vísindamenn hafa varað við að slík framgangna í lífríkinu muni leiða til mikils ófarnaðar.

Auk þessa hafa framleiðendur ódýrra matvæla notað sýklalyf ótæpilega til að ná því markmiði að framleiða mikið á sem skemmstum tíma. Sýklalyf eru notuð sem vaxtarhvatari og til að fyrirbyggja sýkingar í uppvextinum, sem er ekki leyft að gera á Íslandi. Slík sýklalyfjanotkun hefur skapað ofursýkla sem drepa að talið er um 30 þúsund manns í Evrópu árlega og allt að 100 þúsund í Bandaríkjunum. Þetta eru ofursýklar sem engin þekkt sýklalyf geta unnið á.

Þetta er sá veruleiki sem íslenskir bændur eru að keppa við. Til að bæta gráu ofan á svart var svo samþykkt að fella niður sjúkdómavarnir og ganga að kröfum regluverks Evrópusambandsins um innflutning á fersku og ófrosnu kjöti undir mjög óljósu eftirliti.

Venjulegt fólk um allan heim er smám saman að vakna til vitundar um að



Hörður Kristjánsson, ritstjóri Bændablaðsins.

heilbriggt samspil náttúru og manna er eina leiðin til að mannkynið geti komist af til langrar framtíðar á þessari jörð. Þrátt fyrir staðsetningu rétt við heimskautsbaug og erfið ræktunarskilyrði hafa íslenskir bændur forskot á nær alla bændur heimsins. Ekki til að framleiða ódýrasta mat í heimi heldur mat sem er meðal þess heilnæmasta sem hægt er að finna á jörðinni.

Forskið felst í mörgum þáttum. Þar má nefna skilyrði til að framleiða hér raforku á ódýran hátt svo lengi sem íslenskir framleiðendur og íslenska þjóðin fær að njóta þeirrar sérstöðu. Gnægð af hreinu vatni ef okkur auðnast sem þjóð að missa ekki nýtingarréttinn í hendur fégráðugra auðkýfinga.

Forskið felst líka í þeirri þekkingu sem íslenskir bændur hafa aflað sér til að framleiða góða vöru við þau erfiðu skilyrði sem hér er að finna. Hér er líka mikil þekking í úrvinnslu á því hreina hráefni sem hér er að finna og með matreiðslufólk í fremstu röð á heimsvísu til að framreiða þann mat. Meira að segja nýkrýnda verðlaunahafa á Ólympíuleikum.

Íslenskir bændur hafa þannig forskot á mörgum sviðum landbúnaðar sem er afar mikils virði þegar fram í sækir. Möguleikarnir eru líka nær endalausir í ræktun nýrra tegunda og þróun matvæla sem byggja á öllu því góða sem landið hefur upp á að bjóða og í sátt við náttúruna.

Hörður Kristjánsson



ALHLIÐA VERKTAKI



Yfir **160** hús frá 2004



Landstólpi - Traust í **20** ár

Gunnbjarnarholti, 804 Selfoss
Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17



Guðrún S. Tryggvadóttir, formaður Bændasamtaka Íslands.

Myndir / Úr einkasafni

Bændur lifa á áhuga- verðum tímum

Vilmundur Hansen

Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, bóndi í Svartáarkoti í Bárðardal, tók við sem formaður Bændasamtaka Íslands 1. mars 2019 og er hún fyrsta konan til að gegna því embætti. Guðrún var áður varaformaður Bændasamtakanna og settist fyrst í stjórn þeirra árið 2018. Hún er menntaður kennari en rekur sauðfjárbú í Svartáarkoti með systur sinni og fjölskyldum þeirra. Þar er einnig rekið menningar- og fræðslusetur auk ferðarþjónustu í Kiðagili í sömu sveit.

„Við bændur lifum á áhugaverðum tímum,“ segir Guðrún. „Við höfum nánast tekið heljarstökk frá því að nota orf og ljá yfir í að nota flókinn tækjabúnað við fjölda daglegra starfa í landbúnaði. Samhliða þessu hefur bændum fækkað verulega en á sama tíma hefur framleiðsla landbúnaðarafurða aukist og er sú framleiðniaukning mæld í tugum prósentu. Þekking í landbúnaði hefur einnig tekið miklum framförum og auðvelt er að sækja sér upplýsingar, hvort sem það er hér heima eða erlendis frá.“

Viljum blómstrandi byggð

Guðrún segir að þeir sem búi í dreifbýlinu vilji gjarnan sjá fleira fólk setjast þar að. „Við viljum sjá blómstrandi byggðir þar sem ljós logar á öllum bæjum og samfé-

lögin eru öflug. Ljósleiðaravæðing er liður í því að þetta verði mögulegt en einnig þarf að ná að styrkja aðrar grunnstoðir eins og samgöngur, þriggja fasa rafmagn og afhendingaröryggi rafmagns og fjarskipta. Margt fólk langar til að búa í dreifbýli en innviðirnir verða að bjóða upp á það. Tæknin býður upp á ótal nýja möguleika.

Tækifærin leynast víða fyrir þá sem hafa hugmyndir og þor til að hrinda þeim í framkvæmd. Bændur eru að upplagi frumkvöðlar sem vinna með það sem landið gefur af sér og það sem þeir geta nýtt.“

Neytendur með nýjar kröfur

Á síðustu árum hafa neysluneytur breyst hratt og ýmsir áhrifaþættir sem hafa



Guðrún við veiðar í Svartárvatni í Bárðardal.

áhrif á það hvaða mat fólk leggur sér til munns. „Það að kröfuharðir Íslenskir neytendur óski eftir annars konar fæðu en við höfum verið að framleiða veitir nýja möguleika fyrir landbúnaðinn. Við þurfum að gefa því aukinn gaum að framleiða matvæli sem við höfum ekki verið með á markaði eða þá í afar litlu magni. Þar búum við vel að þeirri þekkingu og reynslu sem skapast hefur bæði hérlendis og erlendis. Kannski er tími kominn á að horfa betur í kringum okkur til að koma auga á nýja möguleika og sleppa svo sköpunarkraftinum lausum sem sannarlega býr í okkur.“

Guðrún veltir því fyrir sér hvort við getum nýtt sjóinn betur eða fiskeldi á landi eða eftir lífræna ræktun þar sem lífrænar vörur verða sífellt eftirsóttari. „Getum við framleitt meira fóður hérlendis í stað þess að flytja það inn? Við erum kominn með nokkuð stöðugt landbúnaðarkerfi en framleiðslukeðjan frá afurðum til neytenda er ekki hugsuð sem heild. Innan um eru hlekkir sem telja sig ekki tilheyra keðjunni, þrátt fyrir að vera hluti af henni, og því þarf að breyta.“

Að hluta til stafar þetta af stefnuleysi sem ríkt hefur um landbúnaðinn en stendur nú til bóta.

Heildarsýn á matvælaframleiðslu

„Íslendingar þurfa að móta heildstæða sýn á hvernig matvælaframleiðslu við viljum stunda og hvernig við viljum búa að henni. Til hvers ætlast samfélagið af íslenskum landbúnaði og hvað er það reiðubúið að gera til að ná þeim markmiðum?“

Flest erum við sammála um að við viljum búa hér og að íbúnum líði vel. Við eigum

allar þessar auðlindir og viljum tryggja það að vera sjálfum okkur nóg eins og hægt er til að framleiða fæðu fyrir fólkið okkar. Sveitin verður að vera aðlaðandi fyrir alls konar fólk til að setjast að og skapa sér líf.

Til þess að svo geti verið þarf öflugt samstarf landbúnaðar, sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga sem og annarra þeirra sem hvetja til framþróunar, þetta samstarf er þegar hafið. Frumkvöðlar innan bændastéttarinnar um allt land eru að vinna að fjölbreyttum og framsæknum verkefnum. Það er ungt fólk að setjast að í sveitum landsins og vinna frábært starf en því má ekki gleyma að mistök eru partur af því að þróa áfram og vinna að nýjum verkefnum.

Það heppnast aldrei allt í lífinu. Mikilvægast er að læra af mistökum og finna aðrar leiðir og þar kemur ein af höfuðdyggðunum, þolinmæðin, inn því það getur tekið langan tíma að koma góðri hugmynd til framkvæmda,“ segir Guðrún.

Þróun félagskerfis landbúnaðarins

Félagskerfi bænda er margþætt og verður fyrirkomulag þess rætt á Búnaðarþingi. „Við erum með mjög mörg félög bæði á héraðsgrunni og á búgreinagrunni sem gerir það að verkum að kröftum er að vissu marki dreift víða.“

Ég er algerlega sannfærð um að við getum náð betri árangri með því að þétta raðirnar og vinna nánar saman en á sama tíma veit ég að öll þessi félög eru sjálfstæð og um það sjálfstæði er mönnum annt.

Bændasamtökin eru ekki lengur með fjármögnun í gegnum búnaðargjald og síðustu misserin höfum við rekið samtökin að hluta til með því að ganga á eignir. Nú er kominn sá tími að bændur sjálfir og forystumenn þeirra þurfa að gera upp við sig hvernig þeir vilja að samtök þeirra starfi og hvað þeir eru tilbúnir að greiða fyrir það. Bændasamtökin eru sterk samtök sem búa að mikilli reynslu og hafa um langt skeið barist fyrir fjölbreyttum hagsmunum bænda með góðum árangri. Við eigum sterkan fjölmiðil í Bændablaðinu sem önnur hagsmunasamtök öfunda okkur af og höfum átt farsæl samskipti við ríkisvald og fleiri aðila sem starfa innan vébanda landbúnaðarins.



Guðrún er menntaður kennari en rekur, ásamt öðrum, sauðfjárbú í Svartárkoti í Bárðardal.

Að mínu mati liggur framtíð Bændasamtakanna í nánara og þéttara samstarfi við búgreinafélög, fyrirtæki og aðra hagsmunaaðila innan landbúnaðarins. Við höfum ekki langan tíma til að koma því samstarfi á koppinn ef vel á að vera.“

Þróun landbúnaðar á Íslandi

„Tækifæri í íslenskum landbúnaði eru mörg og líklega mun fleiri en við höfum áttað okkur á. Vissulega eru þar talsverðar áskoranir líka sem við sjáum til dæmis í auknum innflutningi.“

Ég tel að við eigum að leggja okkur fram um það að horfa á tækifærin sem við erum með í höndunum. Í stað þess að hugsa alltaf í stærri einingum gætum við velt fyrir okkur hvort við getum á búunum okkar verið með fjölbreyttari starfsemi. Ég sé fyrir mér stóru aukna innlenda fóðurframleiðslu og verulega bættu nýtingu á búfjáraburði sem gerir það að verkum að við verðum með mun sjálfbærari framleiðslu. Ég hef líka fulla trú á að íslensk stjórnmöld og landbúnaður eigi eftir að taka höndum saman í aðgerðum til að bregðast við loftslagsvandunum og ná þar miklum árangri.

Neyslubreytingar skapa líka möguleika á annars konar framleiðslutækifærum. Staða Íslands hvað varðar orkugjafa, vatnsbúskap og jarðvarma er gríðarlega góð og við búum að verðmætum hvað varðar matvælaframleiðslu sem eru afar dýrmæt á heimsmælikvarða.

Við þurfum að leggja áherslu á aukna fjölbreytni, tryggja sterkari tengsl við neytendur og að gera samfélagslegt hlutverk landbúnaðarins skýrara.

Verkefni eru mörg og áskoranirnar stórar, en það eru tækifærin líka,“ segir Guðrún S. Tryggvadóttir að lokum.



Dagverðareyri árið 1953.

Myndir / Geir Guðlaugsson

Kornskurður á Dagverðareyri árið 1953

Vilmundur Hansen

Geir Guðlaugsson, fyrrverandi kúabóndi að Kjaransstöðum í Hvalfjarðarsveit, var vinnumaður að Dagverðareyri við Eyjafjörð skömmu eftir 1950. Geir átti litla kassamyndavél á þeim tíma og var duglegur að taka myndir. Haustið 1953 tók hann myndir af kornþurrkun og þreskingu sem ekki hafa birst opinberlega áður.

Geir er Eyfirðingur og fæddur á Akureyri árið 1935. Móðir hans lést ung og þurfti hann snemma að sjá fyrir sér sjálfur. „Ég var vinnumaður á Dagverðareyri í Glæsibæjarhreppi í tvö og hálf ár og kynntist þar kornskurði sem var fremur óvenjulegt á þeim árum.“

Töluverð kornrækt

„Gunnar Kristjánsson, bóndi að Dagverðareyri, var mjög áhugasamur um kornrækt og ræktaði bygg á talsvert

stórri spildu í nokkur ár. Kornræktin var tilraunaverkefni hjá honum en ég man ekki lengur hversu spildan sem var niðri við sjó á veðursælum stað var stór í hekturum.“

Byrjaði á smábletti

Seselía María, dóttir Gunnars á Dagverðareyri, segir að faðir sinn hafi alla tíð haft mikinn áhuga á gróðri og ræktun og til að byrja með hafi hann ræktað korn á smábletti suður að bænum. „Síðar

flytur hann ræktunina niður á það sem kallast Höfði og er norðan við þar sem síldarverksmiðjan á Dagverðareyri var. Mest var ræktunin á árunum 1953 til 1956 og þrátt fyrir að uppskeran væri góð öll árin gekk ræktunin misjafnlega.“

Gunnar og Klemens á Sámsstöðum

„Ég man aftur á móti að Gunnar bar ræktunina sína saman við það sem Klemens Kristjánsson, tilraunastjóri á Sámsstöðum í Fljótshlíð, var að gera og heyrði á tali þeirra að þeir voru í eins konar keppni um uppskeruna, árangurinn, og hvor hefði betur.“

Á vorin var plægt og síðan var bygginu sáð og borið á með höndum eða gömlum hestadreifara. Korninu var sáð eins snemma og hægt var á vorin og slegið tímanlega og helst í þurru að hausti með greiðusláttuvél og Farmal-dráttarvél.

Eftir slátt var stráunum krafsað saman með höndunum og bundin upp með stráum í skrýfi til þurrkunar og síðan tekið saman í stóra yfirbreidda stakka til geymslu fyrir þreskingu.“



Jóhanna Þórarinsdóttir og Geir Guðlaugsson, fyrrverandi kúabændur að Kjaransstöðum í Hvalfjarðarsveit.

Mynd / VH

Bundið í skrýfi

Skrýfi er orð sem var notað um korn sem var handskorið neðst á stönglunum og bundið saman þannig að hálmurinn var með korninu og reist upp á endann. Oft voru tvö eða fleiri bindi látin styðja við

hvert annað og mynda eitt skrýfi. Orðið hvarf úr málinu eftir að skurðþreskivélar komu til sögunnar.

Þrýðileg brauð bakað úr korninu

„Um haustið var byrjað að þreskja kornið



Gunnar við þreskivélina ásamt Sveinbirmi Kristjánssyni frá Gásam.



Gunnar Kristjánsson, bóndi að Dagverðareyri, var mjög áhugasamur um kornrækt og ræktaði bygg á talsvert stórrí spildu í nokkur ár.



Gunnar þreskir með Farmal knúinni þreskivél og með kornstakk í bakgrunni.



Ónefndur erlendur vinnumaður bindur í skrýfi.

eftir þörfum með dráttarvélardrífinni þreskivél sem líktist einna helst taðkvörn nema hvað snúningshraði þreskivélarinnar var mun meiri. Þreskingin fór þannig fram að skrýfin voru sett inn í vélinu og dregin til baka þegar kornið var fallið af. Á staðnum var einnig til flokkunarvél sem flokkaði kornið eftir stærð og því síðan pakkað.

Ég man að Gunnar talaði um að uppskeran og þroskun hjá sér væri svipuð og hjá Klemensi á Sámstöðum og að honum þótti það gott.

Fjola Pálsdóttir, húsfreyja á Dagverðareyri, fékk hluta kornsins malað inni á Akureyri og bakaði prýðilegt brauð og kek úr mjölinu og svo var kornið líka notað sem skepnufóður.

Kornræktinni fylgdi talsverður hálmur sem var notaður sem undirburður fyrir skepnurnar og sumt plægt niður aftur.“

Erfið vinna á köflum

Geir segir að vinnan við kornið hafi stundum tekið á líkamlega og verið erfið. „Vinnan var mikið á höndum og oft erfið. Eftir slátt lá kornið í múgum og til að binda það upp urðum við að beygja okkur og taka skrýfi saman í fang með höndunum og binda saman með stráum og þar sem við vorum aðallega tveir við þetta gat slíkt tekið vel á í bakinu. Flokkunarvélin var handknúin og átak að halda henni lengi í gangi.“

DRÁTTARBEISLI Á FLESTAR GERÐIR BÍLA



VÖRULYFTUR Á SENDI- OG FLUTTNINGABÍLA



REIÐHJÓLAGRINDUR OG FARANGURSBOX



LJÓS Á VAGNA OG BÍLA



ALLAR GERÐIR AF KERRUM



VARAHLUTIR Í ALLAR GERÐIR AF KERRUM

AL-KO

KNOTT
BREMSENTECHNIK

SÉRSMÍÐI Á KERRUM EFTIR ÓSKUM VIÐSKIPAVINA



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Vikurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík -

Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

Talnafróðleikur um landbúnað

Hagstofan birtir upplýsingar um fjölda búfjár, uppskeru og kjötframleiðslu. Upplýsingar um fjölda búfjár byggjast á árlegri skráningu búfjareigenda í gagnagrunninn Bústofn, en upplýsingum um framleiðslu kjöts og mjólkur er aflað frá afurðastöðvum. Fleiri hagtolur í landbúnaði má finna á hagstofan.is og mast.is.

Hvert er framleiðsluvirði landbúnaðarins?

Heildarframleiðsluvirði landbúnaðar árið 2018 var **60,9 milljarðar** króna. Framleiðsluverð er það verð sem framleiðandi fær í sinn hlut frá kaupanda en innifelur ekki vörutengda styrkir, s.s. beingreiðslur. Virði afurða búfjárræktar er áætlað **42,2 milljarðar** króna, þar af voru vörutengdir styrkir og skattar um **11,5 milljarðar** króna. Virði afurða nytjaplönturæktar er **14,4 milljarðar**, þar af voru vörutengdir styrkir og skattar **519 milljónir** króna. Aðfanganotkun landbúnaðarins í heild er áætluð **40,8 milljarðar** árið 2018.

Íbúum landsins fjölgaði um **2%** árið 2019. Ferðamönnum fækkaði um **14,2%** og voru tæpar tvær milljónir.

Heildarsala á innlendu kjöti jókst um **0,6%** á árinu 2019. Alls seldust um **29.000 tonn** af innlendu kjöti á árinu. Heildarsala á mjólkurafurðum jókst um **1,5%** á árinu 2019.

Innflutningur á kjöti og kjötvörum jókst um **17,6%** og varð rúm **4.400 tonn** árið 2019. Hlutdeild innflutts kjöts er orðin **13,4%** miðað við allt innlent kjöt en hún er afar mismunandi eftir tegundum.

Innflutningur á mjólkurvörum jókst um **7,8%** og varð rúm **1.300 tonn**. Um þriðjungur af því er ís.

Heildarútgjöld hins opinbera til landbúnaðar voru **16 milljarðar** króna árið 2019. Það eru **1,74%** af útgjöldum ríkisins.

Fjöldi býla og umfang starfseminnar

Rúmlega **6.700 lögbýli** eru skráð á Íslandi og þar af er einhver skráður til heimilis á **3.350 býlum**. Þú sem framleiða vörur af ýmsu tagi voru rúmlega 3.150 árið 2015. Á þessum búum eru framleiddar búvörur á borð við mjólk, kjöt, garðyrkjuafurðir, egg og fleira. Auk þessa eru bændur sem stunda ferðabjónustu, skógrækt og landgræðslu, hlunnindanýtingu eða sinna annarri vinnu utan bú. Fleiri lögbýli eru nýtt til landbúnaðar þótt enginn sé þar heimilisfastur. Það sem út af stendur eru eyðibýli eða jarðir sem nýttar eru til sumardvalar eða annarrar starfsemi. Um **3.400 manns** voru starfandi í landbúnaði árið 2018, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands, eða 1,7% fólks á vinnumarkaði.

Um 10 þúsund störf tengjast landbúnaði með einum eða öðrum hætti, meðal annars á bújörðum, í kjötafurðastöðvum, mjólkurvinnslum, hjá þjónustufyrirtækjum og víðar.

Fjöldi búfjár á Íslandi 2019*

Nautgripir, alls	Mjólkurkýr	Holdakýr	Kvígur	Geldneyti	Kálfar	Sauðfé	Ær	Geitfé	Svín**	Alifuglar	Minkar	Hross***	Kanínur
80.728	26.250	2.846	6.511	22.976	22.145	411.563	324.897	1.450	3.323	805.028	13.025	72.000	92

* Bráðabirgðatölur

** Tala frá 2018

*** Áætluð tala

Útflutningur búvara árið 2019

Afurðir	Tonn	Verðmæti, fob milljónir kr.
Sauðfjárafurðir	7.197	2.601
Hrossaafurðir	440	122
Nautgripaafurðir	529	59
Svínaafurðir	106	10
Afurðir minka	16	326
Önnur sláturdýr	102	13
Mjólkurvörur	2.341	742
Dúnn	1	257



Útflutningur hrossa


Alls voru flutt út 1.351 hross árið 2018 til 20 landa.

Land	Fjöldi
Þýskaland	535 hross
Norðurlöndin	436 hross
Austurríki	78 hross
Annað	302 hross




Innvegin mjólk til mjólkursamlaga 1960 - 2019

Ár	Þús. lítrar
1960	73.637
1970	97.550
1980	107.017
1990	107.011
2000	104.025
2005	109.445
2010	123.178
2011	124.462
2012	125.093
2013	122.914
2014	133.514
2015	146.034
2016	150.322
2017	151.116
2018	152.409
2019	151.800



Kjötframleiðsla 2019

	Tonn
Kindakjöt	9.719
Nautgripakjöt	4.826
Svinakjöt	6.534
Alifuglakjöt	9.589
Hrossakjöt	1.085



Framleiðsla korns, garðávaxta, grænmetis og eggja 2019

	Tonn
Korn	7.900
Kartöflur	8.200
Rófur	1.140
Gulrætur	900
Blómkál	77
Hvítkál	246
Kínakál	30
Tómatar	1.183
Agúrkur	1.924
Paprika	202
Sveppir	560
Egg	5.060



Innflutningur á ýmsum búvörum 2019

	Tonn
Mjólk, duft og rjómi	103,2
Smjör	4,4
Ostur	602,6
Tómatar	1.517,8
Paprika	1.599,1
Sveppir	339,0



Innflutningur á kjöti 2019*

	Tonn
Nautgripakjöt	817,7
Kindakjöt	39,2
Svinakjöt	1.281,3
Kjúklingakjöt	1.208,0
Kalkúnakjöt	75,9
Saltað, þurrkað og reykt kjöt	139,2
Unnar kjötvörur	713,2



* Innflutningur er nær alfarið úrbeinað kjöt.

Heimildir: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Hagstofa Íslands, Matvælastofnun og Ferðamálastofa.

Samstarfsverkefni Vinnueftirlitsins og Bændasamtakanna:

Rafrænt áhættumat fyrir bændur

Bændasamtök Íslands og Vinnueftirlitið hafa unnið saman að gerð rafræns áhættumats fyrir þá sem starfa í landbúnaði. Um er að ræða veflægan hugbúnað sem bændur og starfsfólk þeirra geta fyllt inn í á netinu. Verkfærið er auðvelt í notkun, ókeypis og opið öllum. Megintilgangurinn með rafræna áhættumatinu er að hjálpa bændum og starfsmönnum á búum að bæta vinnuáðstæður og lágmarka þá áhættu sem er í vinnuumhverfinu.

Í forritinu eru settar fram tillögur og dæmi um úrbætur í vinnuumhverfinu. Einnig eru tilvísanir í lög og reglur og fjöldi mynda til útskýringar. Verkfærið metur áhættu fyrir notandann og sér um að skrifa lokaskýrslu og aðgerðaáætlun sem bóndinn notar til þess að gera úrbætur. Skýrslan er eingöngu fyrir þann sem gerir áhættumatið og er engum öðrum aðgengileg.

Evrópska vinnuverndarstofnunin í Bilbao á Spáni og hagsmunaaðilar á vinnumarkaði standa saman að gerð áhættumatsverkfæra undir nafninu OiRA sem stendur fyrir Online interactive Risk Assessment, eða á íslensku; rafrænt gagnvirk áhættumat.



Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVÆRI

Fyrir hverja er OiRA verkfærið?

OiRA gerir bændum og starfsfólki þeirra kleift að framkvæma áhættumat fyrir sitt bú eða vinnustað. OiRA hentar öllum sem vilja meta hættu sem snýr að öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum.

Hvað þarf ég að gera?

Á vefsíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is, er farið inn á undirsíðu sem heitir „Vinnuvernd“ og þar er tengill á „Áhættumat“ og loks er valið „OiRA-rafrænt áhættumat“. Þaðan er notandi leiddur áfram í gegnum skráningu og nokkur þrep. OiRA verkfærið tekur á flestu í starfsumhverfinu sem hefur alvarleg áhrif á öryggi og heilbrigði starfsfólks. Hættur eru greindar með því að setja fram fullyrðingar sem svara þarf með já eða nei. Það er hægt að sleppa því að svara fullyrðingum eða svara þeim síðar.

Verkfærið hjálpar þér að meta áhættustig þeirra fullyrðinga sem svarað er neitandi. Þessi atriði færast sjálfkrafa inn á aðgerðaáætlunina. OiRA býður oft upp á tillögur að úrbótum sem hægt er að velja úr. Þessar tillögur má nota að vild eða búa til nýjar. Verkfærið býr að lokum

til skýrslu með þeim tillögum sem valdar voru eða skilgreindar af notanda.

Hve langan tíma tekur þetta?

OiRA er hannað með það í huga að það sé einfalt og fljótlegt í notkun. Þú getur byrjað og hætt hvenær sem er. Hægt er að halda áfram með fyrra mat og breyta að vild.

Þarf sérstakan undirbúning?

Þú þarft engan sérstakan undirbúning til að nota OiRA verkfærið. Mikilvægt er að hafa samstarf við starfsfólk og upplýsa það um niðurstöður matsins, þar með talda aðgerðaáætlunina.

Hægt er að prenta út fullyrðingarnar sem verkfærið notar til að greina hættur í vinnuumhverfinu. Útprintunina er hægt að nota sem gátlista þegar farið er yfir vinnuumhverfið við gerð áhættumatsins.

Nánari upplýsingar á bondi.is

Áhættumatið er byggt upp á spurningum og efni úr norska heftinu „Öryggi og vinnuvernd í landbúnaði“ sem BÍ þýddu og staðfærðu og gáfu út árið 2016 í tengslum við vinnuverndarverkefnið „Búum vel – Öryggi, heilsa og umhverfi“. Mælt er með því að notendur skoði heftið sem er að finna á vefsíðu BÍ, bondi.is. Þar er jafnframt að finna tengil á rafræna áhættumatið.



Harðskafi

- Kurlarar
- Raftaklær
- Stubbafræsarar
- Greinasagir
- Kljúfar
- Jarðtætarar
- Ruddasláttuvélar
- Skógarklippur

VIÐ SENDUM Í EINUM GRÆNUM

www.hardskafi.is sala@hardskafi.is sími 896-5486

Walls 2 Paint

Skrúfa, líma og mála.
Engin grunnun.
Ekkert spartl!

Stærð plötu:
600 x 2600 x 12mm
600 x 3000 x 12mm



BYGGINGAVÖRUVERSLUN
P. ÞORGRÍMSSON & CO

Ármúli 29 108 Rvk 512-3360 korkur.is



Sveinn Margeirsson stýrir þættinum Víða ratað. Hér er hann með Freyju Þorvaldar, bónda á Grímarstöðum, í spjalli um nýsköpun og þróun í landbúnaði. Mynd / TB

Hlaðan – Hlaðvarp Bændablaðsins:

Hlaðvarpsþættir um landbúnað

Tjörvi Bjarnason

Bændablaðið hefur hleypt hlaðvarpi af stokkunum þar sem ýmsir þáttastjórnendur láta ljós sitt skína. Meðal þess sem hlustendur geta hlýtt á í Hlöðunni, en það er nafn hlaðvarpsins, eru þættir um efni og auglýsingar Bændablaðsins, nýsköpun og þróun í landbúnaði, garðrækt, landgræðslu, mat, skógrækt og lífrænan landbúnað. Fleiri þættir eru í burðarliðnum en með tíð og tíma er ætlunin að byggja upp flóru hlaðvarpsþátta um fjölbreyttar hliðar landbúnaðarins.

Hlaðvörp, sem á ensku nefnast podcast, hafa notið mikilla vinsælda á síðustu misserum og æ fleiri kjósa að hlusta á hlaðvarpsþætti við leik og störf. Hlaðvarp er í raun útvarpsþættir sem geymdir eru á netinu á svokölluðum hlaðvarpsveitum. Hægt er að sækja þætti og hlaða þeim niður í símann sinn eða í tölvuna. Kosturinn við hlaðvörp er að hlustendur hafa úr miklu úrvali að velja og geta ákveðið hvar

og hvenær þeir hlusta á sína uppáhalds hlaðvarpsþætti. Hlaðvörp eru vanalega gefin út sem hljóðskrár en geta líka innihaldið myndbönd. Hlustendur geta nálgast efni Hlöðunnar á streymisveitum um SoundCloud, Anchor, Spotify, Apple Podcasts, Breaker, Google Podcasts, Overcast, Pocket Casts, Stitcher, Castbox og RadioPublic. Þættina er að auki að finna á vef Bændablaðsins, www.bbl.is.



Vilt þú gera hlaðvarpsþátt?

Stúdíó Hlöðunnar er í Bændahöllinni á skrifstofum BÍ. Þar er viðeigandi tækniúnaður og býður Bændablaðið þáttastjórnendum þjónustu við frágang og klippingu hlaðvarpsþáttanna.

Ef að þú hefur áhuga á því að gera hlaðvarpsþátt og birta undir merkjum Hlöðunnar, þá máttu gjarnan hafa samband í netfangið tb@bondi.is.

Fylgist með Hlöðunni

Fleiri hlaðvarpsþættir munu birtast í Hlöðunni á næstu mánuðum.

Þættir í Hlöðunni



Berglind Häsler og Eygló Björk Ólafsdóttir töluðu saman um lífræna ræktun í fyrsta þætti hlaðvarpsins, Havarí.

Mynd / smh

Víða ratað

Sveinn Margeirsson, matvælafræðingur og doktor í iðnaðarverkfræði, stýrir hlaðvarpsþættinum *Víða ratað*.

Sveinn ræðir við viðmælendur sína um tækniumblytingar, nýsköpun og þróun í landbúnaði og tengdum greinum.



Hlaðvarp

Bændasamtaka Íslands

Í hlaðvarpi Bændasamtakanna er fjallað um þau mál sem eru efst á baugi innan samtakanna og hjá félagsmönnum þeirra.



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Hlaðvarp Landgræðslunnar

Landgræðslan hefur umsjón með hlaðvarpsþætti þar sem fjallað er um starfsemi stofnunarinnar og þau verkefni sem lúta að landgræðslu og margvíslegum umhverfismálum á Íslandi.



Kaupfélagið með Jóni Gnarr

Fyrirverandi borgarstjóri, rithöfundur og landskunnur skemmtikraftur Jón Gnarr er með hlaðvarpsþáttinn *Kaupfélagið* í Hlöðunni.


Í þættinum ræðir Jón um efni Bændablaðsins og gefur auglýsingunum sérstakan gaum. Jón á það til að hringja í auglýsendur og ræða við þá um landsins gagn og nauðsynjar.



Köngull - hlaðvarp

Landssamtaka skógareigenda

Landssamtök skógareigenda deila sínum hugðarefnum í þættinum *Köngull*. Hlynur Gauti Sigurðsson, framkvæmdastjóri samtakanna, fjallar um mikilvægi skóga í vistkerfinu og annan fróðleik sem á erindi við allt fag- og áhugafólk um skógrækt.



Máltíð

Í hlaðvarpsþættinum *Máltíð* er fjallað um mat og matarmenningu á Íslandi. Hafliði Halldórsson matreiðslumeistari hittir áhugaverða kokka og annað fagfólk úr matvælageiranum og skoðar matarmenninguna á veitingahúsum landsins. Hann heyrir líka í bændum, frumkvöðlum í matvæla- iðnaði og eldheitu áhugafólki um mat.



Hlaðvarp Havarí - Samtal um lífræna ræktun og framleiðslu

Berglind Häsler, eigandi Havarí í Berufirði og markaðsstjóri í Reykjavík, stýrir hlaðvarpinu *Havarí - samtali um lífræna ræktun*.

Í þáttinn fær hún góða gesti og ræðir um lífrænan landbúnað út frá ýmsum sjónarhornum.



Ræktaðu garðinn þinn

Vilmundur Hansen, garðyrkju- og grasafræðingur og blaðamaður Bændablaðsins, sér um hlaðvarpsþáttinn *Ræktaðu garðinn þinn*. Nafnið er dregið af samnefndum hópi á Facebook sem Vilmundur stofnaði á sínum tíma og gengur út á ráðgjöf og skoðanaskipti um garðyrkju og gróður.



Skeggrætt með Áskeli Þórisssyni

Áskell Þórisson skeggræðir um umhverfismál í víðu samhengi. Loftslagsmál eru mál málanna og Áskell ræðir þau í hörgul við sína viðmælendur. Áskell var fyrrum ritstjóri Bændablaðsins en starfar nú hjá Landgræðslunni.





Hjónin Reynir Þór Jónsson og Fanney Ólafsdóttir á Hurðarbaki segjast óttast að sú þróun eigi eftir að halda áfram sem verið hefur, að búum fækki og þau stækki. Mynd / HKr.

Hurðarbaksbúið í Flóahreppi skilaði mestum mjólkurafurðum eftir hverja kú 2019:

Alltaf gaman þegar vel gengur

Hörður Kristjánsson

Afurðahæsta kúabúið 2019 var Hurðarbaksbúið ehf. hjá þeim Reyni Þór Jónssyni og Fanneyju Ólafsdóttur í Flóahreppi á Suðurlandi. Hver kúr mjólkaði þar að meðaltali 8.678 kg yfir árið. Annars var mikið jafnræði meðal tíu efstu, en reyndar voru tólf bú með 8.000 kg eða meira í nyt. Að meðaltali voru tíu efstu að skila 8.321 kg.

Fanney er fædd og uppalin á bænum, en Reynir Þór er frá Selfossi. Saman eiga þau fimm börn, það yngsta að verða fimm ára og elstur er 16 ára sonur.

Foreldrar Fanneyjar, þau Ólafur Einarsson og Kristín Stefánsdóttir, búa í eldra íbúðarhúsinu á jörðinni. Þau hófu búskap á Hurðarbaki 1976 og byggðu allt upp, en jörðin hafði þá verið í eyði um skeið. Nú taka þau til hendi þegar á þarf að halda og hjálpa dóttur og tengdasyni við margt sem viðkemur búskapnum og börnunum.

„Þegar við byggðum nýja fjósið og tókum það í notkun fyrir þremur árum, þá byrj-

uðu Ólafur og Kristín að draga sig út úr búskapnum,“ segir Reynir.

„Við erum með 69 legubása í fjósinu. Það er gaman þegar vel gengur, eins og raunin hefur verið undanfarið.“

Ótrúlega hröð þróun

Hann segir reyndar magnað hvað afurðir á íslenskum kúabúum hafi aukist síðustu árin. Þegar þau hjón hafi verið í búfræðináminu á Hvanneyri 2001 hafi verið örfá bú á landinu sem komust í hærra meðalnyt en 6.000 kg. Nú sé fjöldi búa með yfir 7 og 8 þúsund lítra meðalnyt og það sé bara spurning um hvenær einhver nái



Bærinn Hurðarbak í Flóahreppi.

Mynd / HKr.

yfir 9.000 kílóin. Reynir telur þetta að stórum hluta skýrast með meiri gæðum í gróffóðuröflun. Þá sé annar þáttur sem menn hafi ekki gert mikið úr, en það er ræktunin á íslenska kúakyninu. Telur hann að kynbótastarfið hafi gengið mjög vel, allavega hvað mjólkurhæfni varðar. Einnig sé mikill munur orðinn á aðbúnaði en áður var og þar skipti lausagangan verulegu máli.

Nú sjá þau Reynir og Fanney alfarið um reksturinn og voru á síðasta ári með 54,1 ársku sem mjólkðu eins og áður sagði að meðaltali 8.678 kíló. Um mjaltirnar sér Lely-mjaltapjónn sem Reynir segir að hafi reynst mjög vel og góð þjónusta sé við hann frá umboðsaðilanum.

Framleiðsla búsinns hefur verið langt umfram greiðslumark á undanförunum árum og segja þau ljóst að til að nýta aðstöðuna betur verði þau að fara að huga að kaupum á meiri framleiðslurétti til búsinns. Þar þarf að sækja um fyrir miðjan mars en fyrsta úthlutun í hinu nýja fyrirkomulagi á viðskiptum með greiðslumark verður 1. apríl og er búist við að eftirspurnin verði mun meiri en framboðið.

Innlausnarmarkaðurinn hafði sér margt til ágætis

Bæði Reynir og Fanney eru sammála um að innlausnarmarkaðurinn sem notast var við síðustu ár, þar sem ríkið innleysti kvótann og seldi hann út aftur á sama verði, hafi verið sanngjarn fyrir alla. Allir bændur hafi setið þar við sama borð og kerfið var fyrirsjáanlegt, sem er jákvætt í svona rekstri.

„Það er allveg ljóst að kvótakerfið er að gera fólki erfiðara fyrir að hefja bú-

skap. Það er eitt að kaupa jörð, vélar og bústofn, en síðan þarf að kaupa framleiðsluréttinn líka á háu verði. Það er ekkert grín fyrir ungt fólk að glíma við, og umhugsunarefni að stórar fjárhæðir til kvótakaupa renni út úr búgreininni, sem annars gæti verið varið til uppbyggingar búanna og hagkvæmari framleiðslu-hátta.“

Óttast að búum komi til með að fækka og stækka

Þau hjón óttast að sú þróun eigi eftir að halda áfram sem verið hefur, að búum fækki og þau stækki. Ástæðan er m.a. sú að vegna reglugerða um aðbúnað verður

á næstu tíu árum að hætta rekstri í bása-fjósum og lausagöngufjós taki þá við.

„Það er ekki víst að allir leggi í að fara í slíkar framkvæmdir, sérstaklega ef það er óvissa um að yngra fólk sé tilbúið að taka við rekstrinum seinna.“

Við ákváðum að byggja fjós í þeirri stærð sem hentaði fyrir einn mjaltapjón. Hugsunin hjá okkur er sú að við reukum hér fjölskyldubú, sem útheimtir ekki meira vinnuafli en þá sem hér búa. Við ætlumst til að sú bústærð nægi til að reka okkar heimili. Það er ekki góð þróun ef framtíðin verður sú að kúabúin þurfi að velta



Reynir Þór Jónsson og Fanney Ólafsdóttir með börnunum sínum. Börnin talin frá vinstri; Sigurjón, Kristján, Lilja og Unnsteinn.

Mynd / Úr einkasafni



Foreldrar Fanneyjar, Ólafur Einarsson og Kristín Stefánsdóttir.

Mynd / Úr einkasafni

Hurðarbak merkir bær í hvarfi

Á Vísindavef Háskóla Íslands segir að nafnið Hurðarbak merki bær í hvarfi. Væntanlega þá í hvarfi frá alfaraleið. Í það minnsta sex bæir á Íslandi bera nafnið Hurðarbak. Auk þess bæjar sem hér um ræðir er það Hurðarbak í Kjósarhreppi í Kjósarsýslu, Hurðarbak í gamla Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu, sem frá 2006 tilheyrir Hvalfjarðarsveit, Hurðarbak í Reykholtssdal í Borgarfjarðarsýslu, sem tilheyrir Borgarbyggð, Hurðarbak í gamla Torfalækjarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu, sem frá 1. janúar 2006 tilheyrir Húnavatnshreppi, og Hurðarbak í Suður-Þingeyjarsýslu.

einhverjum hundruðum milljóna króna á ári til að geta framfleytt venjulegum fjölskyldum.“



Úr fjárhúsinu á Hurðarbaki.

Mynd / Úr einkasafni

Endurrækta túnin reglulega

- Nyt kúnna á bænum benda til að fódrið sé mjög gott, fenguð þið góð hey í fyrsumar?

„Það sem við höfum verið að gefa kúnum er hey af mjög nýlegum túnnum. Enda höfum við verið frekar mikið að endurrækta túnin. Þetta skiptir öllu máli held ég varðandi útkomuna. Við notum vissulega talsvert af kjaranfóðri en erum líka með kornrækt og það eykur fjölbreytnina í fóðruninni,“ segir Reynir.

Með 470 hektara grjótlausu jörð

Hurðarbak er um 470 hektarar að stærð og eru um 100 hektarar af því í rækt. Reynir segir að landið sé gott til ræktunar, að mestu leyti þurrir móar með næga jarðvegsdýpt og sama og ekkert grjót. Fanney segir að þegar nýtt land sé brotið til ræktunar geti það verið nokkuð áburðarfrekt fyrstu árin. Eftir það sé það mjög gott. Reynir tekur undir það og segir sáðgresi lifa lengi í túnunum. Þá hafi þau ekki verið í neinum vandræðum með bruna á túnnum í þurrkatíð.

Mjög heppin með hey rigningarsumarið 2018

Reynir segir að þau hafi líka verið ótrúlega heppin sumarið 2018 þegar flestir voru í miklum vandræðum út af stanslausri rigningartíð.

„Það var komið fram í júlí og þá heyjuðum við nánast allt í kýrnar á einum og



Fjölskyldan á Hurðarbaki í heyskap.

Mynd / Úr einkasafni



Sigurjón Reynisson á kornakrinum.

Mynd / Úr einkasafni

hálfum sólarhring. Grasið var ekki úr sér spröttið, enda höfðum við borðið seint á út af klaka og bleytu um vorið. Það spratt hægt í kuldanum þannig að fóðurgildið hélt sér.“

Fanney segir að við fóðrun mjólkurkúa skipti góð hey öllu máli. Þá er mikið atriði

að ná réttri samsetningu gróffóðurs og kjarnfóðurs til að kýrnar haldi góðri heilsu. Ekki síst fyrstu vikunnar eftir burð. Þegar unnið sé með mjaltþjón, eins og hjá þeim, sé byggt á ákveðnu fóðurkerfi þar sem fóðursamsetningin er stillt í takt við nyt kúnna. Þetta hafi gengið sérlega vel upp allt síðastliðið ár.

Kornrækt frá um 1990

„Það er búið að stunda kornrækt hér á jörðinni síðan upp úr 1990. Ef öll ræktunarárin eru tekin saman, þá held ég að þetta hafi bara komið fínt út að meðaltali. Síðasta ár var frábært og við vorum að fá um 6 tonn af korni af hverjum hektara. Maður heyrir að menn hafi verið að fá á bilinu 5 til 7 tonn á þessu svæði. Rigningarárið á undan var mjög lélegt, ætli við höfum ekki verið að fá um eitt til eitt og hálf tonn af hektaranum þá.“

Þau segja að kornræktin sé mikilvægur hluti af endurræktun túna og þau noti kornrækt mikið í skiptiræktun.

„Við erum aldrei með korn í sama stykkinu nema tvö ár í einu. Þetta ýtir manni því áfram í endurræktun túnanna. Kornid er þreskt upp á sturtuvagna og svo keyrt heim þar sem það er valsað og sýrt með própíónsýru áður en það er sett í geymslu. Kornid er orkumikið fóður sem hefur góð áhrif á bæði nyt kúnna og efnainnihald mjólkurinnar.“

REKSTRARVÖRUR FYRIR LANDBÚNAÐ

Nilfisk háþrýstidælur, Exide rafgeymar, olíur á vélarnar, ISO-vottaðar Evans hreinlætisvörur og Shift hreinsilögur til þrifa á gripahúsum og ýmsum landbúnaðartækjum er aðeins brot af rekstrarvörum okkar fyrir landbúnað og matvælavinnslu.



SENDUM UM LAND ALLT!

PIPARTRÉVA - SÍA



Pantanir í 515 1100 og pontun@olis.is

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sóluver **515 1100** | rekstrarland.is





Það væsir ekki um kýrnar í fjósinu á Hurðarbak.

Mynd / HKr.

Tíu efstu kúabú landsins með meðalnyt yfir 8.000 kg á árskú 2019

	Bú í árslok 2019	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
1	Hurðarbak	Reynir Þór Jónsson og Fanney Ólafsdóttir	54,1	8.678
2	Hvammur	Valgeir Jóhann Davíðsson og Ólóf María Samúelsdóttir	38,8	8.394
3	Hraunháls	Guðlaug Sigurðardóttir og Jóhannes Eyberg Ragnarsson	28,2	8.307
4	Stóru-Tjarnir	Ásvaldur Ævar Þormóðsson og Laufey Skúladóttir	54,8	8.294
5	Brúsastaðir	Gróa Margrét Lárusdóttir og Sigurður Ólafsson	47,0	8.292
6	Hóll	Karl Ingi Atlason og Erla Hrónn Sigurðardóttir	50,6	8.286
7	Kirkjulækur 2	Eggert Pálsson, Jóna Kristín Guðmundsdóttir	59,2	8.270
8	Hvanneyri	Hvanneyrarbúíð ehf.	73,8	8.262
9	Miðdalskot	Hermann Geir Karlsson og Sigrún Björg Kristinsdóttir	43,3	8.223
10	Grund	Friðrik Þórarinnsson	53,2	8.208

Heimild. RML



Það er með ólíkindum hvað kýr eru fljótar að tileinka sér tæknina og taka sjálfvirka mjaltapjóna í sátt.

Mynd / HKr.

Við munum vonandi aldrei hætta í kornrækt því hún er langoftast skemmtileg, en okkur finnst líka mikilvægt að sem mest af fóðri sé ræktað hér innanlands frekar en flutt til landsins í gámum.“

Tilraun í erturækt stóð ekki undir væntingum

Ræktun á öðrum fóðurtegundum en grasi

og korni er stunduð flest ár. „Við setjum oftast niður eitthvað af fóðurkáli og rýgresi, ýmist til sláttar eða beitar, og oft höfum við skjólsáð höfrum með grasfræi. Í fyrra prófuðum við að skjólsá ertum með grasfræi, en misstum akurinn í þurrk svo erturnar spíruðu illa og gáfu litla uppskeru. Líklega myndu þær henta betur í blautara land.“



Kýrnar voru hinar rólegustu þótt ókunnugur aðkomu- maður væri að ota að þeim myndavél. Mynd / HKr.

Á seinni árum hafa bændur verið opnari fyrir ræktun á öðrum tegundum fóðurs en flestir eru vanir. Þannig segir Reynir að næpur séu álitlegar til ræktunar og þá hafi menn verið að nýta úrkast af kartöflum sem fóður fyrir nautgripi.

„Aðalvandamálið ef við færum í slíka ræktun væri geymsluúræði. Það er ekkert mál að setja hér niður næpur og lítið mál að ná þeim upp. Þá kæmi að því að geyma uppskeruna og þar virkar líklega ekkert nema kæligeymsla.“

Með 200 fjár á fóðrum

Til viðbótar við mjólkurkýrnar eru þau hjón með um 200 fjár á fóðrum. Fjárhúsið er nýlegt, byggt 2012, og féð er á taði og gefið í gjafagrindur. Þau segja að þótt fjárbúskapurinn gefi ekki mikið í aðra hönd sé hagstætt að reka fjárbú samhliða kúabúi, góð nýting fæst t.d. á vélar og tæki og féð hreinsar upp það sem ekki nýtist nautgripum á haustin. Nokkrir nautkálfar eru í eldi, en flestir eru seldir nýfæddir á bæi innansveitar. Hrossarækt er einnig stunduð í smáum stíl. Elsti sonurinn er hestaáhugamaður og ríður mest út og Reynir líka þegar tími vinnst til. Þeir feðgar ríða svo til fjalls á haustin og smala á afrétti Flóa- og Skeiðamanna.

Víðsýnt en veðursælt

Hurðarbak stendur nokkuð hátt í landinu og er víðsýnt þaðan yfir sveitirnar í kring. Þótt bærinn standi hátt eru þau hjón sammála um að þar geti oft verið veðursælt. „Það gætir hér lítilla veðurfarslegra áhrifa frá fjöllum eða hafi, þannig að við þurfum sjaldan að hafa áhyggjur þótt spáð sé stormi.“

Tilheyrna nú Flóahreppi

Hurðarbak er í gamla Villingaholtshreppi í Árnassýslu sem nú er hluti af Flóahreppi, sem varð til við sameiningu Villingaholtshrepps, Gaulverjabæjarhrepps og Hraungerðishrepps árið 2006. Áður höfðu grunnskólar og leikskólar hreppanna



Þriggja sameinast í einn grunnskóla, Flóaskóla, sem staðsettur er á Villinga-holti og Leikskólann Krakkaborg sem staðsettur er í Þingborg.

Systkinin á Hurðarbaki hafa verið í Krakkaborg og Flóaskóla en elsti sonurinn er kominn í Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi. Börnin fara með skólabíl í Flóaskóla en hjónin keyra krakkana sjálf í leikskóla og framhaldsskóla. Þá sækja þrír elstu synirnir íþróttæfingar á Selfoss svo það er töluverður tími sem fer í ferðir fram og til baka með börnin.

„Við erum svolítið út úr og getum því lítið nýtt samkeyrslu með öðrum. Það



Reynir Þór og Fanney fyrir utan fjósið á Hurðarbaki.

Mynd / HKr.

þýðir að við erum oft að fara tvær til þrjár ferðir á Selfoss á dag,“ segir Fanney.

Reynir segir samfélagið gott í Flóahreppi. Margir hafi flutt í sveitina á síðustu árum sem hafi viljað komast út fyrir þéttbýlið. Þótt kúabúum hafi fækka-

að mikið á svæðinu síðustu áratugi, og kúabændur séu orðnir í miklum minnihluta sem starfsstétt, þá er samgangur töluverður á milli bæja.

„Okkur finnst mikilvægt og gaman að geta hitt nágretta okkar reglulega, rætt um búskap og hjálpast að þegar þarf.“

ÞEGAR ÞRIF OG SÓTTVARNIR SKIPTA MÁLI

Engin óhreinindi standast þrif með þessum hreinsi.



Myglueyðirinn hefur staðist eftirfarandi **EN staðla**:

- **EN 14476** gagnvart veirum.
- **EN 1276** gagnvart sýklum.
- **EN 13704** gagnvart gróum/sporum.
- **EN 1650** gagnvart sveppum/gerlum.
- **EN 13697** fyrir langtímavirkni.

Hreinsar og sóttgreinsar. Kjörið efni til þrifa í mjólkurhúsum og áhöldum. Hefur staðist sömu EN staðla og Myglueyðirinn.





Gunnar Þorgeirsson, garðyrkjubóndi á Ártanga.

Mynd / smh

Risastórt ylræktarver á teikniborðinu

– ræktun á tómötum, paprikum, salati og síðar meir suðrænum ávöxtum

Sigurður Már
Harðarson

Undirbúningsvinna vegna byggingar á risavöxnu ylræktarveri á Víkursandi nálægt Þorlákshöfn er í fullum gangi. Hugmyndin nú gengur út á að reisa þar gróðurhús á tíu hektara svæði en síðan verði það stækkað allt að því fimmfalt; annaðhvort á sama stað eða jafnvel á öðrum svæðum en í Ölfusinu.

Um einstakt verkefni er að ræða á Íslandi. Til samanburðar skal þess getið að heildarstærð íslenskra garðyrkjustöðva að flatarmáli er í dag undir 20 hekturum. Það heitir Paradise Farm og verður stefnt að ræktun fyrir bæði innanlandsmarkað og útflutning. Í byrjun verða ræktaðar hefðbundnar tegundir sem ræktaðar eru á Íslandi; tómatar, paprikur og salat, en síðar meir einnig suðrænar ávextir eins og papaja og mangó.

Gert ráð fyrir að undirbúningi ljúki á árinu

Í forsvari fyrir verkefnið er Gunnar Þorgeirsson, garðyrkjubóndi í Ártanga, og með honum í hópi fjárfesta er Ásdís Guðmundsdóttir. Gunnar segir að jákvæðar þreifingar séu í gangi við aðra fjárfesta en ekki sé tímabært að greina frá þeim strax í smáatriðum þótt viðræður séu langt komnar. Fjárfestar sem nú séu komnir að samningaborðinu séu frá Bandaríkjunum og Ástralíu.

Áætlanir Paradise Farm gera ráð fyrir að undirbúnings- og samningsvinnu verði lokið á þessu ári, að framkvæmdir geti hafist í lok þessa árs eða í byrjun árs 2021 og svo framleiðsla síðar á því ári. „Það hafa komið til okkar áhugasamir einstaklingar sem vilja taka þátt í verkefninu og þá hugsanlega tengja það orkuframleiðslu á öðrum svæðum en í Ölf-

usi. Þessar viðræður eru á byrjunarstigi. Mögulegt yrði að dreifa verkefninu á fleiri svæði, það er einnig til skoðunar að fara á fleiri staði en tvo,“ segir Gunnar.

Mikil orkuþörf

Að sögn Gunnars er snúnasti hluti verkefnisins að tryggja ylræktarverinu raforku – og ásættanlegt raforkuverð. „Við áætlu- um að þurfa í fyrsta fasa um 30 megavött og þegar við fórum í þessa vinnu lá ekki fyrir hvaðan við myndum geta sótt raforkuna. Á þetta svæði vantaði í raun tengipunkt sem skýtur skökku við, sé horft til þess að um 70 prósent raforku á Íslandi er framleidd á Suðurlandi.

„Meðal annars út af þessu höfum við líka opnað á möguleika fyrir að reisa hluta af gróðurhúsunum á öðrum svæðum. Við stefnum þó á að byrja í Ölfusinu og til þess að það gangi upp sýnist okkur að það þurfi að skilgreina svæðið sem orkufrekt í skipulagi fyrir lóðirnar, að þarna þurfi tengingu við raforkukerfið með mikilli raforkuþörf. Við eigum í viðræðum við sveitarstjórn um þessi má.; að annaðhvort verði svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði eða matvælaframleiðslusvæði sem þarfnast mikillar orku. Allavega þarf að koma þessu á gildandi skipulag svo mögulegt verði að þrýsta á tengingu við raforkukerfið í gegnum Landsnet.“



Víkursandur er í um þriggja kílómetra fjarlægð frá Þorlákshöfn, en svæðið er skipulagt fyrir iðnaðarlóðir. Hugmyndin er að lóðin undir ylræktarverði verði vestan við Víkursand 1, en ólokið er við endanlegt skipulag svæðisins. Mynd / Ölfus

Enginn stóriðjutaxti í boði

Gunnar segir að Paradise Farm hafi ekki boðist nein sérstök kjör á raforkunni enn sem komið er, sem þó verður á stóriðjuskala, í það minnsta hvað garðyrkjuframleiðendur snertir. „Við höfum ekki fengið nein önnur viðbrögð frá raforkuframleiðendum en fram kemur í gjaldskrár þeirra. Þó er ljóst að svokallaður stóriðjutaxti hefur ekki verið í boði nema fyrir þá stórnotendur sem eru með stöðuga raforkunotkun.

Við erum í viðræðum við orkusala um að tryggja orku fyrir verkefnið. En eitt er nú að tryggja orkuna og þá sérstaklega raforkuna – þar sem hún virðist ekki alveg liggja á lausu – og svo að koma henni á áfangastað sem er annað. Búið er að kynna Landsneti fyrirhugaða staðsetningu og er unnið í því máli þessa dagana. Við ætlum að skoða þetta betur og reyna að ná samningum um hagstæðara orkuverð.

Varðandi heita vatnið þá erum við komnir í viðræður við Veitur, en þeir eru með dreifiveitur á þessu svæði.

Við verðum stórnotendur á heitu vatni og það hefur komið til tals að nýta varmann sem við ekki notum til frekari framleiðslu. Í því sambandi hefur fiskeldi á landi verið til umræðu, þau mál eru einnig á hugmyndastigi en nauðsynlegt er að horfa til þess að nýta alla orku sem best svo sjálfbærni verði sem mest,“ segir Gunnar.

Hugsanlega ræktað í íslenskri steinull

Ljóst er að þegar kemur að ræktunaraðferðum í svo stóru ylræktarverði er að ýmsu að hyggja. Uppi eru hugmyndir um að steinullarverksmiðja verði rekin samhliða ylræktarverinu, sem myndi sjá því fyrir efniviði til þess að rækta

matjurtirnar í – en það er vel þekkt aðferð í gróðurhúsum. „Raunin er sú að öll steinull sem notuð er í ylrækt á Íslandi er innflutt. Það eru áhugasamir einstaklingar sem hafa rætt við sveitarfélagið um að reisa steinullarverksmiðju á svæðinu, þeir hafa rætt við okkur hvort ekki væru samlegðaráhrif af þess háttar rekstri. Í stuttu máli þá er það mjög áhugavert þar sem möguleiki væri á að endurvinnna alla steinull sem notuð yrði þannig að ávinningurinn er talsverður. En enn og aftur þá eru þessi mál á umræðustigi og einn möguleiki af fjölmörgum til þess að gera þetta verkefni sjálfbærara og meira virðisaukandi í öllu tilliti.

Það er með steinullina eins og margt annað sem komið hefur upp á þessari vegferð að hún er mjög góður kostur sem ræktunarefni og getur nýst í lóðrétta ræktun (vertical farming) og vatnsræktun og einnig í hefðbundna ræktun – allt eftir því hvað verður fyrir valinu. Það eru ýmsir kostir í ræktunarefnum og erum við að kanna alla þessa þætti.“

Hreinar íslenskar afurðir

Að sögn Gunnars er ein af grunnforsendum verkefnisins og verður meginsteifið í markaðssetningu að afurðirnar verða ræktaðar í hreinu íslensku vatni, án varnarefna og með grænni orku. „Þetta verður auðvitað okkar söluvara einnig, fyrir utan þær tegundir sem verða í ræktun hjá okkur. Auk þeirra tegunda sem þegar hafa verið nefndar er verið að velta fyrir sér framleiðslu á ýmsum tegundum og hvort farið verði í lóðrétta ræktun eða venjulega ræktun, ekkert af þessu er komið á hreint hvert stefnt verður í framleiðslunni annað en að það er verið að skoða alla möguleika.

Við völdum þessar tegundir vegna þess hversu vel þær bregðast við lýsingu og

hversu vænlegar þær eru í markaðslegu tilliti.

Þessar meiri framandi tegundir, eins og mangó og papaja, verða skoðaðar með tilliti til þeirra rannsókna sem hluti fjárfestanna hafa með höndum og eru að skoða með okkur. Ekkert er komið á blað með það en þetta eru tegundir sem þó er ljóst að áhugavert væri að framleiða.

Þær hafa ekki verið í framleiðslu hér á landi til að setja á markað þannig að það verður athyglisvert að þróa þetta áfram með samstarfsaðilum okkar. Varðandi tómatayrki og salattegundir þá er áætlað að hafa þar einhverja fjölbreytni.

Um 80 prósent af afurðunum á erlenda markaði

„Það verða auðvitað einhver áhrif á innanlandsmarkaðinn þegar framleiðsla okkar hefst, en ég bendi hins vegar á að samkvæmt okkar áætlunum munu um 80 prósent af framleiðslunni fara á erlenda markaði,“ segir Gunnar um möguleg áhrif á íslenska garðyrkjubændur. „Það hefur svo líka glatt okkur að sjá þessar auknu millilandasiglingar úr Þorlákshöfn, það gefur okkur enn betri möguleika. Það er farið að sigla tvisvar í viku þaðan, sem getur skipt gríðarlegu máli fyrir okkur. Við stefnum á Bretland einna helst fyrir okkar vörur, þannig að það gæti ekki passað betur.“

Gunnar nefnir eitt úrlausnarefni til í lokin, sem verið sé að vinna í. „Það hefur aðeins eitt verið að trufla okkur í þessu öllu og það er kolsýran sem þarf til ræktunarinnar. Eins og staðan er í dag þá framleiðum við á Íslandi einungis 60 til 70 prósent af þeirri kolsýru sem notuð er innanlands. En við þurfum umtalsvert magn af þessari gastegund og verðið hér heima er ekki það lægsta. Þannig að það er mál sem þarf að finna lausn á. Í dag er bara einn aðili að vinna kolsýru á Íslandi, en við höfum aðeins verið í viðræðum við HS Orku um vinnslu á kolsýru úr jarðhitaborunum þeirra á Suðurnesjunum. Það er áhugaverður möguleiki þótt hann sé kostnaðarsamur, því þetta kæmi auðvitað svona stóru verkefni mjög vel – auk þess að vera til hagsbóta fyrir aðra ylrækt á Íslandi. Það er auðvitað galið að vera að flytja hingað inn kolsýru sem er unnin með brennslu á jarðgasi í Evrópu.“



Grétar Jóhann Unnsteinsson ásamt Guðrúnu Guðmundsdóttur íþróttakennara, eiginkonu sinni.

Mynd / VH

Grétar J. Unnsteinsson, fyrrverandi skólastjóri Garðyrkjuskóla ríkisins:

„Ég hef alltaf horft til framtíðar“

Vilmundur Hansen

Grétar Jóhann Unnsteinsson, heiðursverðlaunahafi garðyrkjunnar 2019, var skólastjóri Garðyrkjuskóla ríkisins í 33 ár, frá 1966 til 1999. Grétar er sonur Unnsteins Ólafssonar, fyrsta skólastjórans að Reykjum, og Elnu Ólafsson, eiginkonu hans, og alinn upp á Reykjum í Ölfusi og staðurinn honum hjartfólginn. Hann er fæddur 1941 og á tvö ár í áttætt. Tímarit Bændablaðsins settist niður með Grétari og fór yfir feril hans við skólann.

„Ég er fæddur á Reykjum og ólst þar upp. Barnaskóla sótti ég í Hveragerði og lauk landsprófi frá miðskólanum í Hveragerði 1957. Í foreldrahúsum átti ég góða æsku, auk þess sem skólasamfélagið á Reykjum á þessum tíma var eins og eitt stórt heimili sem ég á margar og góðar minningar frá. Ég var átta sumur í sveit norður í Víðidal í Húnaþingi hjá afa mínum og ömmu og tengdist þá föðurfólki mínu sterkum böndum. Þar tók ég þátt í öllum almennum sveitastörfum sem ég

hafði mikla ánægju af. Á þeim tíma voru hestar enn notaðir til margvíslegra starfa í sveitum og þannig vaknaði áhugi minn á hestamennsku.

Sem drengur var ég einnig, að stríðinu loknu, heilt sumar hjá móðurfólki mínu á Norður-Jótlendi í Danmörku og aftur sem unglingur sumarpart. Á námsárunum í Kaupmannahöfn heimsótti ég oft fólkið mitt þarna. Afi minn og amma og móðurbræður voru bændur og verslunarmenn

og þar kynntist ég vel móðurfólki mínu og hef allar götur síðan haldið miklu og góðu sambandi við dönsku fjölskylduna.“

Garðyrkjunám í Kaupmannahöfn

„Að landsprófi loknu fór ég í Menntaskólann á Laugarvatni 1957 og varð stúdent þaðan 1961 af málbraut. Á sumrin vann ég við garðyrkjustörf á Reykjum.

Á unglingsárunum fékk ég mikinn áhuga á skák og tefldi mikið á heimaslóð, ég var í liði Hvergerðinga í hinna svokölluðu Hróskeppni sem fór fram á Suðurlandi í nokkur ár og tefldi heilmikið á námsárunum.

Eftir stúdentspróf fór ég í eitt ár í Háskóla Íslands, bjó á Gamla Garði og lauk prófi í forspjallsvísindum, auk þess sem ég lagði stund á efnafræði og fleiri námsgreinar sem undirbúning fyrir háskólanám í garðyrkju í Kaupmannahöfn.

Í ágúst 1962 sigldi ég með Gullfossi til náms við garðyrkjudeildina í Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn. Í þeirri siglingu kynntist ég Guðrúnu Guðmundsdóttur, síðar eiginkonu minni, sem var á leið til Þýskalands. Við héldum sambandi eftir það og giftum okkur 1966. Guðrún hafði í millitíðinni nýtt tímann til náms og lauk íþróttakennaraprófi frá Laugarvatni.

Garðyrkjukandídatnámið tók fjögur ár og ég útskrifaðist sem cand. hort. vorið 1966. Aðalverkefni mitt við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn fjallaði um frostþol og frostvarnir trjáa og runna og var páskahretið á Íslandi 1963 tilefni þess, en þá fór trjágróður víða mjög illa.

Eftir námið var mér boðið að taka þátt í tveggja mánaða starfsþjálfun með dönskum bekkjarfélaga mínum sem var að taka við starfi hjá dönsku garðyrkju-ráðunautabjónustunni á Fjóni.“

Afleysingakennsla og brúðkaup

Axel V. Magnússon, kennari við Garðyrkjuskólann, fékk námsleyfi skólaárið 1966 til 1967 til að kynna sér nýjungar í jarðvegsefnagreiningum fyrir garðyrkjubændur. Grétar var ráðinn til að leysa Axel af við kennslu og jarðvegsefnagreiningar í eitt ár. Grétar og Guðrún fluttu inn í Fífilbrekku, sem áður var sumarbústaður Jónasar Jónssonar frá Hriflu, en þegar þarna var komið sögu orðinn eign



Grétar hefur víðað að sér mikið af upplýsingum um Garðyrkjuskóla ríkisins og er hafsjór af fróðleik um sögu Reykja og skólans. Mynd / VH

Garðyrkjuskólans. Þar bjuggu þau fyrstu tvö árin. Grétar og Guðrún eiga þrjú börn, Fjólu, Kristínu og Unnstein, sem öll eru fjölskyldufólk og eiga þrjú börn hvert.

Faðir Grétars deyr og áform breytast

„Ég hóf störf við skólann, við jarðvegsefnagreiningarnar, sem var þjónusta við garðyrkjubændur, og hóf undirbúning fyrir kennsluna.

Á afmælisdaginn minn, laugardaginn 5. nóvember 1966, vorum við búin að bjóða gestum í síðdegiskaffi. Eftir hádegisdaginn lagðist yfir mig gríðarlegt farg svo ég gat mig nánast hvergi hrært og um þrjú leytið segi ég við Guðrúnu að við yrðum líklega að aflýsa kaffiboðinu. Stuttu síðar hringir síminn og þá er eins og farginu væri lyft af mér, ég tek upp símann og fæ þá slæmu frétt að eitthvað alvarlegt hafi gerst og faðir minn hnigið niður. Við Guðrún rukum heim til foreldra minna í skólastjórabústaðinn á Reykjum, skömmu síðar kom læknir og sjúkrahíll sem flutti föður minn til Reykjavíkur. Ég var með í bílnum. Augljóst var að mikil alvara var á ferðum, hann hafði fengið heilablóðfall og lést 22. nóvember 1966 aðeins 53 ára gamall.“

Grétar segir að hann og Guðrún hafi áttað sig á að í kjölfar andláts föður hans þyrftu þau að endurskoða framtíðaráform sín. „Ég var beðinn um að taka að mér skólastjórnina í eitt ár, sem settur skólastjóri, en hugur minn hafði aldrei staðið til þess að verða skólastjóri á Reykjum. Áform mín voru að fara í doktorsnám sem tengdist plöntusjúkdómum, búið var að samþykkja fyrirhugað nám við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn og allur undirbúningur frágenginn. Háskólinn samþykkti að ég frestaði náminu í eitt ár. Auk þess langaði okkur Guðrúnu að því loknu að dvelja erlendis um tíma við enn frekara nám og störf og ferðast um heiminn.

Þegar starfið var svo auglýst laust til umsóknar vorið 1967 var ég eindregið hvattur af málsmetandi fólki til að sækja um. Ég var mjög tvístígandi um hvað ég ætti að gera því ég vissi að þetta yrði gríðarlega mikil vinna og verkefni- in óþrjótandi. Það var því að mörgu að hyggja, ákvörðunin var ekki einföld og leggja yrði til hliðar framtíðardraumana. Niðurstaðan varð þó sú að ég sótti um og var skipaður skólastjóri frá 1. júlí 1967. Það varð því aldrei úr að ég færi í doktorsnám og ég tók í raun við skólanum



Námsferð til Þýskalands 1963. Grétar staddur á garðyrkjusýningu í Hamborg.

Myndir / Úr einkasafni.

Þegar faðir minn lést og ég nýorðinn 25 ára gamall og Guðrún 21 árs.“

Grétar tekur við Garðyrkjuskólanum

„Eftir að ég tók við skólastjórninni fór ég að huga að framtíð skólans og Reykja og skoða hver væru fyrstu verkefni. Á þeim tíma var mikilvægt verkefni í undirbúningi, sem var að lögfesta skrudgarðyrkju sem iðngrein og í framhaldi af því að gera Garðyrkjuskólann að sér iðnskóla fyrir þá starfsgrein.

Bygging nýja skólahússins hófst 1961 eftir áralanga baráttu föður míns og það

kom svo í minn hlut at sjá um framhaldið. Farnar voru ótroðnar leiðir við hönnun hússins og þar er fyrst að nefna gróðurskálann í miðju skólahússins og síðan tengingar annarra byggingarluta við hann. Plast, sem þakefni, var þá rétt að byrja að ryðja sér til rúms erlendis og þótti spennandi kostur fyrir gróðurskála. Það var valið þótt óvíst væri um endingartíma en það var alveg ljóst að það kæmi að endurnýjun þess eins og með önnur þök. Þegar ég tók við var búið að setja þakplast á gróðurskálann og fyrsta heimavistarálman hafði verið tekin í notkun. Gróðurskálinn stóð undir væntingum og nýttist vel til margvíslegra

nota. Byggingunni var áfangaskipt enda vitað að bygging skólahússins myndi taka langan tíma. En við glöddumst yfir hverjum áfanga sem náðist á næstu árum.

Framtíðarsýnin var frá upphafi sú að skólinn yrði miðstöð íslenskrar garðyrkju þar sem menntun, endurmenntun, rannsóknir og tilraunir, sem og önnur fræðslustarfsemi, væri öll á sama stað. Með því sá ég fyrir mér að hægt yrði að nýta starfskrafta og húsnaði Reykja sem best og að þessu stefndi ég allan minn starfsferil við skólann. Þessi tilhögun hafði verið samþykkt af garðyrkjubændum á fundum með Unnsteini Ólafssyni skólastjóra fyrir 1960. Þessi áfangi náðist svo endanlega árið 1998 þegar ákveðið var að koma upp garðyrkjumiðstöð að Reykjum með ráðgjafarþjónustu og skrifstofu fyrir garðyrkjusamtök og fleiri aðila sem tengjast garðyrkju í landinu.

Skipulag Reykja var mér ofarlega í huga þannig að ljóst væri hvernig haga ætti uppbyggingu á staðnum. Fyrstu tillögur að skipulagi Reykja voru unnar hjá skipulagsstjóra ríkisins undir stjórn Zóphaníasar Pálssonar um 1970. Síðar var unnin nákvæmari útfærsla skipulagsins með aðstoð teiknistofu Reynis Vilhjálmssonar, sem lögð var fyrir ráðuneytið 1982 og samþykkt af ráðherra. Ég var jafnframt beðinn um að fylgja því eftir og vinna að deiliskipulagi að landi Reykja og Garðyrkjuskólans sem var svo endanlega samþykkt 1987 af hlutaðeigandi skipulagsyfirvöldum 1988.“

Að því loknu var hægt að snúa sér betur að framkvæmdum, eins og að leggja vegi og stíga og hefja frekari útplöntun trjáa. Á næstu árum var plantað út um tíu þúsund trjám ár hvert, samkvæmt skipulagi, og er Reykjaskógur nú orðinn að myndarlegum skógi, með góðu aðgengi og göngustígum, sem sést vel af Kambabrún og blasir við þegar ekið er um Ölfusið.

Afmælishátíðir Garðyrkjuskóla ríkisins

Fyrsta hátíðarsamkoman í gróðurskála nýja skólahússins var haldin 1969 í tilefni af þrjátíu ára afmæli skólans. Næst var haldið upp á fjörutíu ára afmælið 1979 með veglegri blómasýningu í skólahúsinu og svo kom að því að halda upp á fimmtíu ára afmælið 1989 og það var gert með garðyrkjusýningu sem opin var í tíu daga.

Fyrir 50 ára afmælið var samþykkt sérstakt skipulag af heimasvæði skólans og í kringum byggingarnar. Á sama tíma var einnig tekin ákvörðun um hvaða byggingar skyldu standa og hverjar skyldu víkja.

„Ein af mínum hugmyndum var að gamla skólahúsið að Reykjum yrði varðveitt og gert að safni um sögu Reykja og Garðyrkjuskólans og upplýsingastofu um náttúru og lífríki svæðisins sem er mjög fjölbreytt. Saga Reykja er löng og merki- leg og Reykir meðal annars þekktir fyrir jarðhitann. Flóra Reykja telur á þriðja hundrað tegundir og hugmyndin var að þær fengju að vaxa áfram villtar innan Reykjatorfunnar þar sem hægt yrði að ganga að þeim og njóta. Komið yrði á fót á Reykjum villtum íslenskum flórugarði og forðast yrði að ágengar plöntur næðu rótfestu á svæðinu.

Ákveðið var að nánast allar byggingar á Reykjum skyldu standa áfram nema þrjú gróðurhús, sem voru neðan við Banana-

húsið, sem voru rifin og þar byggð ný tilraunagróðurhús. Samkvæmt því var gert ráð fyrir að síðar yrðu reist ný hús, véla- og verkfærageymslur og verknáms- hús, byggingar sem myndu falla vel inn í umhverfið.

Sem áhugamaður um sögu og varðveislu sögulegra bygginga og garða vakti það athygli mína er ég kom einu sinni í heim- sókn á garðyrkjuskóla í Bretlandi þar sem varðveitt voru gömul gróðurhús. Öllum var þeim vel viðhaldið og sýndu ákveðna þróun í byggingu gróðurhúsa í gegnum tíðina. Skólastjórinn sagði mér að þetta væri upphafið, þessi hús og þetta um- hverfi yrði varðveitt.

Bretar varðveita líka almennt vel gamla garða og byggingar, svo að til fyrirmynd- ar er. Þetta hafði ég í huga þegar við beittum okkur fyrir enduruppbyggingu garðsins Skrúðs í Dýrafirði, 1992 til 1996, og síðar er við hófum störf við endurreisn garðsins við Múlakot í Fljóts- hlíð.“



Tómatarækt við Garðyrkjuskóla ríkisins.



HVAMMSHÓLAR

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA

SITURTANKUR Í STAÐ SITURLAGNA

SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:

HÓTEL

HEILSÁRSHÚS

SUMARHÚS



GRÆNT ALLA LEIÐ

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI



+354 660 4085



SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS



Reykir í Ölfusi. Grétar segir að skipulag Reykja hafi ætíð verið honum ofarlega í huga þannig að ljóst væri hvernig haga ætti uppbyggingu á staðnum.

Mynd / Mats Wibe Lund

Grétar segir að gömlu byggingarnar á Reykjum hafi í raun geymt þróunarsögu íslenskra gróðurhúsa og að draumurinn hafi verið að þau fengju að standa og yrðu friðlýst. „Sama má segja um gamla skólahúsið sem var teiknað af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, og stóð til að gera það upp og nota sem fræðsluhús með fjölbreytta starfsemi. Mér þótti því afskaplega sárt að koma heim frá útlöndum og sjá að kveikt hafði verið í húsinu og það brennt til grunna með öllu innbúi sem brunaæfing fyrir slökkviliðið á svæðinu. Þetta var ófyrirgefanlegt skemmdarverk af hálfu nýrra skólayfirvalda og annarra sem að því verki komu.“

Grétar lét halda til haga gömlum vélum, verkfærum og tæknibúnaði sem tengdust sögu Reykja, Garðyrkuskólans og íslenskrar garðyrkju. Hugmyndin var að þetta yrði að garðyrkjutækisafni. Safni þessu var komið fyrir í gamla fjósinu á Reykjum, steinsteyptri byggingu frá 1935, sem vel hafði verið vandað til á sínum tíma og síðar vel viðhaldið. Safnið var opnað formlega á fimmtíu ára afmælinu 1989 og fékk nafnið Eylandssafn, í höfuðið á Árna G. Eylands með leyfi afkomenda hans. Safnið hafði fengið

samþykki landbúnaðarráðherra. Gömlum landbúnaðarverkfærum í eigu Grétars, úr búi afa hans og ömmu, var einnig komið fyrir í safninu og fékk það nafnið Ólafssafn.

„Mér hefur verið sagt að þessu hafi verið tvístrað, eitthvað selt og sumt farið upp á Hvanneyri,“ segir Grétar.

Annað áhugavert hús sem enn stendur og tilheyrir skólanum heitir Fífilbrekka og var eins og áður segir sumarbústaður Jónasar Jónssonar frá Hriflu. Jónas var mikill áhugamaður um Garðyrkuskólann og beitti sér fyrir því um 1930 að ríkissjóður keypti Reyki og setti þar á stofn heilsuhæli fyrir berkla sjúklinga sem starfrækt var 1931 til 1938. Þegar Garðyrkuskólinn tók til starfa 1939 á Reykjum í Ölfusi tók hann við húsakynnum berklahælisins. Fífilbrekka hefur nú verið friðlýst.

Áhersla lögð á gott viðhald og snyrtilega umgengni

„Ég lagði strax mikla áherslu á að sinna vel viðhaldi á byggingum skólans og að hafa umhverfið snyrtilegt. Góð umgengni við skólann vakti fljótlega athygli og í framhaldi af því fóru þangað að koma í

auknum mæli bæði innlendir og erlendir gestir. Ein af fyrstu opinberu heimsóknunum til skólans var núverandi Svíakonungur, þá krónprins, rétt eftir 1970. Alla mína starfstíð var mikill gestagangur á Reykjum, bæði innlendir og erlendir gestir, einstaklingar og hópar. Gestir á vegum opinberra aðila eins og Alþingis, forsetaembættisins, ráðuneyta, stofnana og félagsamtaka, sem og sjónvarpsstöðvar sem heimsóttu staðinn. Gestir voru alltaf velkomnir og það varð til þess að alltaf var mikil umferð og mikið líf á Reykjum.

Skólinn átti almennt gott samstarf við félög garðyrkjumanna og garðyrkjubænda. Gott samstarf var einnig á milli Garðyrkuskólans og bændaskólanna og Búnaðarfélags Íslands, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Landgræðslu ríkisins, Skógræktarfélag Íslands og Skógrækt ríkisins.“

Námsleyfi á Bretlandseyjum og í Þýskalandi

Skólaárið 1986 til 1987 var Grétar í námsleyfi og þar af hálfu á ári á Bretlandseyjum, við stærsta landbúnaðar- og garðyrkuskóla landsins sem heitir Merrist Wood í Surrey sunnan við London



Hugur Grétars stóð til doktorsnáms í plöntusjúkdómafræðum við Landbúnaðarháskólann en úr því varð ekki þar sem hann tók við skólastjórn 25 ára gamall.

og ekki langt frá Kew- og Wisley-görðun-um. „Þetta var stórkostlegur tími og ég ferðaðist mikið um Bretland og heimsótti marga skóla og sagði frá íslenskrari garðyrkju. Á þessum tíma var Merrist Wood að koma sér upp umhverfis- og náttúruverndarbraut við skólann, auk þess sem þeir kenndu trjáfellingar og margt fleira áhugavert sem ég sá fyrir mér að gæti orðið hluti af námsefni Garðyrkjuskólans að Reykjum. Eftir heimkomuna hóf ég undirbúning að því að koma á fót sérstakri umhverfis- og náttúruverndarbraut við skólann. Hún tók síðan til starfa 1988 og var fyrsta námsbraut á því sviði hérlendis.“

Grétar segir að meðan á dvöl hans í Bretlandi stóð hafi honum verið boðið að verja degi í grasagarðinum í Kew. „Skólastjórafrúin á Merrist Wood var bótanískur teiknari og vann ýmis verkefni fyrir Kew. Á þessum tíma var hún meðal annars að teikna nýja tegund af Hibiscus sem Roy Lancaster hafði fundið og komið með úr plöntusöfnunarferð frá Kína. Seinna kynntist ég Lancaster betur, kom á heimili hans, hann var skemmtilegur maður sem hafði frá mörgu að segja, enda hafði hann ferðast mikið og átti stóran þátt í að skipuleggja Hillier-trjáplöntusafnið.

Íslendingar hafa frá upphafi sótt mest af sinni þekkingu í garðyrkju til Norðurlandanna, og þá einkum til Danmerkur, og á þessum tíma var Bretland nánast óþlæggður akur hvað nám í garðyrkju



Tilraunir með útiræktun matjurta að Reykjum árið 1968.

varðar fyrir Íslendinga. Eftir heimkomu mína reyndi ég að breyta þessu svolítið og hjálpaði íslenskum garðyrkjunemum til styttri námsdvalar í Bretlandi og árið 1991 fór ég með nemendur og kennara Garðyrkjuskólans í námsferð til Englands.

Sumarið 1987 dvaldi ég í Þýskalandi við garðyrkjudeildir í fimm háskólum, 2 til 4 vikur á hverjum stað. Þar sótti ég fyrirlestra, kynnti mér tilraunastörf og tók þátt í náms- og skoðunarferðum, sótti garðyrkjusýningar og sagði frá Íslandi og íslenskrari garðyrkju. Þetta var mér mjög ánægjulegur og fróðlegur tími og opnaði ný tengsl.

Ég vil einnig geta þess að sumarið 1992 dvaldi ég í fræðimannsíbúð Alþingis við Jónshús í Kaupmannahöfn. Sú dvöl nýttist mjög vel til margvíslegra athugana og rannsókna.“

Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

Grétar gekk snemma í Félag norræna búvísindamanna, Nordiske jordbruksforskeres forening – NJF, og tók þátt í störfum innan garðyrkjudeildar samtakanna. „Á tífunda áratugnum var ég beðinn um að taka sæti í stjórn Íslandsdeildar NJF og fór norræn ráðstefna samtakanna fram hér á landi árið 1995. Ráðstefnan var mjög fjölsótt, þátttakendur voru um 700 og stóð hún í fimm daga. Svona ráðstefnur voru haldnar fjórða hvert ár, til skiptis á Norðurlöndunum.

Frá 1982 var ég fulltrúi Íslands í stjórn alþjóðasamtaka garðyrkjusérfræðinga, International Society for Horticultural Science, sem starfaði í um 55 löndum og er nú með höfuðstöðvar í Belgíu. Annað hvert ár voru stjórnarfundir, með framkvæmdastjórn og formönnum hinna ýmsu starfsnefnda. Fjórða hvert ár voru alþjóðlegar ráðstefnur og yfirleitt milli fjögur og fimm þúsund þátttakendur og stóðu þær yfir í um vikutíma og haldnar vítt og breitt um heiminn, til dæmis var ráðstefnan í Kyoto í Japan hreint stórkostleg.“

Grétar kom inn í stjórn International Joint Course 1985 á fundi samtakanna á Írlandi. Í þessum samtökum eru skólastjórnmendur í garðyrkju- og landbúnaðarskólum og ráðuneytismenn sem fara með menntun í garðyrkju og landbúnaði í Evrópu. Grétar var kosinn formaður á fundi samtakanna í Edinborg 1990 og síðan var ráðstefna samtakanna haldin á Íslandi 1992 með um 150 þátttakendum og stóð yfir í tíu daga.

Grétar var beðinn um að taka þátt í stofnun samtaka garðyrkju- og landbúnaðarskóla með áherslu á námsefnisgerð og nemendaskipti. Samtökin áttu einkum að ná til Norður-, Mið- og Vestur-Evrópu, Jumelage/Twinning/Partnerschaft. Grétar var kosinn í fyrstu stjórn samtakanna á fundi í Hollandi og sat í stjórninni í tíu ár en gaf svo ekki kost á sér lengur.

Námið og breyttir tímar

„Nám við Garðyrkjuskólann þróaðist í takt við tímann og nýjar reglugerðir voru gefnar út. Með tilkomu fjölbrautaskólanna voru grunnnámsgreinarnar fluttar yfir í þá og fyrst og fremst lögð áhersla á faggreinar garðyrkjunnar við Garðyrkjuskólann. Námsfernið var endurskoðað og aukið eftir því sem ástæða þótti til. Námsbrautum var fjölgað og voru sérstakir fagbrautarstjórar úr röðum kennara og sérstakar fræðslunefndir sem tilnefndar voru af fagfélögum garðyrkjunnar við hverja námsbraut.

Mikil vinna var lögð í samningu námsvísa og námskrár fyrir bóklega og verklega námið. Aðalverkefni voru tekin upp til að nemendur gætu kafað dýpra ofan í einstök áhugasvið og lært öguð vinnubrögð við samningu slíkra verkefna.

Endurmenntunarnámskeiðum var komið á og sérstakur endurmenntunarstjóri var ráðinn eftir 1990. Þessi námskeið voru vel sótt og flest starfsárin voru fræðslunámskeið, bæði á Reykjum og vítt og breitt um landið fyrir áhugafólk og þá gjarnan í samstarfi við kvenfélagssamböndin á hverjum stað,“ segir Grétar.

Um miðjan áttunda áratuginn var hafin útgáfa á Garðyrkjufréttum á lausblaðformi þar sem áhersla var lögð á að birta niðurstöður úr hinum ýmsu tilraunum og upplýsingar um nýjungar í garðyrkju. Fram að starfslokum Grétars var umsjón fréttabréfanna í hans höndum og voru gefin út um 200 fréttabréf, eða nýtt fréttabréf annan hvern mánuð að jafnaði.

Ylræktarver og tilraunir

Menn hafa af og til gælt við þá hugmynd hvort raunhæft gæti verið að byggja ylræktarver hér á landi og hefja stórræktun og útflutning á gróðurhúsaafurðum. Á áttunda áratug síðustu aldar fór olíuverð hækkandi og ráðamenn veltu fyrir sér hvort raunhæft væri að reisa hér ylræktarver. Niðurstaðan varð sú að ylræktarversnefnd var skipuð. Hafist var handa við öflun upplýsinga og leitað til erlendrar sérfræðinga og tveir menn voru sendir til Bretlands til náms og rannsókna. Síðar lækkaði olíuverð aftur og þá fór verkefnið í bið.

Grétar segir að í tengslum við þetta hafi árið 1974 verið byggt nýtt tilrauna-



Hestamennska er eitt af áhugamálum Grétars. Hér ríður hann Hófi frá Sperli í Landeyjum. Myndina tók Svend Englyst á áttunda áratugnum.

gróðurhús á Reykjum sem átti eftir að þjóna skólanum og garðyrkjunni vel næstu árin. „Þar fóru fram athuganir og tilraunir með ýmislegt af því sem íslensk garðyrkja byggir á í dag. Þar má nefna ræktunarlýsingu og heilsársæktun með hjálp lýsingar, ræktun í óvirkum ræktunarefnum, koltvísýringsgjöf, notkun innfluttra býflugna til frjóvgunar í papriku- og tómataræktun, lífrænar varnir og ýmislegt fleira.

Um 1970 settum við upp á Reykjum í samvinnu við Veðurstofu Íslands veðurathugunarstöð með fjölþættum búveðurmælingum, sem var forsenda þess að hægt væri að stunda marktækar tilraunir með útiræktun og að hægt yrði að bera þær saman við sambærilegar tilraunir annars staðar.

Margar athuganir og tilraunir voru gerðar með útiræktun grænmetis, upphitun ræktunarjarðvegs og skýling með yfirbreiðslum svo dæmi séu tekin. Fjölbreytt ræktun var bæði í gróðurhúsum og hver blettur nýttur og eins var komið upp fjölbreyttum garðagróðri í görðum skólans. Dreifðum tilraunum var komið á hjá garðyrkjubændum eftir því sem við var komið.

Í lok níunda áratugarins var farið að athuga með byggingu nýrra tilrauna-gróðurhúsa á Reykjum. Bygging nýju gróðurhúsanna hófst um miðjan tífunda áratuginn eftir mikla undirbúningsvinnu. Byggingu þeirra var að mestu lokið 1998 og húsin að fullu fjármögnuð auk þess sem búið var að festa kaup á sérhönnuðum tölvubúnaði erlendis frá til stýringar á hinum ýmsu ræktunarpáttum.“

Skrefin fram á við

Að sögn Grétars voru öll árin sem hann var skólastjóri Garðyrkjuskólans baráttu um fjárveitingar og fjármagn til framkvæmda. „Á hverju ári var farið á fund fjárlaganefndar og oftast en ekki bar það árangur. Ég ákvað að gæta þess að starfa ávallt innan ramma fjárlaga, eins og á að gera, og aldrei fékk skólinn aukafjárveitingu. Það kom fyrir að heimild fékkst til lántöku ef þannig stóð á verkum en þá var það endurgreitt af fjárveitingu næsta árs.“

Grétar segir að margt ánægjulegt hafi átt sér stað í starfi sínu sem skólastjóri Garðyrkjuskólans en hann segir líka að auðvitað hafi ekki allt verið jafn auðvelt viðureignar. „Ég gerði mér algerlega grein fyrir því að svo yrði þegar ég tók við skólanum. Stundum var tekist á um málefni og menn ekki alltaf sammála um alla hluti. Í starfi mínu lagði ég áherslu á að horfa allaf til framtíðar og stefna að því ákveðna markmiði sem var að byggja upp Reyki, Garðyrkjuskólann og efla íslenska garðyrkju á öllum sviðum hennar. Ég hef alla tíð verið mjög bjartsýnn á framtíð garðyrkjunnar enda óþrjótandi möguleikar sem felast í jarðhitnum og öðrum þeim auðlindum sem við búum við.“

Átök og starfslok

„Undir aldamótin 2000 voru komnar upp hugmyndir og umræður hjá ráðamönnum um að sameina undir einn hatt sem flestar stofnanir landbúnaðarins og þar með talið bændaskólana á Hvanneyri og á Hólum og Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi. Ég var algjörlega á móti þeirri hugmynd varðandi Garðyrkjuskólann.

Gott samstarf var á milli skólanna og verkaskipting skýr. Enginn ávinningur var að því að sameina þá undir eina stjórn. Af sameiningu Garðyrkjuskólans við Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins varð þó síðar, samkvæmt beiðni þáverandi skólustjóra Garðyrkjuskólans og skólanefndar skólans með samþykki landbúnaðarráðherra.

Í skipulagstillögum frá 1970 var lagt til að allir sumarbústaðir á Reykjum skyldu fjarlægðir og í deiliskipulaginu frá 1988 var ákveðið að svo skyldi verða. Þetta hugnaðist sumum ekki og beittu óspart áhrifum sínum við stjórnvöld svo að af þessu yrði ekki.

Ég var algjörlega á móti úthlutun lóða úr landi Reykja til einkaaðila. Úthlutun lóða undir einbýlishús á bökkum Varmár, á leigulandi úr landi Reykja, var fráleiturgjörningur. Ég var óþægur ljár í þúfu, það var mér ljóst, og hef örugglega þótt um of fastur fyrir og kröfuharður fyrir hönd Reykja og Garðyrkjuskólans.

Það er ekkert að því að hafa ólíkar skoðanir á málum og verkefnum en það var ótrúlegt að sjá þegar í ljós kom að heiðarleg breytni og önnur grunngildi siðlegrar framkomu voru höfð að engu. Það var sárt að sjá nöfn fyrrum nemenda í skólanefndinni og í kennaraliðinu taka þátt í þessari aðför.

Ég vil þakka þeim starfsmönnum sem um lengri eða skemmri tíma unnu á Reykjum og sumir allan minn starfstíma. Það er margra góðra starfsmanna og nemenda að minnast sem inntu af hendi frábær störf og sem mjög ánægjulegt var að starfa með. Það eru mjög margar góðar minningar sem koma upp í hugann þegar litið er yfir farinn veg og fyrir það er ég þakklátur.

Það kom því að starfslokum mínum sem skólustjóri um áramótin 1998/1999 samkvæmt ákvörðun þáverandi landbúnaðarráðherra, því valdið var í hans höndum. Einskis var svifist af hálfu stjórnvalda og skólanefndar. Það varð fljótt ljóst að tilgangurinn helgaði meðalið.“

Grétar segir það ákveðna lífsreynslu að vera settur til hliðar af þeim sem maður hefur lagt lífsstarf sitt í að efla og vinna fyrir, eins og hlutskipti hans varð við



Grétar J. Unnsteinsson var sæmdur heiðursverðlaunum garðyrkjunnar 2019 sem afhent voru af Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands.
Mynd / Gerður Steinþórsdóttir

starfslok. „Þá reynir á að standa með sjálfum sér og samvisku sinni og ekki gleyma því að hugsjónin og markmiðið við uppbyggingu skóla og staðar hafði náðst. Garðyrkjumiðstöð fyrir íslenska garðyrkju var orðin að veruleika við Garðyrkjuskólann á Reykjum.“

„Ég er bjartsýnn á framtíð íslenskrar garðyrkju“

Grétar segir að það sé annarra en hans að dæma hvernig hafi verið haldið á málum skólans frá því að hann lét af störfum. „Ég veit að mörgum rennur til rifja að sjá hvernig komið er fyrir Reykjastað. Viðhald og eðlileg endurnýjun hefur verið vanrækt í hartnær tvo áratugi. Ætíð skal hafa hugfast að gördum og gróðri jafnt sem og byggingum og öðrum mannanna verkum verður að viðhalda og endurnýja eftir þörfum og þar má aldrei slaka á kröfunum. Alltaf var á brattann að sækja við að afla fjár til framkvæmda. Það er ekkert nýtt. Veldur hver á heldur. Tíminn líður hratt og íslenskt veðurfar hlífir engu. Við erum að upplifa of mörg dæmi um það hvernig fer ef menn halda ekki vöku sinni og bíða alltaf eftir að aðrir dragi þá að landi og vinni verkin fyrir þá.

Ég ákvað strax sem ungur maður að tala aldrei niður það sem áunnist hafði hjá þeim sem ruddu brautina heldur byggja á þeim grunni og undirstöðum sem lagðar höfðu verið. Gera fyrst og fremst kröfur til sjálfs míns.

„Háar hallir gróðurs rísa“ kvað faðir minn í kvæði sem hann flutti við fyrstu skóla-slitin vorið 1941. Hann hefði glaðst með mér í dag hefði hann séð hverju skólinn, nemendur hans og starfsmenn hafa fengið áorkað á öllum sviðum garðyrkjunnar. Nemendur skólans hafa svo sannarlega borið skólanum gott vitni, bæði innanlands og utan, verið í fararbroddi og verið garðyrkjustéttinni til sóma.

Á árunum 1939 til 1998 stunduðu 636 nemendur nám við skólann. Fáeinir erlendir nemendur útskrifuðust einnig frá skólanum og margir erlendir garðyrkjunemar voru í verklegu námi við skólann.

Ræðum mínum lauk ég gjarnan með orðunum „Ég er bjartsýnn á framtíð íslenskrar garðyrkju“ og það hefur ekki breyst. Ekkert hefst án fórna og þrotlausrar vinnu. Hugsjónir og skýr markmið verða að marka brautina fram á við. Það er sjaldan að brautryðjendurnir njóti ávaxtanna. Það máttum við feðgar reyna. Hugsjónir og störf okkar snerust um framtíð Garðyrkjuskólans að Reykjum og garðyrkjunnar í landinu. Hugur minn og verkefni voru áfram tengd Reykjum, sögunni, skólanum og íslenskri garðyrkju.

Áhugamál mín í dag eru mörg, eins og ætíð áður, mörg tengd gróðri og ræktun, svo ekki skortir viðfangsefni, en fjölskyldan er alltaf í fyrirrúmi,“ segir Grétar J. Unnsteinsson, fyrrverandi skólustjóri Garðyrkjuskóla ríkisins.

UMHVERFISBREYTINGAR Á NORÐURSLÓÐUM



NÝ ALÞJÓÐLEG MS NÁMSBRAUT VIÐ LANDBÚNAÐARHÁSKÓLA ÍSLANDS

Vistkerfi og samfélög norðurslóða breytast með síauknum hraða. Þetta er vegna breytts loftslags, breyttrar landnýtingar, meiri ferðamannastraums, aukinna viðskipta og flutninga landa á milli sem og annarra hagrænna breytinga. Því er aukin þörf fyrir umhverfismenntaða sérfræðinga með skilning og þverfaglega getu til að fjalla um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og umhverfis norðurslóða, í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Þessi nýja alþjóðlega meistaranámsbraut (EnCHiL Nordic Master) býður upp á hágæða rannsóknatengt framhaldsnám á fræðisviði umhverfisfræða ásamt hagnýtri reynslu á Grænlandi, Íslandi og á öðrum Norðurlöndum. Námið tekur tvö ár og er 120 ECTS. Kennt er á Hvanneyri og Grænlandi ásamt a.m.k. einu misseri við Háskólann í Lundi í Svíþjóð eða Háskólann í Helsinkí í Finnlandi.

Uppsetning námsins

Allt að 20 meistaranemar eru teknir inn ár hvert. Þriðjungur þeirra byrjar við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbHÍ) en hinir við Lundarháskóla eða við Helsinkiháskóla. Allur hópurinn tekur eitt misseri saman við LbHÍ á Hvanneyri og á Grænlandi. Á öðru ári sérhæfa íslensku nemendurnir sig með eins misseris námi við Lundarháskóla eða Helsinkiháskóla og á síðasta misseri vinna þau meistara verkefni sem getur farið fram við LbHÍ, í Lundi, í Helsinkí eða við Oulu háskóla í Finnlandi. Árósháskóla í Danmörku, Landbúnaðarháskóla Eistlands eða við Umhverfisstofnun Grænlands.

Að loknu námi

Vaxandi þörf er fyrir menntaða umhverfisfræðinga með þekkingu á norðurslóðum og þeim áskorunum sem það svæði stendur frammi fyrir, bæði á Íslandi og alþjóðlega. Þörf er á aðilum sem hafa getu til að tileinka og nýta sér nýjustu rannsóknaniðurstöður í samskiptum við stefnumótendur og aðra hagaðila svo bregðast megi á réttan og sjálfbæran hátt við þeim breytingum sem nú ríða yfir.

Þessi MS gráða er hagnýtur og góður undirbúningur fyrir þverfaglegt doktorsnám í umhverfisfræðum, en ekki síður sterkur undirbúningur fyrir vinnu við stjórnsýslu tengda málefnum náttúrunýtingar og byggðamála, innanlands sem og alþjóðlega. Aukin eftirspurn er eftir sérfræðingum af einkageiranum á sviði norðurslóðafræða vegna aukinna tækifæra og áhuga á svæðinu og málaflökknum.

Útskrifaður einstaklingur mun búa yfir einstakri reynslu og þekkingu frá Íslandi og Grænlandi ásamt a.m.k. eins misseris námi við einn af sterkustu rannsóknaháskólum Norður-Evrópu á sviði norðurslóðafræða. Aðilar eru einnig undirbúin undir þverfaglega teymisvinnu í alþjóðlegu umhverfi og samvinnu.

Vilt þú hafa áhrif á framtíð norðurslóða?

**NÁNAR Á WWW.LBHI.IS
SÓTT ER UM Á WWW.ENCHIL.NET
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 15. APRÍL 2020**

Brautarstjóri er Isabel C. Barrio
Dósent og varadeildarforseti
við Landbúnaðarháskóla Íslands



SJÁLFBÆRNI - HAGSÆLD - FRAMSÆKNI

VIÐ BJÓÐUM VANDAÐ & HAGNÝTT NÁM

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL
5. JÚNÍ 2020



RÆKTUN & FÆÐA



NÁTTÚRA & SKÓGUR



SKIPULAG & HÖNNUN



VELKOMIN Í LBHÍ

Hlutverk Lbhí er að skapa og miðla þekkingu á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda, umhverfis, skipulags og matvælaframleiðslu á norðurlóðum.

Við leggjum áherslu á að efla rannsóknir, nýsköpun og kennslu með sjálfbærni, hagsæld og framsækni að leiðarljósi.

Við bjóðum góða þjónustu til nemenda í litlum skóla með mikla sérstöðu. Kannaðu málið á www.lbhi.is!

STARFSMENNTANÁM

Blómaskreytingar
Búfræði
Garð- & skógarplöntuframleiðsla
Lífræn ræktun matjurta
Skógur & náttúra
Skrúðgarðyrkja
Ylraekt

GRUNN- & FRAMHALDSNÁM

Búvísindi
Hestafræði
Náttúru- & umhverfisfræði
Skógfræði
Landslagsarkitektúr
Skipulagsfræði MS
Umhverfisbreytingar á norðurlóðum MS



Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar, hélt erindi á ráðstefnu Matvælalandsins og Landbúnaðarklasans um neyslubreytingar.

Mynd / TB

Lifandi landbúnaður er allra hagur

Erla Gunnarsdóttir

Gróskumikil starfsemi er víða innan landbúnaðar og atvinnulífs með það að markmiði að styrkja ímynd og áhuga almennt á því sem lifir og hrærist á þessum vettvangi. Nýleg dæmi Matarauðs Íslands, Landbúnaðarklasans og Matvælalandsins Íslands sýna að þörf er á að gera landbúnað og íslenska matarmenningu sýnilega úti í þjóðfélaginu en hér verður stiklað á stóru um hvað þessi ólíku verkefni hafa tekið sér fyrir hendur undanfarin ár.

Matarauður – okkur að góðu

Íslenska matarmenningin og sóknarfæri svæðisbundinna matvæla eru meðal verkefna sem Matarauður Íslands vinnur að. Verkefnið heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og hefur notið

góðs af breiðu samstarfi við grasrót og atvinnulíf.

„Á þeim 3 árum sem verkefnið hefur verið formlega starfrækt er búið að efla stöðir matar í ferðaþjónustu, styrkja aðgerðir



Framlag Matarauðs hefur einkum falist í handleiðslu, ráðgjöf og styrkjum til verkefna sem efla samfélagshagsmuni.

Mynd / Matarauður Íslands

og áhuga á nærsamfélagsneyslu, styðja við vöru- og þjónustupróun og unnið að því að tefla fram matarmenningu. Þá hefur Matarauður ýmist leitt eða komið að stefnumótunarverkefnum sem tengjast matvælum t.d. innkaupastefnu matvæla fyrir ríkisaðila. Umræða og áhugi á matvælum sem auðlind hefur breyst og ein-kennist meira af tengingu við umhverfis-vernd, gæði, menningu og tækifæri," útskýrir Brynja Laxdal, verkefnastjóri Matarauðs Íslands, og bætir við:

„Framlag Matarauðs hefur einkum falist í handleiðslu, ráðgjöf og styrkjum til verkefna sem efla samfélagshagsmuni. Okkar eigin ímynd, neysluhegðun og orðræða myndar grunninn að áfangastað eftirsóknarverðra matvæla og matarupplifunar. Til að styrkja og samhæfa innviði hefur Matarauður samið við Markaðsstofur landshluta sem miðar að því að efla nærsamfélagsneyslu, draga fram sérkenni matar og greina tækifæri til virðisaukningar í samstarfi við bændur, hótél- og veitingageirann og ferðapjónustu. Þeirri vinnu á að ljúka seint á árinu 2020.“

Unnið með matarfrumkvöðlum

„Svæðisbundinn matur í ferðapjónustu er hluti af sjálfbærri ferðapjónustu og leiðir verkefnastjóri Matarauðs samnorrænt verkefni þar sem rýnt er í áhrif loftslagsbreytinga á svæðisbundna matvælaeftirspurn og ferðahegðun í framtíðinni. Matís og Ferðaklasinn eru í verkefnastjórn en með okkur starfa fulltrúar allra Norðurlanda og njótum við enn fremur góðs af samstarfi við íslenska sérfræðinga, m.a. Bændasamtakanna. Þessari vinnu á að ljúka í lok árs 2021,“ segir Brynja og útskýrir frekar:

„Þegar horft er til mikilvægi sjálfbærrar þróunar og byggðafestu þá skipta litlu fyrirtækin og býlin máli. Unnið hefur verið með smáframleiðendum og matarfrumkvöðlum. Sem dæmi má nefna REKO, milliliðalaust sölu- og afhendingarkerfi fyrir bændur, þarfagreiningu fyrir Beint frá býli, við vorum einn af bakhjörllum í fyrsta matarhraðlinum með áherslu á afurðir bæði úr sjó og sveit, við tókum þátt í hugmyndasamkeppni Eims um nýtingu jarðvarma, studdum við undirbúning að stofnun samtaka smáframleiðenda

matvæla og vorum einn af bakhjörllum Íslandsmeistarakeppni í matarhandverki.

Fullnýting afurða og Krakkar kokka

Vefsíða Matarauðs Íslands er upplýsingaveita sem á engan sinn líkan hérlandis og er mikið heimsótt enda hugsuð sem verkfærakista.

„Við hvetjum alla til að leita fanga á síðunni og nýta sér efni hennar í eigin þágu. Nýlega bættist við tímalína um matarsögu Íslendinga frá landnámi þar sem við nutum góðs af samstarfi við Sólveigu Ólafsdóttur sagnfræðing og fljótlega verður vefsíða um matarþöruna tilbúin en aukinn áhugi almennings er fyrir að nýta þessar náttúrunytjar,“ segir Brynja og bætir við:

„Síðan eru dæmi um verkefni sem snýr að ungu kynslóðinni sem við komum að, eins og Krakkar kokka, sem Matís leiðir, þróunarverkefni á Vestfjörðum um inniræktun matjurta í grunnskólum og í samstarfi við Hótél- og matvæla skólann hefur verið staðið að vitundarvakningu

um vannýtt hráefni sem ætlað er að ýta undir áhuga framtíðarkokka á fullnýtingu afurða og kveikja undir áhuga almennings og matarfrumkvöðla. Sömuleiðis verður keyrt verkefni þar sem nemendur Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Reykjum, Hótel- og matvælskólans og Fisktækniskólans heimsækja hver annan í þeim tilgangi að auka skilning á gæðum og uppruna hráefna og mögulegri vörubróun og betri nýtingu.

Matvælalandið Ísland - samstarfs-vettvangur hagsmunaaðila

Að Matvælalandinu standa Samtök iðnaðarins, Bændasamtök Íslands, Matís, Íslandsstofa, Samtök ferðapjónustunnar, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Matarauður Íslands og Háskóli Íslands. Starfsemin hefur aðallega falist í ráðstefnuhaldi og undirbúningi þeirra.

„Matvælalandið Ísland er samstarfs-vettvangur hagsmunaaðila sem starfa innan matvælageirans. Það var árið 2012 sem hópurinn kom fyrst saman en markmiðin með samstarfinu eru að vekja athygli á og ýta undir vaxtarbrodda á matvælasviði. Matvælalandið hefur staðið fyrir árlegum ráðstefnum þar sem jafnan er fjallað um þau mál sem eru efst á baugi í matvælageiranum. Síðasta ráðstefna fjallaði um neyslubreytingar og áhrif þeirra á matvælaframleiðslu á Íslandi. Önnur þemu eru ferðapjónusta og matvælaframleiðsla, sérstaða og samkeppnisforskot og þekkingaröflun í greininni. Þá hefur hópurinn í gegnum tíðina komið málefnum matvælageirans á framfæri við stjórnvöld og fjölmiðla,“ segir Tjörvi Bjarnason sem situr í samráðshópnum fyrir hönd Bændasamtaka Íslands.

Landbúnaðarklasinn - sameiginlegur vettvangur landbúnaðar

Landbúnaðarklasinn var stofnaður 6. júní árið 2014 í Bændahöllinni í þeim tilgangi að efla umræðu um landbúnað og auka samvinnu allra aðila sem tengjast greininni. Formaður var kosinn Haraldur Benediktsson frá Bændasamtökum Íslands, aðrir í stjórn voru Einar Sigurðsson frá MS og Eva Hrund Willatzen frá Vélfangi. Samþykkt var fulltrúaráð 16 fyrirtækja og stofnana. Ári síðar hætti Haraldur í stjórn og Guðni Ágústsson varð formaður. Í dag er Finnþogi Magnússon formaður klasans.



Landbúnaðarklasinn var stofnaður 6. júní árið 2014 í þeim tilgangi að efla umræðu um landbúnað og auka samvinnu allra sem tengjast greininni. Mynd / smh

„Landbúnaðarklasinn er eini sameiginlegi vettvangurinn á Íslandi fyrir alla aðila í landbúnaði, hvort sem eru fyrirtæki, opinberar stofnanir, fræðasamfélag eða hagsmunafélög og nýtur samstarfs við aðra klasa, eins og Sjávarklasann og Ferðaklasann, sem líka eru sjálfsprottinir og reknir að mestu án opinberra styrkja. Þetta klasafyrirkomulag gerir miklar kröfur um öflugt starf og þátttöku klasafélaga sem verða að leggja sitt af mörkum til starfsins með miðlun þekkingar og upplýsinga sín á milli og þátttöku í viðburðum,“ útskýrir Berglind Hilmarsdóttir, verkefnastjóri Landbúnaðarklasans.

Félagsgjöld og sjálfboðastarf

Landbúnaðarklasinn er sjálfsprottinn klasi fyrirtækja, stofnana, fagfélaga og einstaklinga. Tekjur klasans eru eingöngu félagsgjöld. Enginn fjárstuðningur kemur frá opinberum aðilum né úr sjóðum. Stjórnin er ólaunuð og öll innkoma fer í verkefni sem klasinn tekur þátt í og stuðning við sprotastarf.

„Hér mætti nefna viðskiptahraðalinn „Til sjávar og sveita“ þar sem lítil sprotafyrirtæki, sum í burðarliðnum og önnur lengra komin, fá 10 vikna leiðsögn og þjálfun í fyrirtækjarekstri, markaðssetningu og ímyndarmótun. Riflega 70 aðilar sóttu um í síðasta hraðal en aðeins 10 eru teknir inn. Umsóknirnar voru margar framúrskarandi og valið var erfitt. Nokkur fjöldi fyrirtækja sem hefðu átt erindi í hraðalinn komust ekki að og því var einboðið að styrkja stofnun Samtaka

smáframleiðenda matvæla sem gæti orðið nytsamur vettvangur fyrir þá sem fóru ekki í hraðalinn en vildu nýta sér öflugt tengslanet og hagsmunagæslu samtakanna,“ segir Berglind.

Farvegur fyrir þekkingarmiðlun

„Styrkur Landbúnaðarklasans felst í því að vera með stórt tengslanet í litlu samfélagi sem fylgir því að búa á Íslandi. Á sama tíma og frumframleiðendum fækkar, þá spila afleidd störf, sérhæfing og þjónusta sífellt stærra hlutverk vegna áhuga, þekkingar og færni frumkvöðla hér á landi, sem sjá ótæmandi möguleika á að nýta afurðir úr öllum greinum landbúnaðar. Hlutverk klasans er að styðja við hugmyndir og sprotastarf, vera farvegur fyrir þekkingarmiðlun og styrkja tengslanet,“ útskýrir Berglind og segir jafnframt:

„Verkefnin fram undan er að fjölga félögum og styrkja tengslin við fræðasamfélag og rannsóknir ásamt því að efla tiltrú stjórnsýslustofnana á mikilvægi þess að hafa þennan fjölbreytta vettvang með stuttar boðleiðir og stuðla að samtali og samvinnu allra til að nýta sem best tækifærin í íslenskum landbúnaði. Við hyggjum á samstarf við klasa í nágrannalöndunum til að geta deilt upplýsingum og stækkað tengsl. Hlutverk klasans er að styrkja stöðu atvinnugreinarinnar sem grunnstoð í íslensku samfélagi og til að efla skilning á mikilvægi hennar á öllum sviðum samfélagsins, bæði á sviði öryggismála, lýðheilsu og sögu þjóðarinnar.“

★
★
f @landsmothestamanna

o landsmot2020 #landsmot2020

HELLA

Frá 6. júlí



til 11. júlí

Landsmót

— 2020 —

Tryggðu þér miða á **Landsmót hestamanna 2020 á Hellsu** á besta mögulega verðinu og kauptu vikupassa í forsölu á www.landsmot.is á 20% afslætti eða **aðeins 19.900 kr.**

tix | is

★
★
Forsölu lýkur 15. apríl,
sjáumst í brekkunni!
★
★



Finnar fengu Embluverðlaun í flokknum „Matur fyrir börn og ungmenni“ fyrir verkefni sem miðar að því að kenna nemendum í grunnskólum að nýta matarafganga. Lotta Elina frá Finnlandi tók Embluverðlauninum fegins hendi. Mynd / Odd Stefán

Norræn matarverðlaun:

Embluverðlaunin eru komin til að vera

Tjörvi Bjarnason

Embluverðlaunin voru afhent í annað sinn 1. júní á síðasta ári í Hörpu í Reykjavík. Þau voru fyrst veitt í Kaupmannahöfn árið 2017 en verðlaunin eru afhent þeim sem skara fram úr í norræna matvælageiranum annað hvert ár. Emblan eru matarverðlaun sem er ætlað að hampa norrænni matarmenningu og beina kastljósinu að fólkinu sem framleiðir matinn okkar. Bændasamtök allra Norðurlandanna, undir merkjum félagsskaparins NBC, standa að Embluverðlauninum en Norræna ráðherranefndin er bakhjarl þeirra.

Fyrirkomulagið er þannig að hver Norðurlandþjóð tilnefni einn fulltrúa í hverjum verðlaunaflokki. Auglýst er eftir tilnefningum í hverju landi fyrir sig og þarlend dómnafnd velur þá sem fara áfram í lokakeppnina. Alls bárust rúmlega 50 tilnefningar frá Íslandi í fyrra og 320 alls frá öllum Norðurlöndunum.



Verðlaunagripirnir voru axir með fánalitum Norðurlandanna. Mynd / TB



Barbara og Tjódhild frá Færeyjum hlutu Embluverðlaun fyrir Gimburlobini á Nólsoy í Færeyjum. Besti matar-áfangastaður Norðurlanda 2019. Mynd / Odd Stefán



Embluverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í Hörpu 1. júní 2019.

Mynd / TB

Sjö verðlaunaflokkar

Flokkarnir eru alls 7 talsins. Matvæla-iðnaðarmaður Norðurlandanna er valinn, hráefnisframleiðandi sömuleiðis og þeir sem framleiða mat fyrir marga eiga sinn verðlaunaflokk. Veitt eru verðlaun fyrir miðlun um mat, mataráfangastað, mat fyrir börn og ungmenni og fyrir frumkvöðla í matvælaframleiðslu.

Þegar kemur að því að velja sigurvegara í hverjum flokki fyrir sig hittast dómnefndir frá hverju landi og ráða ráðum sínum degi fyrir verðlaunaafhendinguna. Á meðan dómara eru að störfum nýta þeir tilnefndu tækifærið til þess að hittast, fara í kynningarferðir og taka þátt í málstofum. Embluverðlaunin voru veitt í Reykjavík á sama tíma og norrænir kokkar héldu sitt árlega þing og blandaðist hópurinn ágætlega saman. Á fjórða hundruð manns tók þátt í sameiginlegum viðburðum matreiðslumanna og fulltrúa Norðurlandanna á Embluverðlaununum.

Næst verða Embluverðlaunin veitt í Noregi

Þær þjóðir sem hreptu hnossið á síðasta ári voru Danmörk, Finnland og Færeyjar, með tvönn verðlaun hvert land. Svíar hlutu ein verðlaun en Ísland, Noregur og Álandseyjar fóru tómhent heim að þessu sinni.

Embluverðlaunin verða næst afhent í Osló í Noregi árið 2021.

Upplýsingar um sigurvegara á síðasta ári eru aðgengilegar á vefsíðunni emblafoodawards.com



Gísli Matthías Auðunsson matreiðslumaður var tilnefndur fyrir Íslands hönd í flokknum „Miðlun um mat“. Gísli er óþreytandi við að boða fagnaðarerindið um íslenskan mat og matarhefðir, bæði hér heima og á erlendri grundu.

Mynd / Úr einkasafni



Dönsku fulltrúarnir máttu vera stoltir af sínum árangri en þeir hlutu tvönn Embluverðlaun.

Mynd / Odd Stefán



Ingvar Björnsson hefur leitt vinnuna við mótun umhverfisstefnu landbúnaðarins, sem lögð verður fyrir Búnaðarþing 2020. Mynd / Aðalheiður Ingvarsdóttir

Umhverfisstefna landbúnaðarins í mótun:

Umhverfissvænni og betri búskapur

– til móts við framtíðina með sjálfbærni í farteskinu

Sigurður Már
Harðarson

Á undanfögnu ári hefur Ingvar Björnsson, bóndi á Hólabaki, leitt vinnu sem hefur haft það markmið að móta umhverfisstefnu fyrir landbúnaðinn á Íslandi til næstu tíu ára.

Ingvar segir að í kjölfar Búnaðarþings Bændasamtaka Íslands árið 2018 hafi nefnd verið skipuð til að vinna að þessari stefnu. Nú liggi fyrir drög að þessari stefnu og verður hún lögð fyrir Búnaðarþing Bændasamtaka Íslands til umfjöllunar en það verður haldið 2.–3. mars. Leiðarstef umhverfisstefnunnar eru loftslagsmál, sjálfbærni og vistheimt en þrjú samsvarandi markmið um árangur á þessum sviðum eru sett fram og aðgerðaáætlun um leiðina að þeim.

Bændur eiga að taka forystu í umræðu og aðgerðum

„Ég var skipaður formaður en auk mín sátu í nefndinni Hlynur Gauti Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka skógareigenda, Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda, Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, og Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda. Hluta starfstímans

fór Margrét í leyfi og Jóhanna María Sigmundsdóttir tók hennar stað,“ segir Ingvar um samstarfsfólk sitt í nefndinni.

„Landbúnaður byggir á nýtingu auðlinda náttúrunnar. Náttúruleg skilyrði ráða til lengri tíma mestu um afkomu þeirra sem landbúnað stunda. Því er það skylda gagnvart komandi kynslóðum að landbúnaður hverju sinni sé sjálfbær og gangi ekki á náttúruleg gæði. Bændur eiga ekki að sitja hjá heldur taka forystu í umræðu um loftslagsmál og önnur umhverfismál. Landbúnaðurinn á enn fremur að setja sér metnaðarfull markmið í umhverfismálum. Þannig getur markviss umhverfisstefna orðið hvatning til bænda að búa á umhverfissvænni hátt og taka þátt í vistbætandi verkefnum. Umhverfisstefna getur jafnframt verið tæki til jákvæðrar ímyndarsköpunar og grunnur að auknu samstarfi við stjórnvöld um loftslagsverkefni og önnur umhverfisverkefni,“ segir Ingvar um grundvöll umhverfisstefnunnar.

Loftslagsmál, sjálfbærni og vistheimt sem leiðarljós

Að sögn Ingvars var ákveðið í vinnuhópnum strax í upphafi að leiðarljós stefnunnar skyldu vera loftslagsmál, sjálfbærni og endurheimt vistkerfa. „Það er í samræmi við alþjóðlega strauma svo sem loftslagsáttmála og heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna, sem einnig hafa lýst því yfir að næsti áratugur verði helgaður endurheimt raskaðra vistkerfa. Þessir þrjú meginþæðir fléttast saman í umhverfisstefnunni og meginmarkmiðum landbúnaðarins í umhverfismálum næsta áratuginn.“

Kolefnisbinding með skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis

„Loftslagsbreytingar eru ein stærsta áskorun mannkyns og framtíð komandi kynslóða ræðst af því hvernig við bregðumst við á næstu árum. Ráðast þarf í átak í kolefnisbindingu ásamt því að draga eftir mætti úr losun gróðuhúsalofttegunda. Kolefnisbinding mun að mestu fara fram með skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis. Þarna hafa bændur margt fram að færa; landið, þekkinguna og verkfærin.“

Sjálfbær nýting lands og annarra auðlinda er lykilþáttur í umhverfisstefnu landbúnaðar. Í landnýtingarmálum eiga bændur að leiða umræðuna og stefna að því að öll landnýting til landbúnaðar sé sjálfbær til lengri tíma. Til þess að ná slíkum markmiðum getur þurft að ráðast í umfangsmikil landbótaverkefni á einhverjum svæðum og jafnvel friða önnur.

Náttúruvernd og endurheimt landgæða á að vera sjálfsagður hluti landnýtingar. Miklir möguleikar geta falist í því að vernda eða friðlýsa ákveðin svæði og endurheimta vistkerfi. Þannig geta til dæmis skógrækt og endurheimt votlendissvæða orðið aðdráttarfl í ferðaþjónustu auk þess að leggja lóð á vogarskál loftslagsverndar,“ segir Ingvar um leiðarljósin í stefnumótuninni.

Að stunda landbúnað í sátt við náttúruna

Ingvar segir að umhverfisvænir og loftslagsvænir búskaparhættir snúist fyrst og fremst um að nýta vel aðföng til búskapar og eru í fæstum tilfellum ný sannindi. „Mikilvægt er að bændur séu meðvitaðir



í umhverfisstefnunni kemur fram að kolefnisbinding muni fara fram með skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis. Skógrækt ætti að vera fyrsti kostur þegar kemur að aðgerðum til að binda kolefni. Fyrsta markmið umhverfisstefnunnar er kolefnishlutleysi landbúnaðarins árið 2030. Mynd / Hlynur Gauti Sigurðsson

um áhrif landbúnaðar á umhverfi og hvar tækifærin liggja í betri búskaparháttum.

Samkvæmt losunarbókhalda Íslands er losun vegna landbúnaðar um 600.000 tonn koldíoxíðs (CO₂) ígilda á ári. Þetta er losun sem myndast vegna beinnar starfsemi á búum og stærstu losunarvaldarnir eru innflygerjun búfjár, geymsla og notkun búfjáraburðar – auk notkunar á tilbúnum áburði. Losun vegna framleiðslu og flutnings aðfanga á borð við áburð, kjarnfóður og rúlluplast er áætluð um 100.000 tonn CO₂ ígilda svo segja má að heildarlosun landbúnaðar vegna framleiðslu afurða á býli sé um 700.000 tonn CO₂ ígilda á ári. Tækifæri til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda felast í bættri afurðasemi grípa, betri nýtingu á tilbúnum áburði og búfjáraburði, loftslagsvænni ræktunaraðferðum, betri nýtingu jarðefnaeldsneytis og orkuskiptum.“

Sjálfbær nýting beiti- og ræktunarlanda

Að sögn Ingvars er sjálfbær nýting beiti- og ræktunarlanda lykilatriði ef tryggja á framtíð landbúnaðar á Íslandi. „Tryggja þarf að nýting lands til beitar og ræktunar gangi ekki á gæði þess til framtíðar. Úrvals ræktunarland þarf að vernda og tryggja að það verði nýtt til matvælaframleiðslu. Nýting beitalanda verður undir öllum kringumstæðum að vera sjálfbær og til að svo megi verða

getur þurft að ráðast í umfangsmiklar landbætur eða jafnvel friðun viðkvæmra svæða. Landgræðsla og skógrækt eiga að vera samþættur hluti hefðbundis búskapar. Landgræðsla og skógrækt þjóna öllum meginmarkmiðum umhverfisstefnunnar; loftslagsvernd, sjálfbærni og vistheimt.

Það felast mikil tækifæri í möguleikum til orkuframleiðslu á bújörðum, til dæmis framleiðslu á lífdísil og eldivið, nýtingar hauggass og framleiðslu heimarafmagns með vatns- og vindorku. Draga má úr notkun innflutts jarðefnaeldsneytis með bættri nýtingu véla.

Með markvissri áburðarnýtingu er hægt að lágmarka umhverfisáhrif af áburðar-notkun. Markviss áburðarnotkun dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og kemur í veg fyrir útskolun úr ræktunarlandi. Rétt meðhöndlun búfjáraburðar við geymslu og dreifingu tryggir betri nýtingu áburðarefna og getur þannig dregið úr umhverfisáhrifum og dregið úr notkun á tilbúnum áburði. Leita þarf leiða til að nýta lífrænan úrgang í auknum mæli sem áburð og draga þar með úr innflutningi áburðar.

Mikilvægt er að tryggja að landbúnaðarstarfsemi valdi ekki staðbundinni mengun í ám, vötnum eða grunnvatni. Með nákvæmri áburðarnotkun er hægt að tryggja að útskolun næringarefna valdi ekki mengun. Tryggja þarf að frárennsli frá landbúnaði innihaldi ekki efni sem hættuleg eru umhverfi, svo sem lyfjaleifar, plöntuverndarvörur og þvottaefni.“

Sorpflokkun og snyrtimennska

Sorphirða og snyrtimennska eru að sögn Ingvars hluti umhverfismála. „Stefna skal að flokkun alls sorps frá landbúnaði og endurnýtingu og -vinnslu þess sorps sem hægt er að endurvinnna. Allt rúlluplast ætti að færa til endurvinnslu og stefna skal að því að draga úr plastnotkun í landbúnaði.

Mannvirki í landbúnaði (byggingar, girðingar, vegir og skurðir), ástand þeirra og umgengni um þau sem og opin svæði hafa áhrif á ímynd landbúnaðar. Hvetja þarf bændur til að huga vel að skipulagi jarða sinna, til dæmis geta vel skipulagðir skógar og skjólbelti aukið afrakstur ræktunarlands og þjónað fjölbreyttu umhverfishlutverki.

Ávallt ætti að leita leiða til að nýta aðföng til landbúnaðar sem best og forðast sóun. Hvetja þarf til heimaöflunar fódurs og hráefna til að draga úr flutningum og auka sjálfbærni og fæðuöryggi. Ólíkar búgreinar eiga að vinna að sama markmiði. Þannig getur úrgangur eða hliðarafurð einnar búgreinar orðið að hráefni eða aðföngum hjá annarri. Leita þarf leiða til að nýta næringarefni og annað hráefni sem til fellur í öðrum atvinnugreinum sem aðföng í landbúnaði og draga þannig úr umhverfisáhrifum framleiðslunnar.“

Hvert skal stefna í umhverfismálum landbúnaðar?

Ingvar segir að hjarta umhverfisstefnu landbúnaðarins séu markmiðin sem landbúnaðurinn sem heild stefni að. „Með hliðsjón af leiðarljósumum þremur eru markmiðin þannig kolefnishlutleysi, sjálfbær landnýting og vistheimt í verki,“ segir hann og gerir hér að neðan betur grein fyrir hverju markmiði fyrir sig.

Markmið 1 – kolefnishlutleysi landbúnaðar 2030

„Þetta markmið næst annars vegar með samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda og hins vegar með kolefnisbindingu þess sem upp á vantar. Fjöldmörg tækifæri eru til að draga úr losun í landbúnaði. Flest leiða þau til bættrar nýtingar hráefna og aukinnar hagkvæmni búskapar.

Með aukinni afurðasemi búfjár er hægt að viðhalda núverandi framleiðslu samhliða því að fækka búfé eða auka framleiðslu með sama búfjárfjölda. Slíkt dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda á framleidda einingu.

Með nýtingu lífræns úrgangs sem áburðar er hægt að draga úr notkun á tilbúnum áburði. Mikilvægt er að veita næringarefnastraumum sem til falla í öðrum atvinnugreinum eða sem úrgangur frá byggð (s.s. seyra og molta) inn í landbúnaðarframleiðsluna.

Með betri geymsluaðferðum og dreifingu búfjáraburðar á kjörtíma eykst áburðar nýting. Slíkt getur dregið úr notkun á tilbúnum áburði.

Með nákvæmum áburðaráætlunum og markvissri endurræktun er hægt að bæta



Annað markmið umhverfisstefnunnar er sjálfbær nýting landbúnaðarlands árið 2030.

Mynd / smh



Þriðja markmið umhverfisstefnunnar er vistheimt í verki.

Mynd / smh

áburðarnýtingu og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Með markvissri ræktun og nýtingu plantna á borð við belgjurtir er hægt að draga úr áburðarnotkun án þess að það komi niður á frjósemi jarðvegs. Einnig er hægt að nota aðferðir lífrænnar ræktunar s.s. markviss sáðskipti og grænan áburð til að byggja upp frjósemi ræktunarlands og draga úr notkun á innfluttum tilbúnum áburði.“

Orkuframleiðsla á bújörðum og kolefnisbinding

„Mikil tækifæri eru til orkuframleiðslu á bújörðum. Hauggas og viður geta nýst til varmaframleiðslu og sem eldsneyti. Vatnsorku og vindorku má víða nýta til raforkuframleiðslu og lífdísil er hægt að

vinna úr nytjajurtum. Þessar orkuuppsettur geta orðið grunnur að orkuskiptum í landbúnaði þar sem innfluttu jarðefnaeldsneyti yrði að hluta skipt út fyrir umhverfisvænni orkugjafa. Enn fremur má draga úr notkun á olíu með bættri nýtingu véla.

Miðað við að raunhæft sé að draga úr losun um 10–15 prósent með ofangreindum aðgerðum á næsta áratug þarf að binda um 600.000 tonn af CO₂ til að ná kolefnishlutleysi. Kolefnisbindingin mun fara fram með skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis.

Skógur bindur 5–20 tonn af CO₂ á hektara (ha) árlega, allt eftir tegundum og vaxtarskilyrðum. Skógrækt ætti að vera fyrsti kostur þegar kemur að aðgerðum



Til að framfylgja aðgerðaáætlun landbúnaðarins í umhverfismálum næsta áratuginn er mikilvægt að koma á grænu bókhaldi, sem heldur utan um umhverfisverkefni einstakra bænda og landbúnaðarins í heild. Mynd / Ingvar Björnsson

til að binda kolefni. Til þess að kolefnisjafna íslenskan landbúnað með skógrækt þarf að planta um 60.000 ha af blönduðum skógi á tímabilinu 2020–2030, sem samsvarar 6.000 ha á ári eða tveimur hekturum á hvert lögbýli í byggð.

Gera má ráð fyrir að landgræðsla bindi um tvö tonn CO₂ á ha á ári. Aukin landgræðsla er þjóðþrifaverk og með landgræðslu til kolefnisbindingar er jafnframt unnið að vistheimt og aukinni sjálfbærni í landnýtingu. Til að kolefnisjafna íslenskan landbúnað með landgræðslu þarf að græða upp 300.000 ha af landi á tímabilinu 2020–2030. Þetta samsvarar 30.000 ha á ári, eða um 10 ha árlega á hvert lögbýli í byggð.

Endurheimt votlendis er öflug mót-vægisáðgerð gegn kolefnislosun. Ekki er um að ræða kolefnisbindingu heldur er kolefnislosun frá framræstu landi stöðvud. Áætlað er að hektari af framræstu landi losi árlega um 20 tonn af CO₂. Ef kolefnisjafna á íslenskan landbúnað með endurheimt votlendis þarf að endurheimta 30.000 ha af votlendi á tímabilinu 2020–2030. Þetta samsvarar 3.000 ha árlega eða um einn hektara á hvert lögbýli í byggð.

Sé farin blönduð leið (til dæmis skógrækt 50 prósent, landgræðsla 30 prósent og endurheimt votlendis 20 prósent) að því takmarki að kolefnisjafna íslenskan

landbúnað árið 2030, þarf að ráðast í eftirfarandi aðgerðir á hverju lögbýli í byggð á árabílinu 2020–2030:

- planta 10 ha af blönduðum skógi
- græða upp 30 ha af rofnu landi
- endurheimta 2 ha af votlendi

Markmið 2 – sjálfbær nýting landbúnaðarlands 2030

Í umhverfisstefnunni er gert ráð fyrir að öll nýting landbúnaðarlands (beitilanda) verði sjálfbær árið 2030. Ingvar segir að helstu aðgerðir til að ná því fram verði eftirfarandi:

- Greina þarf ástand beitilanda
- Skilgreina þarf sjálfbæra nýtingu beitilanda og þróa sjálfbærnivísa fyrir beitarnýtingu.
- Ráðast þarf í stórfellda landgræðslu og landbætur
- Mögulega þarf að friða viðkvæm svæði

Gert er ráð fyrir að verkefnið GróLind, sem er samstarfsverkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Bændasamtaka Íslands, Landgræðslunnar og Landsamtaka sauðfjárbænda, muni nýttast sem grunnur til að ná þessu markmiði.

Markmið 3 – vistheimt í verki 2020–2030

Varðandi þriðja markmiðið, um vistheimt í verki næsta áratuginn, er stefnan sett á að koma á fót átakverkefni til

endurheimtar vistkerfa á lögbýlum með áherslu á:

- Endurheimt votlendissvæða
- Endurheimt gróðurs (landgræðsla á rofnu landi)
- Endurheimt birkiskóga

Ingvar segir að flest verkefni sem falli undir markmið þrjú munu væntanlega einnig þjóna markmiðum eitt og tvö.

Aðgerðaáætlun landbúnaðarins í umhverfismálum 2020–2030

„Mikilvægt er að koma á „grænu bókhaldi“ sem heldur utan um umhverfisverkefni einstakra bænda og landbúnaðarins í heild. Það er forsenda þess að hægt sé að fylgjast með árangri í umhverfismálum og meta hvort markmiðum er náð. Nærtækast er að nota jörð.is til að halda utan um kolefnisbindingu og gögn úr skýrsluhaldsgrunnum má nota til að reikna út loftslagsbókhald hvers bús. Á Bændatorgi yrði kolefnisreiknivél hvers bús og á heimasíðu BÍ yrði teljari sem sýndi heildarárangur landbúnaðarins,“ segir Ingvar um aðgerðaáætlun umhverfisstefnunnar.

„Það þarf líka að leggja áherslu á að öflug ráðgjöf sé í boði fyrir bændur til að þróa landbúnað í átt að umhverfisvænni framleiðsluáðferðum. Einnig þarf að hringa af stað átakverkefni í loftslagsvænum landbúnaði sem nær til meginþorra bænda.

Þá þarf að stórefla rannsóknir á aðferðum til að draga úr umhverfisáhrifum landbúnaðar, einkum í tengslum við loftslagsmál. Það þarf líka að efla kennslu í loftslagsvænum búskaparháttum í búfræðinámi og bjóða upp á námskeið fyrir starfandi bændur.

Þegar kemur að beinum framkvæmdum vegna kolefnisbindingar er mikilvægt að fyrir liggi skýrt aðgerðaplan. Markmiðin eru skýr og leiðin greiðfær ef vilji og fjármagn koma til. Verkefnið á að vera samstarf bænda og ríkisvalds og kostnaði þarf að deila á milli aðila. Ekki er um íþyngjandi kostnað að ræða heldur fjárfestingu í framtíðinni. Afurðir kolefnisbindingar eru nytjaskógar, frjósöm beitilönd og endurreist vistkerfi. Bændur eru tilbúnir í verkefnið en þeir þurfa stuðning stjórnvalda til að láta það verða að veruleika,“ segir Ingvar.

Grænkerum og veganistum fjölga í takt við neyslubreytingar

Erla Gunnarsdóttir

Það hefur sennilega ekki farið framhjá mörgum að svokallaður veganismi ryður sér til rúms hérlandis og sífellt fjölga í þeim hópi fólks sem aðhyllist þann lífsstíl. Grænkerar neyta engra dýraafurða og sækja alla næringu úr plönturíkinu og borða þess vegna ekki kjöt, fisk, mjólkurvörur, egg eða aðrar dýraafurðir. Það eru helst þrjár ástæður fyrir því að fólk gerist vegan, en það er af dýraverndunar-, umhverfis- og heilsufarsástæðum.

Jákvæð ímynd grænmetisæta

Samtök grænmetisæta á Íslandi voru stofnuð árið 2013 af nokkrum grænmetisætum og grænkerum. Árið 2018 sameinuðust svo Vegansamtökin og Samtök grænmetisæta undir nafninu Samtök grænkerana og í stjórn eru nú meðal annars Benjamín Sigurgeirsson formaður og Valgerður Árnadóttir varaformaður ásamt átta meðstjórnendum. Valgerður sat fyrir svörum um hlutverk samtakanna.

„Tilgangur samtakanna hefur frá byrjun verið að stuðla að jákvæðri ímynd og fjölgun grænmetisæta, standa vörð um hagnun þeirra og vinna að því að fjölga valkostum nauðsynja- og neysluvara án dýraafurða. Það má segja að upphaflegur tilgangur samtakanna hafi tekist vel til, mikið úrval er af vegan matvöru í verslunum og á veitingastöðum og grænkerum fjölga mjög hratt enda aukin vitund í samfélaginu um áhrif dýralandbúnaðar á umhverfi, heilsu og dýrin.“

Verða sjálfbærari í grænmetisframleiðslu

Valgerður segir verkefni samtakanna í dag snúast mikið um að halda viðburði eins og Veganúar, vegan festival, sýna heimildamyndir og halda málþing.

„Einnig erum við virk í að skrifa greinar, senda út álit og áskoranir, eins og til dæmis að hvetja skóla og stofnanir til að bjóða upp á grænkerafæði, að landlæknir hafi viðunandi upplýsingar um grænkerafæði á síðu sinni og í fræðsluefni og eitt af okkar aðaláherslumálum er að Ísland rækti meira af grænmeti, ávöxtum og kornmeti hér heima, en eins og flestir vita er um 90% af þessum vörum inn-



Valgerður Árnadóttir, varaformaður Samtaka grænkerana, í vetrarúlpu með gerviloðfeld en þau sem eru vegan forðast einnig að versla fatnað úr dýraafurðum.

fluttar í dag,“ útskýrir Valgerður og segir jafnframt:

„Við teljum að með aukinni áherslu stjórnvalda og menntastofnana, lækun raforku til grænmetisbænda og með aukinni áherslu með menntun og endurmenntun sé hægt að gera Ísland sjálfbært í grænmetisframleiðslu. Ef Holland, sem er hvorki með heitt vatn né endurnýjanlega orku, getur ræktað allt í gróðurhúsum þá getum við það.“

Bætist stöðugt við í hóp veganista

Þann 23. janúar síðastliðinn héldu samtökin málþing undir yfirskriftinni „grænmetisrækt, sjálfbærni og nýsköpun á Íslandi“ þar sem gestir fengu að heyra reynslusögur grænmetisbænda, álit Landverndar og Samtaka grænkerana á

málaflokknum og stefnu ólíkra stjórnmálaflokka frá þingmönnum.

„Málþingið gekk vonum framar og ánægjulegt var að sjá hve mikil þverpólitísk samstaða ríkti og að það þyrfti sannarlega að efla þennan málaflokk til muna til að uppfylla loforð okkar í loftslagsmálum, fyrir heilsu og dýralíf. Streymi frá fundinum má finna á síðunni okkar, graenkeri.is,” segir Valgerður og aðspurð um þá breytingu í hugarfari sem orðið hefur í garð veganista undanfarin ár bætir hún við:

„Við höfum séð mjög mikla breytingu, ef við tökum þann tíma sem ég hef verið grænkeri þá voru um 2.500 manns í Vegan Ísland hópnum okkar árið 2016 en nú eru um 23.000 manns í hópnum og alltaf bætist við. Það er mjög gott úrval orðið í öllum stórmörkuðum og á veitingastöðum um allt land og lítið mál að vera grænkeri á Íslandi í dag. Ég tel aukna vitund um umhverfisáhrif dýralandbúnaðar vera helsta orsök þess að fólk prófar að taka upp þennan lífsstíl eða minnkar kjötát að einhverju ráði, en svo þegar það finnur mun á heilsunni og fræðist meira um aðstæður dýra í iðnaðinum þá heldur það áfram.“

Útiræktað grænmeti tekið kipp í sölu

Gunnar Þorgeirsson, formaður Sambands garðyrkjubænda, segir sína félagsmenn greina talsverða aukningu á neyslu grænmetis og að bændur undirbúi nú aukna framleiðslu.

„Ég veit ekki hvort það er einungis vegna aukins veganisma eða bara aukinnar neyslu almennt að meira selst af grænmeti en áður. Blómkálframleiðendur upplifðu allavega mjög mikla eftirspurn í sumar og eru bændur að undirbúa aukna framleiðslu fyrir næsta sumar. Við höfum verið talsvert hugsi þegar frumvarp landbúnaðarráðherra í desember laut að því að opna fyrir innflutning meðan íslensk framleiðsla er á markaði. Sem betur fer náðum við árangri að fá að halda tollverndinni sem er lífsspursmál framleiðenda í útiræktuðum afurðum. Einnig tel ég að aukning ferðamanna til landsins hafi ekki síður áhrif á neyslumynstrið í þessum afurðum. En eins og áður segir þá eru bændur að undirbúa aukna framleiðslu á

þessu ári þar sem allt grænmeti sem er útiræktað hefur selst mjög vel. Og þá er nánast engin afurð undanskilin.“

Valda sem minnstum skaða á dýrum og umhverfi

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir, blaðamaður á DV, hefur verið vegan í tvö ár ásamt manni sínum og ala þau dóttur sína upp á því fæði. Hún segir það hafa gengið vonum framar og að stórfjölskyldan styðji þau heilshugar í þessum breytta lífsstíl.

„Það mætti segja að áhugi minn á veganisma hafi byrjað þegar ég fór að taka viðtöl í vinnunni við vegan einstaklinga og ég meira að segja tók viðtöl við vegan mömmur því mér fannst hugmyndin um að ala upp vegan barn svo áhugaverð. Á þessum tíma var ég sjálf ólétt og var þegar byrjuð að hugsa mikið meira út í heilsu og næringu en ég gerði áður. Eftir að hafa horft á nokkrar heimildamyndir tók ég ákvörðun um að þetta væri eitthvað sem ég vildi gera og hef ekki litið til baka síðan. Ég var svo heppin að maðurinn minn var með mér í þessu og við urðum vegan á sama tíma.“

Gerir sitt besta hverju sinni

Guðrún Ósk borðar ekki dýraafurðir og leitast eftir fremsta megni að útiloka og forðast hagnýtingu og ofbeldi gagnvart dýrum.

„Ég kaupir aðeins snyrtivörur og hárvörur sem eru bæði vegan og „cruelty free“. Ég kaupir skó úr gervileðri og ég fékk sængur í jólagjöf sem eru vegan. Þetta snýst um að gera sitt besta hverju sinni. Auðvitað er ekki hægt að forðast alla hagnýtingu á dýrum, því miður. En ég geri það sem ég get.“ útskýrir Guðrún Ósk og aðspurð um hvernig gangi að ala barnið sitt upp sem vegan segir hún:

„Það gengur mjög vel fyrir sig. Við erum mjög heppin með fjölskyldu en þau hafa öll sýnt okkar lífshætti mikinn skilning. Það er aldrei vesen að fara í matarboð og þegar stelpan fer í pössun þá fær hún vegan fæði hjá þeim. Síðan erum við líka mjög heppin með dagforeldra en við þurfum ekki að nesta stelpuna okkar heldur sjá þau um matinn fyrir hana. Við leiðbeindum þeim til að byrja með en svo hafa þau séð um það síðan.“

Fjölbreytt fæða

„Við erum mjög heppin með fólkið í kringum okkur þannig að ef fólk hefur hingað til haft eitthvað neikvætt að segja þá hefur það ekki sagt það við okkur. Við áttum okkur á að margir telja þetta vera „absúrd“ hugmynd að ala barn upp á vegan fæði og að við séum að gera barni okkar „mein“ með þessu. Okkur er kennt frá unga aldri að við þurfum kjöt og mjólk til að vera stór og sterk,“ segir Guðrún Ósk og bætir við:

„Stúlkan okkar hefur verið hraust frá fæðingu, borðar fjölbreytta fæðu og blómstrar með hverjum degi. Lykillinn er auðvitað að kynna sér vegan fæði mjög vel og næringarþarfir barna. Margir hugsa svo að þegar kjöt og mjólkurvörur séu teknar úr fæðu þá standi aðeins grænmeti eitt til boða. En það gleymist oft að það er til aragrúi af vegan vörum sem koma þar í staðinn. Hún fær síðan B12, D-vítamín og omega vítamín unnið úr þörungum.

Auðvitað er leiðinlegt að lesa neikvæð ummæli á netinu um veganisma og vegan foreldra þegar það eina sem við viljum gera er að valda sem minnstum skaða gegn dýrum og umhverfinu. En með hverju árinu breytist þetta hægt og bítandi og ég er mjög þakklát þeim skilningi sem við höfum mætt hingað til.“

Flytja inn helming matvæla

„Landbúnaður á Íslandi byggir eins og annars staðar á því að framleiða matvæli sem eftirspurn er eftir. Að sjálf-sögðu þurfa framleiðendur að bregðast við þegar hún eykst frá neytendum sem hafa tileinkað sér vegan lífsstíl. Á sama tíma verður því ekki neitað að Ísland hentar ekki til ræktunar á öllum matvæla nytjajurtum. Við flytjum nú þegar inn um helming þeirra matvæla sem við neytum og mér þætti það lakara ef þessi þróun verður til þess að það hlutfall hækki verulega. Ég er sannfærður um að innlendir framleiðendur munu gera það sem þeir geta til að bregðast við og vonandi gengur það vel. Við erum og verðum stolt af okkar framleiðslu og hvernig að henni er staðið, en framtíðin er fyrst og fremst undir neytendum komin,“ segir Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands.



Starfsmannafélagið Almennungur kvaddi Halldóru Ólafsdóttur með blómvendi við starfslok hennar um síðustu áramót.
Mynd / Hörður Kristjánsson

40 ár í Bændahöllinni

Vilmundur Hansen

Halldóra Þorbjörg Ólafsdóttir lét af störfum hjá Bændasamtökum Íslands um síðustu áramót en þá hafði hún starfað sem ritari í Bændahöllinni í tæp 40 ár hjá hinum ýmsu samtökum landbúnaðarins. Hún segir breytingarnar á starfsemi samtaka bænda á þessum tíma hafa verið miklar og að á sama tíma hafi hún kynnst mikið af alls konar fólki.

Halldóra, sem almennt er kölluð Dóra, er í heiminn borin í maí 1951 að Bragagötu 25 í Reykjavík og hún ólst þar upp og bjó til tvítugs. „Ég er miðbæjarmanneskja og gekk í Miðbæjar- og Lindargötuskóla og útskrifaðist sem gagnfræðingur. Sem unglingur var ég í unglingavinnunni í Reykjavík og í þá daga fékk maður að vinna allan daginn og allt sumarið, en ekki bara brot úr degi eins og krakkar í dag.

Eftir nám vann ég á Hótel Garði og fór um haustið til Englands í eitt og hálf t ár sem au-pair og vann líka á hóteli í London. Ég kom heim í lok 1969 og ég fór fljótlega að vinna í Fúsabúð sem var á horninu á Nönnugötu og Bragagötu og í Leikhúskjallaranum þar sem ég kynntist Kristni Guðmundssyni framreiðslumanni og við erum gift í dag og eigum tvö börn og fjögur barnabörn. Seinna fór ég að vinna við morgunmatinn á Hótel Holti. Árið 1972 hóf ég störf hjá Breiðholti hf.,



Dóra hefur alla tíð verið brosmild.

sem var byggingarfyrirtæki, og vann þar til 14. mars 1980 en þá hóf ég störf hjá Stéttarsambandi bænda og Framleiðsluráði landbúnaðarins í hálf t starf. Ég hef starfað í Bændahöllinni þar til um síðustu áramót, eða í rétt tæp 40 ár.“



Dóra fór að mála myndir fyrir nokkrum árum og hefur gaman af. „Ég gerði þetta aðallega til að vita hvort ég gæti málað meira en Óla prik.“ Mynd / VH

Miklar breytingar á samtökum bænda

„Til að byrja með vann ég sem ritari hálfu vinnu fyrir Stéttarsamband bænda og Framleiðsluráð landbúnaðarins. Á þeim tíma var ekki búið að byggja við Sögu og við vorum með skrifstofur á þriðju hæð gömlu byggingarinnar þar sem Bændasamtökin eru enn í dag. Stéttarsamband bænda og Framleiðsluráð landbúnaðarins fluttu inn í nýja norðurálmú á Sögu árið 1986, Lífeyrissjóðurinn var aðeins á undan, hann flutti í vesturendann. Fyrsta árið var smá flandur á aðsetri mínu en þegar við vorum komin í norðurendann var allt í góðu þannig að ég þekki húsnæðið vel.“

Dóra segir að breytingar á samtökum bænda hafi verið miklar frá því að hún hóf störf. „Bændasamtök Íslands sem slík voru ekki til en starfsemin skiptist í Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda og Framleiðsluráð landbúnaðarins.“

Þegar Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda sameinuðust 1995 í Bændasamtök Íslands fylgdi ég með. Árið 1999 kom svo Framleiðsluráð landbúnaðarins inn í Bændasamtökin.“

Sómafólk og kynlegir kvistir

Dóra segist hafa kynnst mörgu góðu og sérkennilegu fólki í gegnum ævina og í vinnu sinni fyrir samtök bænda. „Það voru eingöngu karlar sem sátu í stjórnrum samtakanna til að byrja með og margir þeirra skemmtilegir en aðrir erfiðari, eins og gengur.“

Jónas Jónasson var búnaðarmálastjóri þegar ég byrjaði. Eftir að Stéttarsam-



Halldóra Ólafsdóttir og Kristinn Guðmundsson ásamt börnum sínum og barnabörnum.

band bænda og Búnaðarfélag Íslands sameinuðust 1995 varð titillinn búnaðarmálastjóri lagður niður og framkvæmdastjóri tekinn upp og ég titluð ritari formanns og framkvæmdastjóra BÍ.

Áður en Stéttarsambandið og Búnaðarfélagið sameinuðust var á hverju ári haldið Búnaðarþing fyrir Búnaðarfélag Íslands og aðalfundur fyrir Stéttarsamband bænda. Búnaðarþing var alltaf haldið í Bændahöllinni því bændur eiga Höllina en aðalfundur Stéttarsambandsins haldnir

úti á landi. Ætli ástæða þess hafi ekki verið sú að þá sætu fulltrúarnir fundinn en væru ekki í útréttingum fyrir búið eða sinna öðrum erindum á meðan.

Fyrsti aðalfundur minn hjá Stéttarsambandinu var á Kirkjubæjarklaustri 1980. Kiddi, maðurinn minn, kom austur með börnin, Völu og Guðmund Inga, og þeim var boðið að borða með okkur og fulltrúum fundarins á hótelinu og ég man að Guðmundi Inga fannst asnalegt að á hóteli væri boðið upp á fisk og kartöflur



Halldóra ásamt Eiríki Helgasyni, fyrrverandi auglýsingastjóra Bændablaðsins, að setja saman húsgögn árið 1990.

Mynd / Árni Snæbjörnsson



Dóru féll aldrei verk úr hendi. Frá fundi Stéttarsambands bænda 1980.

með skræli. Þarna var á ferðinni nýveidd bleikja og nýuppteknar kartöflur.

Þá þurfti ég að vélrita allar tillögur og greinargerðir og svo voru þær brenndar á sprittstensil og fjölfaldaðar í fjölrítun-
arvél eða með kalkipappír og ef einhverju var breytt þurfti að vinna allt upp aftur.

Á þeim tíma handrituðu nánast allir sitt efni og sem ritari vélritaði ég upp og eins og skiljanlegt er var rithöndin misgóð þrátt fyrir að maður færi að skilja hana furðu fljótt. Fyrsta tölva Stéttarsambands bænda kom 1985 og þá hafði ég hana með mér á aðalfund sambandsins og það þótti talsverð nýlunda. Seinna um árið náði ég að hreinsa nær allt út af aðaldrifi tölvunnar en það bjargaðist þrátt fyrir að það þurfti að slá slatta inn aftur.

Annað sem ég man vel eftir frá þessum fundum var að þrátt fyrir að fundarmenn væri allt karlar, fyrstu árin, og mikil reglu-
festa í öllu, þá komu konurnar oft með fulltrúunum og sátu úti í sal og þrjónuðu



Halldór Þórðarson, bóndi á Laugarlandi við Djúp, var fulltrúi á aðalfundi Stéttarsambands bænda 1992. „Halldór, litli Björn frá Lóngumýri og Gústaf í Sauðanesi fóru fram á kjöt í öll mál á aðalfundum. Ég útbjó fyrir þá svokallað græna kortið sem þeir ávísuðu til fólks í eldhúsum á fundarstöðum, sem á stóð að þeir yrðu að fá kjöt í matinn, annars myndu þeir stofna fundinum í hættu.“



Halldóra á tölvunámskeiði 1988.



Það þótti talsverð nýlunda árið 1985 að notuð var tölva til ritvinnslu á aðalfundi Stéttarsambandsins.



Haldóra ásamt Kristni Guðmundssyni, eiginmanni sínum.



„Stéttarsamband bænda, góðan daginn.“ Mynd frá 1988.



Á skrifstofunni á tíunda áratugnum.



Dóra og blómin.

Myndir / Úr einkasafni.

eða saumuðu hvert stykkið af öðru. Þessi sýn var dásamleg.“

Félagslífið í Höllinni

„Félagslífið á þessum árum var oft líflegt og árhátíðirnar og þorablótin skemmtileg og fólkinu í starfsmannafélaginu fjölgaði við sameiningu félaga í Bændasamtök Íslands. Í fyrstu var sameiginlegt starfsmannafélag fyrir Stéttarsamband bænda, Framleiðsluráð landbúnaðarins og Lífeyrissjóð bænda, sem kallaðist Menningarfélag norðurendans, eða MENO, en ég veit ekki hvernig þessu var háttað hjá Búnaðarfélaginu.

Stéttarsamband bænda átti fjögur sumarhús í Grímsnesi og MENO það fimmta. Stéttarsambandið gaf félaginu lóðina, Framleiðsluráð gaf húsið og Lífeyrissjóður bænda innbúið.“

Dóra var formaður MENO í nokkuð mörg ár. Hún segir að eftir sameininguna hafi öll sumarhúsin verið seld á ótrúlega lágu verði. „Við sem vorum í félaginu fengum ekki tækifæri til að bjóða í húsin og satt best að segja er ég sár yfir því enn í dag.“

Góðar minningar úr starfinu

Dóra segist minnst árána í Bændahöllinni með hlýhug. „Þetta var starfið mitt og mér þykir vænt um alla sem ég kynntist og vann með í þessi 40 ár.

Ég er ekki alveg búin að venjast því að vera ekki að vinna en ég tók upp á því að mála mér til skemmtunar fyrir nokkrum árum og kannski dunda ég við það eða finn mér eitthvað annað að gera, því ekki nenni ég að sitja og gera ekki neitt.“



Atmonia

Towards a sustainable future



Guðbjörg Rist er framkvæmdastjóri Atmonia.

Mynd / smh

Nýsköpunarfyrirtækið Atmonia vinnur að þróun á einstökum tækjabúnaði:

Bændur framleiði sjálfir sinn nituráburð

– úr vatni, lofti og rafmagni og fullkomlega umhverfisvænt

Sigurður Már
Harðarson

Í húsakynnum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er unnið að frumkvöðlaverkefni sem gengur út á að þróa lítinn tækjabúnað sem hver og einn bóndi gæti haft heima á bæ og notað til framleiðslu á ammoníaki, einungis með vatni, lofti og rafmagni, sem síðan er hægt að nota beint sem nituráburð eða blanda saman við önnur næringarefni.

Guðbjörg Rist er framkvæmdastjóri Atmonia og segir hún að stefnt sé á að frumgerð tækjabúnaðarins verði tilbúin á næsta ári. „Þetta verður fyrsti tækjabúnaður sinnar tegundar í heiminum og við stefnum á að setja hann á heimsmarkað, fyrst í Evrópu og Bandaríkjunum þar sem vatnsleysi ammoníak er nú þegar vel þekktur áburður. Þá sjáum við mikil tækifæri í því að tækni verði nýtt á svæðum þar sem lítt eða enginn aðgangur er að áburði, til dæmis sunnan Sahara og hjá fátækum eyríkjum.“

Byrjaði sem rannsóknarverkefni í efnaverkefni

Atmonia byrjaði upphaflega sem rannsóknarverkefni hjá Agli Skúlasyni, prófessor í efnaverkefni við Háskóla Íslands, árið 2012. Þá var um að ræða fræðilega útreikninga og hermun á efnavörpum, til að leita uppi hvata til ammoníaksframleiðslu. Þegar sú vinna skilaði góðum niðurstöðum hófust tilraunir í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Það var svo 2016 sem stofnendurnir tóku þátt í Startup Energy Reykjavík hraðlin-



Mynd frá gömlu áburðarverksmiðjunni í Gufunesi þar sem Haber-Bosch-aðferðinni var beitt. Ferlið er mjög flókið og þurfti háan hita og þrýsting til framleiðslunnar. Til þess að slíkar verksmiðjur séu hagkvæmar þurfa þær því að vera risastórar.

um. Þar var viðskiptahugmyndin mótuð og fyrirtækið formlega stofnað í kjölfarið. Fyrirtækið hlaut Gulleggið, í frumkvöðla-keppni Icelandic Startups árið 2017.

Atmonia hefur haft aðstöðu hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands í Árleyni frá stofnun. Nú starfa þar fimm starfsmenn Atmonia í fullu starfi við þróunina, en alls koma sex starfsmenn að verkefninu. „Sú aðstaða, aðgengi að tæki tólum – og ekki síst sérfræðingum – hefur skipt sköpum,“ segir Guðbjörg. „Þegar um er að ræða svo flókna rannsóknarvinnu eins og Atmonia einblínir á, þá væri mjög kostnaðarsamt að koma upp öllum tækjum frá grunni strax í upphafi – þá er óvíst með að vinnan hefði komist langt af hugmynda-stiginu. Það er því algjör grundvöllur fyrir slíkri tækniuppbyggingu að sprotafyrirtæki hafi aðgang að aðstöðu og tækjum á hóflegu verði.“

Aukin umsvif

Guðbjörg hóf störf hjá Atmonia 2018, þá yfir viðskiptaþróun fyrirtækisins. „Á seinni hluta síðasta árs voru gerðar breytingar með auknum umsvifum og fleira starfsfólki. Helga Dögg Flosadóttir, sem hafði



gegnt stöðu framkvæmdastjóra og er einn af stofnendum Atmonia, gat einbeitt sér að rannsóknar- og þróunarvinnunni þegar Guðbjörg tók við stöðunni af henni.

„Ég lærði framleiðsluverkfræði í Svíþjóð og vann um tíma hjá Prómens í Evrópu. Eftir að ég flutti aftur til Íslands vann ég bæði hjá sprotavefnum Northstack og í hugbúnaðarþróun Arion banka. Þess má líka til gamans geta að ég er ættuð úr Fljótunum í Skagafirði þar sem föðurbróðir minn rekur eitt stærsta fjárbú landins, á Brúnastöðum,“ segir Guðbjörg.



James, garðyrkjufræðinemi sem sér um tilraunir Atmonia í ylraekt, er hér við störf. Guðbjörg segir að hafin sé samvinna við Landbúnaðarháskólann varðandi tilraunir á notkun á áburði þeirra í ylraekt. Ákveðið var að byrja á tilraunum með basiliku þar sem þær eru fljótsprottnar.

Mynd / Atmonia

Umhverfisvænt framleiðsluferli

Framleiðsluaðferð Atmonia á ammoníaki er, að sögn Guðbjargar, í grundvallaratriðum frábrugðin hefðbundinni áburðarframleiðslu. Um algjörlega nýja leið er að ræða þar sem ammoníakið verður framleitt í rafefnafræðilegu kerfi – fullkomlega umhverfisvænu – í stað hins orkufreka og mengandi svokallaðs Haber-Bosch-ferils sem á sér stað í stórum áburðarverksmiðjum.

Tækið sem við erum að þróa er rafefnafræðilegt kerfi, sem tekur inn vatn, loft og rafmagn og býr til ammoníak og súrefni. Ammoníakið er í vatnslausn sem hægt er að nota beint sem nituráburð eða blanda frekar við önnur nauðsynleg efni, eins og til dæmis fosfat, kalí og súlfat.

Þetta er í raun algjörlega ný leið til að framleiða ammoníak. Haber-Bosch-aðferðin hefur auðvitað valdið byltingu í landbúnaði og við gerum ekki lítið úr henni,“ segir Guðbjörg.

Höfundarnir, sem gamla aðferðin er kennd við, fengu enda Nóbelsverðlaunin í efnafræði fyrir sitt framlag. Það verður hins vegar ekki hjá því lítið að það er barn síns tíma, hundrað ára gamalt iðnaðar-efnaferli eins og þau gerast stærst og sötugust. Jarðgas er notað í framleiðsluferlinu og fyrir hvert tonn af ammoníaki sem framleitt er myndast tvö tonn af koltvíoxíð.



Teymið á bak við Atmonia.

Mynd / smh

Framtíðin í áburðarframleiðslu

Guðbjörg segir að kostir Atmonia-ferilsins séu fjölmargir umfram hina gömlu aðferð. „Fyrir það fyrsta má segja að framleiðslan dreifist um þau svæði sem hennar er þörf. Þannig minnka flutningar með tilbúinn áburð, en fyrsta kerfið sem er á teiknborðinu er áætlað að hafa um tíu tonna framleiðslugetu á ári. Síðan eru það umhverfispættirnir; kerfið tekur bara inn loft, vatn og rafmagn og getur því verið staðsett hvar sem er í heiminum. Enginn útblástur er af ferlinu og súrefni eina hliðarafurðin.

Kerfið er einfalt og keyrir við herbergishita og -þrýsting, sem gerir það að verkum að það er hægt að framleiða mjög smáar einingar sem samt eru hagkvæmar.

Kerfið þolir líka stopula keyrslu; það er hægt að kveikja og slökkva á því eftir þörfum. Það getur því vel nýtt sér umframrafmagn og rafmagn frá endurnýjanlegum orkujöfum, eins og sól og vind, sem eru stopulir í eðli sínu,” segir Guðbjörg.

Til samanburðar nefnir Guðbjörg að Haber-Bosch-aðferðin notist við gas eða kol í sínu framleiðsluferli. Það sé mjög flókið og þurfi háan hita og þrýsting. Til þess að verksmiðjurnar séu hagkvæmar þurfa þær því að vera risastórar. Þá þurfi þær að ganga allan sólarhringinn vegna þess hversu kostnaðarsamt er að slökkva og kveikja á kerfinu.

Frumgerðin í prófun

Guðbjörg segir að tækjabúnaðurinn sé ekki alveg tilbúinn. „Við erum núna í óða önn að setja saman og hefja prófanir á



Atmonia-ferlið.

Mynd / Atmonia

frumgerðinni. Samhliða því er líka áframhaldandi þróun og rannsóknir á hvatanum sem við notum í ferlinu, til að auka skilvirkni hans.

Þetta er eina tækni sinnar tegundar í heiminum í dag, þótt vissulega séu margir aðrir rannsóknarhópar að vinna að svipaðri þróun. Engum hefur þó tekist hingað til að hanna framleiðsluferli sem er allt í senn; losar ekki koltvísýring, er raunhæft á smáskala og á samkeppnishæfu verði.

Það umhverfsvæna ammoníak sem til er í dag er framleitt með því að rafgreina vetni fyrst og nýta það svo inn í Haber-Bosch ferlið í stað gass. Það hefur þó ekki reynst hagkvæmt hingað til og þarf enn þá að huga að mörgum vanköntum þess ferlis,” segir Guðbjörg.

Almenn sala árið 2022

En hver verða raunveruleg áhrif þess að slíkt tæki verður sett á markað? „Fyrst um sinn verður fókusinn settur á ræktun og landsvæði sem geta nýtt sér beint ammoníakvökva sem áburð. Síðan verður varan þróuð frekar til að markaðssetja í raun fyrir alla ræktun. Fyrsti markaður verður því í Evrópu og Bandaríkjunum, þar sem slíkur vatnsleysanlegur áburður er vel þekktur.

Tækniþróun eins og okkar er langhlaup og hafa fjárfestar fyrirtækisins mikinn



Guðbjörg segir að sýn Atmonia sé að vörur þeirra verði settar í almenna sölu árið 2022, en að öllum líkindum mun það taka einhver misseri fyrir fyrirtækið að skila hagnaði eftir það. Stefnt sé inn á stækkandi markað, sem í dag er metinn á um 110 milljarða dollara á ári.

Mynd / smh

skilning á því. Frá upphafi hefur verkefnið og fyrirtækið fengið fjölda styrkja, sérstaklega sem snúa að grunnrannsóknnum. Nýverið tryggðum við utanaðkomandi fjárfestingu, en það er fjárfestingafélagið Eyrir Ventures og hópur sérhæfðra landbúnaðarfjárfesta frá Kanada sem komu að því.

Við sjáum fyrir okkur að setja vörur í almenna sölu árið 2022, en að öllum líkindum mun það taka einhver misseri fyrir fyrirtækið að skila hagnaði eftir það. Við erum þó að fara inn á stækkandi markað, sem í dag er metinn á um 110 milljarða dollara á ári – það er því til mikils að vinna.


Eins höfum við mikinn áhuga á að taka þátt í að koma ammoníaki í notkun og framleiðslu sem eldsneyti, en stór skipafélög á borð við Maersk hafa lýst yfir áhuga á að skipta öllum sínum skipaflota yfir í ammoníak. Ef slík þróun mun eiga sér stað er gert ráð fyrir að ammoníaksmarkaðurinn muni tífoldast á komandi áratugum,” segir Guðbjörg bjartsýn að lokum.



Arnarstapi. Mynd / HKr.

Við treystum á íslenskan landbúnað

Íslenskur landbúnaður er mikilvægur fyrir fæðuframleiðslu þjóðarinnar og atvinnulíf í landinu öllu.



Landgræðslan



VOR VERNDUN
OGRÆKTUN



Samband íslenskra
loðdýrabænda
Icelandic Fur breeders Association



Landssamtök
sauðfjárbænda



ÆÐARRÆKTARFÉLAG
ÍSLANDS



LANDSSAMTÖK
SKÓGAREIGENDA



Kristján Oddsson, bóndi á Neðra-Hálsi í Kjós, situr í stjórn VOR:

Lífræn ræktun er framtíðin

Margrét Þóra
Þórsdóttir

Samtök bænda í lífrænni ræktun, Verndun og ræktun, VOR hafa starfað frá árinu 1990. Um 32 bændur eru innan samtakanna, þ.e. bændur sem fengið hafa vottun frá Túni. Fólk sem hefur sérstakan áhuga á lífrænni ræktun getur einnig átt aðild að félaginu og eru alls 10 slíkir auka-félagar innan vébanda samtakanna. Þá eru vinnsluaðilar um 35 talsins og 10 aðilar aðrir með náttúruafurðir sem hafa fengið lífræna vottun.

„Við vinnum að því að kynna félagið og fjölga félagsmönnum. Það er kominn tími til að skapa stemningu meðal bænda, innan stjórnsýslunnar og í samfélaginu, fyrir lífrænni ræktun. Sú hugsun sem að baki því er fellur vel að umræðu samtímans hvað umhverfis- og loftslagsmálin varðar. Þau mál þarf að taka föstum tökum svo ekki fari illa fyrir lífkerfi jarðarinnar,“ segir Kristján Oddsson, bóndi á Neðra-Hálsi í Kjós.

Eingöngu unnið úr lífrænni mjólk

Kristján hefur stundað lífræna mjólkurframleiðslu á Neðra-Hálsi frá árinu 1996 ásamt konu sinni, Dóru Ruf. Jörðin hafði þó verið í aðlögun að lífrænni ræktun í nokkur ár þar á undan. Öll þeirra mjólk og auk þess mjólk frá Búlandi og að hluta frá Skaftholti fer til vinnslu hjá Biobú ehf. sem er til húsa að Gylfaflöt í Grafarvogi. Þar er eingöngu unnið úr lífrænni mjólk. Kristján stofnaði Biobú í júlí árið 2002 og kom fyrsta varan, lífræn jógúrt, á markað í byrjun sumars árið 2003. Fyrirtækið framleiðir nú um 15 tegundir af lífrænum mjólkurafurðum, svo sem mjólk, rjóma, skyr og jógúrt.

„Við getum skilgreint okkur sem örfyrirtæki, en það sem heldur því gangandi er öflugt starfsfólk og ánægðir neytendur,“ segir Kristján.

Hart sótt að landbúnaði

Hann segir að víða hafi verið sótt að landbúnaði hin síðari misseri fyrir að hafa slæm áhrif á loftslag og umhverfi. Þá fái bændur á stundum yfir sig mikla gagnrýni um slaka dýravelferð. Þessi neikvæða umræða hafi komið óorði á alla landbúnaðarframleiðslu.

„Svo langt hefur sú gagnrýni gengið að nú telja margir sig hafa hag af því að rækta kjöt úr stofnfrumum. Það eru því komin fram sterk rök fyrir því að bændur fari að snúa sér að betri búskaparhátt-



Hjónin Kristján Oddsson og Dóra Ruf.

Myndir / Úr einkasafni



um, bæði hvað varðar ræktun og einnig meðferð húsdýra og þar kemur lífræn ræktun sterk inn,“ segir Kristján og nefnir að ástæða þess sé sú að hún er talin loftslagsvænni, enda ekki notaður tilbúinn áburður við lífræna ræktun. Strangari kröfur séu einnig gerðar þegar kemur að velferð húsdýra þar sem m.a. er gerð krafa um mögulega útivist allra húsdýra og að jörturdýr séu höfð á beit þegar árstíð leyfir.

„Fræðilega séð, við bestu aðstæður, getur slíkur búskapur bundið meira kolefni en hann losar, ef marka má erlendar rannsóknir,“ segir hann.

Styrkjakerfinu verði beint inn á umhverfsvænni lausnir

Kristján bendir á að stjórnsýslan og forystufólk í landbúnaði þurfi að snúa sér að því að beina styrkjakerfi landbúnaðarinnar inn á umhverfsvænnar lausnir í landbúnaði. Að beina bændum inn á þá braut að minnka tilbúinn áburð, bæta nýtingu á búfjáraburði og auka notkun á belgjurtum í ræktun svo eitthvað sé nefnt.

Á nýafstaðinni ráðstefnu á Biofach, sem haldin var í Nürnberg í Þýskalandi, kom m.a. fram að Evrópusambandið hafi sett sér það markmið að árið 2030 skuli lífrænn landbúnaður hafa náð 20% af ræktuðu landi innan sambandsins.

„Það vinna öll lönd í kringum okkur að því hörðum höndum að auka lífræna framleiðslu, enda er það umhverfinu og ímynd landbúnaðarinnar til heilla,“ segir Kristján.

Ólafur Már Ólafsson, loðdýrabóndi í Holti í Árborg:

Skemmtilegur búskapur og við höfum trú á greininni

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Vissulega árar ekki vel í loðdýrarækt um þessar mundir, en við höfum trú á greininni og höldum að verðið fari að mjakast upp á við á næstunni,“ segir Ólafur Már Ólafsson, loðdýrabóndi á Holti, skammt ofan við Stokkseyri. Hann ásamt sambýliskonu, Hönnu Siv Bjarnardóttur, og þeim Birni Harðarsyni og Elínu Karlsdóttur, ábúendum á Holti, hófu loðdýrarækt árið 2012.

Byrjað var að breyta gömlu fjárhúsi og hlöðu á bænum Holti í minkaskála. Í húsunum var pláss fyrir 300 læður og því sem þeim fylgir. Á Holti er einnig rekið kúabú.

„Þetta byrjaði smátt og í fyrstu sem kvöld- og helgarvinna með öðru, ég starfaði á þessum tíma sem húsasmiður. Á þeim tíma sem við byrjuðum stóð loðdýraræktin í blóma, verð á skinnum var hátt og það var frekar kostnaðarsamt að hefja þennan búskapur. Gamalt búraefni var eftirsótt, framboðið var lítið og við fórum út í það að kaupa nýtt ryðfrítt efni. Það var líka dýrt að kaupa lífdýrin,“ segir Ólafur Már og minnst þess að fyrir átta árum, þegar hann steig fyrstu skrefin í loðdýraræktinni, voru um 30 bú starfandi hér og hvar um landið. Nú eru loðdýrabændur rétt í kringum tíu talsins.

Markaður hrundi þegar staðið var í uppbyggingu

Ákveðið var að stækka búið árið 2014 og var byggður skáli fyrir um það bil 1.200 læður, í húsinu eru þá um 7.000 dýr þegar það er fullskipað og séu bæði hús notuð er rými fyrir um 1.500 læður.

„Í kjölfarið hætti ég í smíðunum og fór í fullt starf við loðdýrabúið. Það var nóg komið að viðbótar kvöld- og helgarvinnu og við stóðum á þeim tímamótum að stækka búið eða hætta rekstrinum. Niðurstaðan var að stækka búið, en á sama tíma og framkvæmdir við það verkefni voru komnar á fullt hrundi markaðurinn. Verð á skinnum hrapaði niður úr öllu valdi og hefur verið lágt síðan,“ segir Ólafur Már.

Gaman að meðhöndla minkinn

Hann bætir við að engu að síður hafi þau sem að búinu standa enn trú á greininni og telji að þess verði ekki langt að bíða



Ólafur Már Ólafsson, loðdýrabóndi á Holti, segir loðdýrarækt skemmtilega búgrein og vonar að hagur hennar vænkist á næstunni. Mynd / Úr einkasafni

að verðið fari upp á við á nýjan leik. „Þetta er skemmtilegur búskapur, þótt dýrin geti verið hörð er alltaf gaman að meðhöndla þau, hvort sem það er við þörun, á goti, við fráfarur, flokkun eða pelsun. Það er líka ánægjulegt að í þessari búgrein eru menn fljótir að sjá árangur ræktunar og því gaman fyrir þá sem hafa áhuga á ræktun að starfa með mink,“ segir hann og nefnir einnig að góð samskipti og samstaða sé í hópi þeirra bænda sem starfa við búgreinina. „Það tóku okkur allir vel þegar við byrjuðum.“

Vistvæn búgrein

Ólafur Már segir að loðdýrabændur séu líkt og aðrir bændur með hugann við kolefnisspor sín og á hvern hátt best sé að minnka það sem kostur er. Nýlega hafi bændur í loðdýrarækt í samstarfi við EFLU verkfræðistofu gert úttekt á greininni og er niðurstaðan sú að loðdýrabændur stundi vistvænan búskapur. Stærsti þátturinn í því er að þeir nýti fisk

og sláturúrgang í fóður fyrir sín dýr, ella yrði hann urðaður, en við það minnkar kolefnisspor greinarinnar til muna. Nefnir hann einnig að til standi að banna urðun á sláturúrgangi innan tíðar og því sé loðdýrarækt góð lausn þegar kemur að því að nýta hann.

Öll loðdýrabú vottuð

Öll loðdýrabú í landinu hafa nú farið í gegnum velferðarvottun hjá Welfur, óháðri stofnun sem velferðarvottar loðdýrabú. Segir Ólafur Már vottunarferlið hafa tekið langan tíma og kostað mikla fjármuni en vinnan stóð yfir á sama tíma og verð var í lágmarki. Hvert bú fær þrjár heimsóknir þar sem farið er yfir aðstæður, aðbúnað og hegðun dýranna, verklag bænda og ýmislegt fleira. Standist búin vottunina hafa þau leyfi til að selja skinn hjá Copenhagen Fur.

„Þessi vottun kom þannig lagað á slæmum tíma en eftir stöndum við sterkari.“

Ásta A. Pétursdóttir, eggjaframleiðandi á Hranastöðum í Eyjafjarðarsveit:

Hæstánægð með góðar viðtökur

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Viðtökur hafa verið mjög góðar og við erum hæstánægð með þær,“ segir Ásta A. Pétursdóttir, bóndi á Hranastöðum í Eyjafjarðarsveit, en á árinu 2018 var hafist handa við að koma á fót eggjaframleiðslu á bænum samhliða kúabúskap sem þar hefur verið stundadur um árabil. Húsin voru tilbúin þá um haustið, fyrstu ungarnir komu inn í október og fyrstu eggin í fyrravor. Búið hefur nú verið rekið á fullum afköstum í um það bil hálf tveimur árum og hefur allt gengið samkvæmt áætlun.

Ásta segir að hún og maður sinn, Arnar Árnason, hafi lengi gengið með þá hugmynd að takast á við nýjar áskoranir í búskapnum. Niðurstaðan var sú að hefja eggjaframleiðslu. „Það er rík hefð fyrir því á Íslandi að reka blönduð bú, hefðin er sú að þar séu kýr og kindur en nýlundan hjá okkur felst í að búa með kýr og hænur. Sú blanda hefur komið vel út,“ segir Ásta.

Framkvæmdir við að reisa tvö ný hús hófust snemma árs 2018 og lauk um haustið. Annað húsið er 200 fermetrar og er fyrir ungauppeldi, hitt er um 900 fermetrar og hýsir það tvær aðskildar varpdeildir, pökkunaraðstöðu, kæli og starfsmannaaðstöðu.

Um 7.500 varphænur

Um 7.500 varphænur eru á Hranastöðum og skiptast á varpdeildirnar tvær, tæplega 4.000 fuglar í hvorri deild á hverju tímabili. Fyrstu eggin voru tilbúin frá fyrsta hollinu sem inn kom vorið 2019 og frá seinna hollinu á liðnu hausti. „Undanfarna mánuði hefur búið verið keyrt á fullum afköstum og allar áætlanir sem við gerðum hafa staðist, ekkert óvænt komið upp á og allt gengið eins og ráð var fyrir gert. Allar okkar væntingar hafa staðist,“ segir Ásta. „Vissulega höfum við þurft að bæta við okkur heilmikilli þekkingu. Við erum alltaf að læra eitthvað nýtt eins og við var að búa.“

Hraustir fuglar gefa af sér góðar afurðir

Fuglarnir eru frjálssir í húsinu og geta flögrað um að vild. Þar eru til staðar hreiður sem hænurnar sækja í en Ásta



„Það skilar sér alltaf að vanda til verka og það er réttur neytandans að geta gengið að vöru sem framleidd er við bestu aðstæður. Þannig viljum við hafa það,“ segir Ásta A. Pétursdóttir á Hranastöðum í Eyjafjarðarsveit.

segir nær allar hænurnar verpa í hreiðrin. Áhersla er lögð á að aðbúnaður sé sem allra bestur og uppfylli reglugerðir um dýravelferð. Það var haft í huga við val á innréttingum og öðru sem viðkemur framleiðslunni. „Við erum með hrausta og flotta fugla sem líður vel og þá gefa þeir af sér góðar afurðir,“ segir Ásta. Hún segir fólk almennt kjósa að kaupa afurðir þar sem það veit að vel er hugsað um dýrin. Hún merki það m.a. á því að vel er fylgst með þeim á Facebook og fjölmargar fyrirspurnir berist frá fólki sem vill fullvissa sig um að fuglarnir búi við gott atlæti. „Það skilar sér alltaf að vanda til verka og það er réttur neyt-



Ásta A. Pétursdóttir segir áherslu lagða á að aðbúnaður fuglanna sé sem allra bestur og reglugerðir um dýravelferð séu uppfylltar. Vörumerki Hranastaðabúsins er Gæðaeegg. Myndir / Úr einkasafni

andans að geta gengið að vöru sem framleidd er við bestu aðstæður. Þannig viljum við hafa það.“

Ánægð eftir fyrsta árið

Vörumerki Hranastaðabúsins er Gæðaeegg og eru þau fánleg í verslunum um land allt. Ásta segir markað fyrir egg stóran á Íslandi, um sé að ræða hollustuvöru sem landsmenn vilji hafa á sínum matseðli og þá eru erlendir ferðamenn líka í hópi ánægðra neytenda eggjanna. Ásta segir enga reynslu komna enn á heimild sem tók gildi um áramót um innflutning á ferskum eggjum og hvort hann geti á einhvern hátt ógnað íslensku framleiðslunni. Hún bendir á að í Evrópu sé ekki mikið um að egg séu flutt hrá á milli landa þó um skemmri veg sé að fara og telur því líklegt að sama verði upp á teningnum hér, þó ekkert sé hægt að fullyrða.

„Við getum ekki annað en verið ánægð eftir fyrsta árið og teljum að þetta hafi verið hið rétta. Fuglarnir eru skemmtilegir, maður skynjar strax stemninguna í hópnum þegar maður kemur í húsin. Sumar hænurnar eru fyrirferðarmiklar og áberandi en aðrar hlédrægar og ekki tilviljun að við notum orðið goggunar-röð, hún er svo sannarlega í bókstaflegri merkingu til staðar í hæsnahópnum.“

Keran og Birna Mjöll reka ferðapjónustu í Breiðavík:

Vaxandi ferðapjónusta á svæðinu

Margrét Þóra
Þórsdóttir

„Ferðafólki hingað inn á svæðið fjölgar, ferðapjónustan fer vaxandi og helst í hendur við aukð framboð á gistingu. Það skiptir máli að nokkur skemmtiferðaskip heimsóttu svæðið á liðnu sumri og voru í boði skoðunarferðir með farþega þess. Stór hluti farþega úr skipunum fór að Látrabjargi og þótti það mikil upplifun,“ segir Keran St. Ólason, sem ásamt Birnu Mjöll Atladóttur, konu sinni, rekur ferðapjónustu í Breiðavík í Vesturbyggð.

Opið er í Breiðavík fimm mánuði á ári, frá byrjun maí til septemberloka. Svisslendingar eru fyrirferðarmestir í hópi ferðamanna á þessum slóðum en Bandaríkjamenn eru lítt áberandi, að sögn Kerans, sem þó segir enga þjóð umfram aðra skara fram úr í komum. Ferðalangar sem heimsæka sunnanverða Vestfirði eigi það þó sameiginlegt að fara allir að Látrabjargi.

Sauðfjárbúskapur, ferðapjónusta og saumastofa

Keran ólst upp á Geitagili, innsta bæ í Örlygshöfn í fyrrverandi Rauðasandshreppi, hann tók alfarið við búinu árið 1999 þegar faðir hans féll snögglega frá. Birna Mjöll flutti þangað haustið 1987. Um vorið keyptu þau neðri hæð hússins að Ási, sem er iðnbýli í Hvammsholti í Örlygshöfn, og bættu verslunarhúsi Kaupfélagsins við fáum árum síðar og hófu þar verslunarrekstur fyrir nauðsynjar fyrir sveitunga sína. Verslunin var rekin til ársins 1995 þegar því húsnaði var breytt í saumastofu sem Birna nýtti til að sauma húfur og flíkur úr flísefni, en hún er enn að og saumar vinsælar lambhúshettur.

Afskipti af ferðapjónustu hófst hjá þeim hjónum árið 1992 þegar þau leigðu heimavistarskólann og félagsheimilið Fagrahvammi yfir sumarmánuði og buðu upp á gistingu með morgunmat. „Það gekk ótrúlega vel og við vorum í þessu þar til við keyptum Breiðavík vorið 1999,“ segir Keran, en sú jörð er aðeins 11 km frá Geitagili og í átt að Látrabjargi. „Ég hafði nýtt Breiðavík til beitar og slegið megnið af túnunum til heyöflunar fyrir Geitagil í nokkur ár.“ Á þessum tíma voru þau með um 500 fjár á vetrarfóðrum og vantaði bæði hús og meira af túnunum.

Endurbætur gerðar á húsakynnum

Húsakynni í Breiðavík voru í fremur nóturlugu ástandi þegar Keran og Birna tóku



Nattúrufegurð er tilkomumikil í Breiðavík, en hótelið þar er opið frá vori fram á haust. Miklar endurbætur hafa verið gerðar á húsakynnum, ný herbergi með baði tekin í notkun og matsalir einnig. Ferðafólki fer fjölgandi og margir staldra við og njóta nattúrunnar. Myndir / Úr einkasafni



Keran St. Ólafsson og Birna Mjöll Atladóttir.

við og þörfnuðust mikils viðhalds. „Fyrstu árin fóru í fyrirbyggjandi viðhald ásamt því að við fjölguðum við okkur sauðfé og lögðum kapp á að laða að fleiri ferðamenn og reyna að tefja þá sem lengt á svæðinu,“ segir Keran. Farið var í rekstur á veitingastað og vínveitingaleyfi fékkst einnig og opnaður var bar. Húsakostur komst í betra ástand eftir því sem árin liðu og æ fleiri ferðamenn, m.a. stórir hópar, lögðu leið sína í Breiðavík. Tjaldsvæðið var einnig endurbætt og sett upp gott þjónustuhús við það.

Árið 2004 voru fyrstu herbergin með sérbaði tekin í notkun, tólf talsins, og

2008 var jafnmörgum bætt við þannig að herbergi með baði voru orðin 24 í allt. „Þessi uppbygging varð vendipunktur í rekstrinum hjá okkur, við fengum fleiri og annars konar ferðamenn sem stöldrúðu lengur við,“ segir Keran, en áfram var haldið við uppbyggingu og matsalur með föstum sólpalli sem tekur um 100 manns í sæti var reistur við húsið. Hin síðari ár hefur verið byggð upp starfsmannaaðstaða fyrir 16 starfsmenn, annar matsalur sem tekur 180 manns tekinn í gagnið og þá var sett upp iðnaðareldhús og lager með frystum.

Mikil nattúrufegurð

„Nattúrufegurðin í Breiðavík er einstök og hér má sjá ólýsanlegt samspil sólar, sjós og sands í kvöldsólinni. Margir ferðamenn sækjast í að upplifa það, en einnig búum við að því að stutt er að Látrabjargi og eins eru margar góðar gönguleiðir hér í nágrenninu sem ferðafólk nýtir sér óspart. Þá er fuglalíf í vikinni einstakt en fuglar gera sér líka hreiður alveg heim að hóteli þannig að gestir geta fylgst vel með fuglalífinu án þess að fara langt,“ segir Keran og bætir við að kirkjan á staðnum vekir endalausa athygli ferðamanna sem sækja Breiðavík heim.

Æðarvarp í Innri-Hjarðardal hefur vaxið og dafnað hin síðari ár:

Fuglinn borgar sanngjarna leigu fyrir land og þjónustu

Margrét Þóra
Þórsdóttir

„Það er einstakt að vinna við æðarvarp og æðardúnn er náttúrulegt undraefni sem á sér ekki hliðstæðu,“ segir Sólveig Bessa Magnúsdóttir í Innri-Hjarðardal í Öfundarfirði. Þar býr hún ásamt manni sínum, Björgvini Sveinssyni, þau eiga þrjú börn saman sem ólust upp í sveitinni en eru nú flutt að heiman og komin með sínar fjölskyldur.

Sólveig Bessa og Björgvin keyptu jörðina árið 1988 af föðurbróður hennar og er fjórða kynslóð sömu ættar sem býr í Hjarðardal. Mjólkurframleiðsla, sauðfjárbúskapur og æðarrækt var á jörðinni á þeim tíma og héldu þau í þann blandaða búskap fyrstu 16 árin. Að auki unnu þau alla tíð töluvert utan bú, við kennslu, akstur, verktakavinnu og annað sem bauðst því jörðin er lítil. Breytingar hafa orðið í árána rás, þau hættu með kýr árið 2004 og gáfu sauðfé upp á bátinn árið 2018, en að sama skapi hefur vinna utan bú vaxið. Meðal þess sem þau taka sér fyrir hendur er akstur með ferðamenn af skemmtiferðaskipum sem koma á Ísafjörð og nýta sér þá sína búskaparsögu, segja frá og sýna og kynna einnig æðarvarp og æðardúnn.

Æðarvarpið alltaf spilað stóra rullu í okkar búskap

Töluvert æðarvarp er í Hjarðardal og hefur það vaxið jafnt og þétt á búskaparárum Sólveigar Bessu og Björgvins, eða um það bil tvöfaldast að umfangi. Nú eru 65 ár frá því fyrst var farið að hlúa að þeim fugli sem verpti í landi Hjarðardals, fyrstu tölur um hreiðurfjölda eru frá árinu 1956 og þá talin sex hreiður. „Æðarvarpið hefur alltaf spilað stóra rullu í okkar búskap og höfum við ætíð gefið varpinu mikið af okkar tíma ár hvert frá apríl fram í júlí,“ segir Sólveig Bessa.

Æðarfuglinn sé einstakur og ætti skilið að verða tilnefndur sem einkennisdýr Íslands fyrir það hversu harðgerður hann er og þá samfylgd manns og æðarfugls sem á sér langa sögu. „Þetta samband manns og villts dýrs er einstakt í heim-

inum, æðarfuglinn sækir í vernd og skjól mannsins, jafnvel þótt maðurinn geri ekki annað en að vernda hann á viðkvæmum varptíma.“

Æðarvarpið sem náttúrulegast

Æðarfuglinn hefur verið nytjaður frá landnámi, egg, kjöt og dúnn, en fuglinn er nú alfríðaður og hefur svo verið frá 1874. Einungis má nýta dúnninn en um 80% æðardúns í heiminum kemur frá Íslandi. Æðarvarp í Hjarðardal liggur á malarkömbum við sjóinn, á milli þeirra eru tjarnir og er landið gott varpland. Varpið er nokkuð þétt og nær ekki yfir stórt svæði sem gerir það þægilegt yfirferðar. Sólveig Bessa segir að þau kjósi að hafa það sem náttúrulegast og forðist að bera dót í varpið, en hafi mótað hreiður úr steinum og þannig veitt skjól. Æðarfulginn fái að öðru leyti að ráða ríkjum á svæðinu. „Það er góð tilfinning að þurfa ekki að valda fuglinum neinum skaða heldur einungis að taka dúnninn þegar fuglinn er búinn að yfirgefa hreiðrið og vita að hann nýttist honum ekki að ári. Það má segja að fuglinn borgi sanngjarna leigu fyrir land og þjónustu.“

Varptíminn er frá byrjun maí og og stendur fram í júnílok en fuglinn liggur á í þrjár vikur og fer svo strax með ungvíðið á sjóinn. Hjarðardalshjónin safna saman dúni frá því í byrjun júní og fara fjölmargar ferðir yfir varpið, taka m.a. úr yfirgefnum hreiðrum jafnóðum og fuglinn fer. Miðað er við að ná dúni áður en hann blotnar eða fýkur og því skiptir veðurfar máli. Dúnn er þurrkaður á ofnum og grindum og hann grófhreinsaður áður en hann er sendur í fullhreinun og útflutning.



Sólveig Bessa Magnúsdóttir í Innri-Hjarðardal segir einstakt að vinna við æðarvarp, æðardúnn sé náttúrulegt undraefni sem eigi sér ekki hliðstæðu.

Mynd / Úr einkasafni

Erfiðast að verja varpið

„Erfiðasti hluti umhirðu æðarvarps er að verja varpið, það eru nefnilega ýmsir sem hafa æðarfugl, egg og unga á matseðli sínum og hirða ekki um að fuglinn sé alfríðaður,“ segir hún og er þar að tala um ref, mink, hrafn og máf. Vaninn er að vaka yfir varpinu allar nætur frá miðjum apríl fram í júní því aðalveiðitími refsins er á þeim tíma og ef ekki er varist lætur varpið fljótt á sjá.

„Við hlökkum alltaf til vorsins og tökum fuglinum fagnandi þegar hann fer að „setjast upp“ og róta í hreiðrum sínum sem eru yfirleitt nákvæmlega þau sömu og í fyrra og hittifyrra.“

Anna Ragnarsdóttir á Krithóli 2 hefur stundað skógrækt í tvo áratugi:

Landið breyst mikið eftir að kominn er upp skógur

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Við ákváðum að fara út í skógrækt til að auka verðgildi jarðarinnar. Fé hjá okkur var fátt og við höfum ekki not fyrir þetta land sem við nýtum undir skógræktina, en þar var um að ræða mela og gróðurlítið mólendi,“ segir Anna Ragnarsdóttir á Krithóli 2 í Skagafirði. Þar býr hún með manni sínum, Ólafi Björnssyni, sem er frá Krithóli, en Anna er Akureyringur. Skógrækt hefur verið stunduð í landi Krithóls í tæpa tvo áratugi. Bærinn er nyrsti bær í gamla Lýtingsstaðahreppi, um 5 kílómetra sunnan við Varmahlíð.



Anna Ragnarsdóttir á Krithóli 2 í Skagafirði.

Myndir / Úr einkasafni

Anna og Ólafur hófu í fyrstu búskap á Krithóli í samstarfi við foreldra hans og bróður. Þau byggðu sér íbúðarhús á jörðinni og fluttu í það árið 1978 og stofnuðu þá Krithól 2 ásamt hálfri jörðinni. Þau voru með sauðfjárbúskap allt fram til ársins 1986 þegar riða kom upp á bænum og allt fé skorið niður. „Við fengum okkur nokkrar kindur aftur um haustið 1990 en vorum bæði í vinnu utan heimilis líka,“ segir Anna. Þau eiga þrjú börn og fjögur barnabörn. Sonur þeirra keypti hinn helming jarðarinnar árið 2017 og er ásamt konu sinni með á fjórða hundrað fjár.

Næstum búin að fylla alveg í landið

Anna og Ólafur hófu skógrækt árið 2001 og hófu verkefnið á því að setja það ár niður 10 þúsund plöntur. Árin á eftir gróðursettu þau meira og bæði vor og haust. Á þeim árum sem liðin eru hafa þau gróðursett plöntur í um það bil 77 hektara lands og plönturnar eru nær því 186 þúsund talsins. „Við erum svo gott sem búin að fylla alveg í landið, einstaka smáblettir eru eftir, en við höfum náð að setja svona 2.500 plöntur niður á ári hin síðari ár,“ segir Anna. „Við höfum gróðursett allt sjálf með aðstoð frá börnum okkar og tengdabörnum.“

Lerki fyrirferðarmest

Margir hafa lokið lofsorði á skóginn í landi Krithóls og þykir hann fallegur. Anna segir að mikið sé um lerki í þeirra skógum, eða í kringum 86 þúsund plöntur, en landið sé frekar gróðursnautt. Þá eru



Anna og Ólafur hafa ásamt fjölskyldu gróðursett í um 77 hektara lands við Krithól og plönturnar eru nær því 186 þúsund talsins.

um 36 þúsund greniplöntur í landinu, 20 þúsund furur, 18 þúsund birkiplöntur og 11 þúsund aspir, á þeim stað þar sem landið er frjósamara. „Við höfum líka gróðursett ofurlítið af öðrum tegundum eins og þin, þöll og hengibirki ásamt öðrum sparitegundum og það hefur verið góð lifun hjá okkur,“ segir hún.

Nokkur jólatré hafa líka verið sett niður en í vetur var svo mikill snjór að ekki reyndist unnt að taka nein tré af þeim sökum. Anna segir að mikið af trjám hafi brotnað eftir desemberóveðrið. „Við þurfum að fara að grisja skóginn og hefðum verið byrjuð á því verki ef veður hefði verið skaplegra í vetur. Við ætlum helst að vinna við alla grisjun sjálf ásamt fjölskyldunni,“ segir hún.

Sér um dreifingarstöðina

Anna hefur séð um dreifingarstöð fyrir Norðurlandsskóga og Skógræktina og fær til sín á bilinu 140 til 160 þúsund plöntur á hverju vori sem dreifast til skógarbænda í héraðinu. Um 40 skógarbændur eru í Skagafirði og margir að auki búnir að planta eitthvað í sitt land. Þá hafa nokkrir sett niður skjólbelti.

„Við tökum vel eftir því hversu mikið landið hefur breyst eftir að búíð er að planta í það. Þá sprettur einnig upp alls kyns undirgróður, eins og sveppir og ber, og þá er fuglalíf einnig mikið í skóginum. Það er því á allan hátt til mikilla bóta að rækta skóg,“ segir Anna.

Ragnildur Jónsdóttir í Fagradal í Mýrdal:

Forréttindi að fá að vera sauðfjárbóndi

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Það er ákveðinn lífsstíll að vera sauðfjárbóndi. Kindur eru skemmtileg dýr og gefandi að umgangast þær. Það að reyna að rækta upp bestu eiginleika þeirra og ná auknum afurðum eftir hverja kind er sú áskorun sem maður fær sér í lagi út úr í þessum búskap. Einnig nálægðin við náttúruna og tilfinningin að ráða sér sjálfur. Ekki eru það tekjurnar sem halda manni í þessari starfsgrein,“ segir Ragnildur Jónsdóttir, bóndi í Fagradal í Mýrdal, en þar býr hún ásamt eiginmanni sínum, Jónasi Erlendssyni. Þau eru með um 300 kindur og stunda einnig bleikjueldi.

Ragnildur, eða Ragna eins og hún er kölluð, er fædd á Götum í Mýrdal. Leiðin lá til höfuðborgarinnar þar sem hún stundaði nám við Menntaskólann við Sund og lauk þaðan stúdentsprófi árið 1982. Jónas og Ragna kynntust í Vík. Jónas ólst upp í Breiðholtinu en dvaldi öll sumur hjá afa sínum og ömmu í Fagradal. Hann tók síðan við búskap af afa sínum eftir nám í búfræði á Hvanneyri.

Bleikjan öll seld í nærumhverfi

Þau Jónas ráku sauðfjárbú til að byrja með, en eins og gengur skiptast á skin og skúrir í þeirri búgrein. Eftir nokkrar hremmingar og skerðingar í sauðfjárræktinni var bændum borgað fyrir skerðingarnar og nýttu Ragna og Jónas þá peninga til að hefja ræktun á bleikju í nokkrum kerjum. Heimarafstöð er við bæinn sem sér öllum mannvirkjum í Fagradal fyrir rafmagni og rennur vatnið úr henni beint í kerin. Bleikjan er unnin heima við, öll seld í ferskum flökum og reykt undir nafninu Fagradalsbleikja. Til

að byrja með var hún seld í verslunum á höfuðborgarsvæðinu, en hin síðari ár hefur ferðapjónusta í Mýrdalnum vaxið hröðum skrefum og fer því nær öll framleiðslan á markað til ferðapjónustuaðila í nærumhverfinu. Öll verk á búinu eru unnin í samvinnu en sum verk henta Rögnu betur og önnur Jónasi, hvort sem er í kringum sauðféð eða fiskinn.

Sauðfé og bleikjueldi fara vel saman

Fjárhúsin eru tvískipt, grindur annars vegar og taðhús hins vegar. Eldri ærnar eru á taði, en veturgamlar og lömb á grindum. Helmingur fjárhúsanna er nýlegur með sjálfgjöf eftir miðju húsi, en hinn hlutinn er gamall með gördum. „Það gengur ágætlega hjá okkur en það lifir enginn af sauðfjárbúskap einum saman eins og árað hefur í þeirri grein, en með því að vinna öll verkin sjálfur og kaupa enga vinnu sem við mögulega getum unnið sjálf er hægt að hámarka afraksturinn. Með því að hafa bleikjueldið



„Það er ákveðinn lífsstíll að vera sauðfjárbóndi. Kindur eru skemmtileg dýr og gefandi að umgangast þær,“ segir Ragna Jónsdóttir, bóndi í Fagradal í Mýrdal.

með gengur dæmið upp,“ segir Ragna. Þetta tvennt, kindur og bleikja, fara vel saman og til að mynda séu álagstopparnir á mismunandi tímum, mest er að gera í bleikjueldinu á sumrin, þegar lítið þarf að hafa fyrir sauðfénu. „Þetta hentar vel hér og hefur verið á svipuðu róli um árabíl, við höfum verið með búið í sömu stærðinni töluvert lengi og engin áform um að gera þar breytingar á. Þetta er sú stærð sem við tvö ráðum vel við, það eru því engin áform um að fara út í stærri einingu,“ segir hún.

Vonandi lifir sauðfjárbúskapur

Ragna segir að vissulega hafi ekki blásið byrlega í sauðfjárræktinni hin síðari ár, verð fyrir afurðir hafi verið alltof lágt og bændur langt í frá ánægðir með það, þeir hafi tekið á sig tekjuskerðingu sem komi sér vitanlega illa fyrir alla, en mest þó fyrir yngri bændur sem skulda mikið. Á sama tíma og verð fyrir afurðir er í lágmarki hækka öll aðföng. Dæmið gangi því alls ekki upp. „Ég er að vona að botninum sé náð og úr muni rætast. Ég sé svo sem engin merki um að þetta sé að breytast, en maður verður að halda í vonina. Niðursveiflan varir ekki endalaust og vonandi er betri tíð fram undan. Ég sé fyrir mér að sauðfjárbúskapur verði áfram stundaður á Íslandi, enda yrði Ísland fátækara ef hvergi sæust kindur í haga.“



Ragna og Jónas Erlendsson, maður hennar, eru með um 300 fjár í Fagradal og eru að auki með bleikjueldi. Hún segir að Ísland yrði fátækara ef hvergi sæjust kindur í haga.

Myndir / Jónas Erlendsson



Þrjú 720 fermetra stór eldishús eru í rekstri og fer ungaeldi þar fram.



Myndir / Úr einkasafni

Kjúklingabúið að Meiri-Tungu í Holtum:

Markaður stækkar ár frá ári

Margrét Þóra
Þórsdóttir

„Við erum stolt af því að standa vörð um okkar hreinu, góðu og hollu afurðir,“ segja þau Þórdís Ragna Guðmarsdóttir og Tyrfingur Hafsteinsson, sem reka kjúklingabú að Meiri-Tungu í Holtum í Rangárþingi ytra.

Meiri-Tunga hefur verið í eigu ættar hennar frá árinu 1847. Þau Tyrfingur hófu þar búskap árið 1991 með örfáar ær, hross og geldneyti. Foreldrar hennar bjuggu þar einnig og voru með naut, en jörðina nýttu þau í sameiningu. Þórdís og Tyrfingur keyptu Meiri-Tungu árið 2018, þau eiga þrjár dætur og er sú elsta að byggja hús á jörðinni.

Þórdís hóf á því herrans ári 2007 störf sem útungunarstjóri hjá Reykjagarði á Hellu, en í þá daga var framleiðslan um 25 þúsund ungar á viku. Ári síðar hóf Tyrfingur störf við útkeyrslu á eggjum og að flytja unga frá útungun í eldishús.

„Eftir að við hófum störf í þessari atvinnugrein kviknaði áhugi á að byggja eldishús á okkar jörð, en tíminn var auðvitað ekki hagstæður, rétt eftir efnahagshrun. Það þótti of áhættusamt og fjármagn til framkvæmda af þessu tagi lá ekki á lausu,“ segir hún. Fáum árum síðar, árið 2012, rættist draumurinn þegar byggt var 720 fermetra hús fyrir ungaeldi á jörðinni.

Mikill vöxtur í greininni undanfarin ár

Undanfarin ár hefur mikill vöxtur verið í kjúklingaframleiðslu hér á landi og segir Þórdís markaðinn í stöðugum vexti og ekkert sem bendir til að um muni hæggjast. Þau réðust í að byggja annað hús,

jafnstórt hinu, árið 2014 og því þriðja var svo bætt við árið 2017. Þau hafa því til umráða þrjú 720 fermetra hús til ungaeldis og var framleiðslan á liðnu hausti komin upp í allt að 55 þúsund ungunum á viku.

„Mér sýnist ekkert lát vera á vexti greinarinnar, markaðurinn stækkar ár frá ári,“ segir Tyrfingur.

Gott eftirlitskerfi á Íslandi

Þórdís segir þau virkilega stolt af sinni framleiðsluvöru, mikið eftirlit sé fyrir hendi í greininni og að lágmarki eru tekin fjögur sýni úr hverjum fugli áður en hann lendir á borði neytandans. Ævinlega er farið tvisvar á dag í húsin og allt yfirfarið og tékkað. Þau eru að auki vöktuð og í þau hringt ef eitthvað virðist vera að og þá er hægt að bregðast strax við.

„Það er mjög mikið eftirlit fyrir hendi í kjúklingaræktinni og því eru það okkur mikil vonbrigði að opna eigi fyrir innflutning á fersku kjúklingakjöti hingað til lands. Við Íslendingar verðum þá berskjaldaðir fyrir þeirri vö sem því getur fylgt,“ segir hún. Óvissan sem fylgir heimild til að flytja inn ferskt kjúklingakjöt gerir að verkum að ekki eru áform um að stækka búið að svo stöddu. Allur skítur sem frá húsunum berst er notaður sem áburður á túnin og segir Þórdís



Tyrfingur Hafsteinsson og Þórdís Ragna Guðmarsdóttir reka kjúklingabú að Meiri-Tungu í Holtum í Rangárþingi ytra.

hann vera mjög kröftugan og gefa góða uppskeru.

Húsin sem nýtt eru í eldið taka allt að 39 þúsund unga í heild, en að auki eru þau Þórdís og Tyrfingur með um 200 fjár og 20 hross. Tyrfingur hefur einnig umsjón með eldi á Ásmundarstöðum og í Hellutúni og hefur gert undanfarin ár.

„Það er mikið hagsmunamál fyrir okkur ef stjórnvöld myndu standa við bakið á íslenskum bændum og sjá til þess að við værum algjörlega sjálfbær með okkar afurðir, í stað þess að opna á erlenda framleiðslu og auka þar með á smithættu í okkar hreinu afurð. Standi stjórnvöld vörð um íslenskan landbúnað, þá yrði það til þess að blómleg byggð héldist frekar um land allt,“ segir Þórdís.

Hafdís og Matthías í Húsavík á Ströndum eru innan Beint frá býli:

Mikil vinna í kjötvinnslunni en skapar virðisauka

Margrét Þóra Þórsdóttir

Hjónin Hafdís Sturlaugsdóttir og Matthías Sævar Lýðsson eru sauðfjárbændur í Húsavík á Ströndum, búa með 400 vetrarfóðraðar kindur og eru auk þess að vinna úr eigin búsafurðum í kjötvinnslu heima í Húsavík. Það er líka nokkurt æðarvarp á jörðinni sem sinnt er meðfram öðrum störfum. Kjötvinnslan var sett á laggirnar árið 2008, nánast um leið og efnahagshrunið reið yfir, og hafa þau verið að síðan.

Hafdís er Reykvíkingur, búfræðingur frá Hvanneyri og með meistaraþróf í náttúruvísindum frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Matthías er fimmti ættliður ábúenda í Húsavík frá 1878, hann hefur sinnt aukastörfum með bústörfum, svo sem löggæslu, minkaveiðum og svæðisleiðsögn. Hafdís og Matthías hafa og tekið virkan þátt í félags- og menningarlífi Stranda.

Einn þriðji framleiðslunnar unninn heima

Hafdís og Matthías fengu á sínum tíma framlag úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins til að koma kjötvinnslunni upp sem og góðum frystiklefa. Styrkurinn gerði gæfumuninn í því að koma vinnslunni af stað. Kjötvinnslan er í húsakynnum sem fyrir voru á jörðinni en þau voru tekin í gegn og innréttuð upp á nýtt í samræmi við annað hlutverk.

„Við byrjuðum smátt en höfum smám saman verið að bæta í. Undanfarin ár höfum við tekið um einn þriðja af okkar framleiðslu heim til vinnslu,“ segir Matthías. Afurðir eru seldar undir merkjum Húsavíkurbúsins. Kjötvinnslan er með starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða.

Þau vinna bæði lamba- og ærkjöt, saga, úrbeina og pakka að ósk kaupenda. Veitingahús á svæðinu bjóða gjarnan upp á kjöt frá Húsavíkurbúinu og þá hefur það undanfarin tvö ár verið til sölu í versluninni á Hólmavík. Þau segja að drjúgt magn fari á heimamarkað og er hann þeirra langstærsti markaður. Gott er að koma vörum sínum sem mest út í nærumhverfi. Af og til hafa þau Hafdís og Matthías tekið þátt í bændamörkuðum og segja það ágæta leið til að kynnst



Hafdís Sturlaugsdóttir að lokinni smalamennsku.

Mynd / Tinna Schram

fólki, bæði sem neytendum, en ekki síður öðrum sem eru í heimavinnslu.

Lostalengjur vinsælar sem og hangikjöt

Á Húsavíkurbúinu eru framleiddar Lostalengjur, aðalbláberjagraftið og aðeins reykt ærkjöt. Sú vara hefur um árabíl notið mikilla vinsælda. Hangikjöt frá Húsavíkurbúinu er líka vinsæl vara og sama fólk kaupir á hverju ári.

„Það er heilmikil vinna að sinna kjötvinnslunni, en vissulega er líka í því fólgin virðisauki sem gerir að verkum að það borgar sig að halda þessari starfsemi áfram,“ segja þau. Mikil þróunarvinna hefur farið fram á starfstíma kjötvinnslunnar, hún er að þeirra sögn mikilvæg og margt hefur tekist vel.

Beint frá býli hefur mikið gildi fyrir okkur

Húsavíkurbúið hefur starfað innan samtakanna Beint frá býli og segja Hafdís og Matthías það hafa gefist sér vel. Það sé



Á Húsavíkurbúinu eru framleiddar Lostalengjur, aðalbláberjagraftið og aðeins reykt ærkjöt. Sú vara hefur um árabíl notið mikilla vinsælda.

Mynd / Ágúst Atlason

gott að geta borið saman bækur sínar við fólk sem er að fást við svipaða hluti. „Það á kannski svör við einhverjum spurningum sem við veltum fyrir okkur, það er gott að við getum lært hvert af öðru,“ segja þau. „Það hefur mikið gildi fyrir okkur að vera innan samtakanna.“

Samtökin haldi úti öflugri vefsíðu sem mikil umferð sé um. Þannig hafi fólk komið heim á hlað til þeirra og nefnt að hafa lesið um þau á síðunni. Það vilji gjarnan fræðast meira um starfsemina, en þau Hafdís og Matthías telja að neytendur vilji í æ meira mæli þekkja uppruna þeirra matvæla sem þeir neyta.

Herdís Magna Gunnarsdóttir, kúabóndi á Egilsstöðum:

Áhersla á aukin mjólkurgæði og meiri fallþunga

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Virk þátttaka bænda í loftslagsmálum styrkir ekki bara stöðu greinarinnar heldur er þetta einfaldlega stærsta áskorun mannkyns. Allar atvinnugreinar þurfa að leggja sitt af mörkum fyrir komandi kynslóðir,“ segir Herdís Magna Gunnarsdóttir, sem ásamt eiginmanni sínum, Sigbjörni Þór Birgissyni, rekur kúabúíð á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði. Þau fluttu austur um mitt ár 2012, störfuðu við búíð og hófu að kaupa sig inn í reksturinn og eiga nú helming þess á móti foreldrum hennar.

Á Egilsstaðabúinu eru 74 árskýr og framleiðslan nemur um 520 þúsund lítrum. Nautakjötsframleiðsla er þar einnig og sendir búíð frá sér um 70 gripi á ári, meðalfallþunginn hefur verið um 330 kíló. Heimavinnsla mjólkurafurða er einnig stunduð á búinu, í Fjóshorninu, og stendur bróðir hennar, Baldur Gauti, að mestu fyrir henni auk þess að leysa þau af í fjósi. Þá eru á bænum einnig hestar, kindur, hænur og endur.

Lífsgæði að búa í sveit

Herdís og Sigbjörn eiga tvo unga syni, Birni Hrafn og Pálmarr Flóka, sem vita fátt skemmtilegra en að fylgja foreldrunum til starfa í fjósinu.

„Við leggjum líka mikla áherslu á að eiga tíma með fjölskyldunni þrátt fyrir annir í búskapnum,“ segir Herdís Magna. Ný tækni gefur færi á slíku, m.a. er fjósatími sveigjanlegri, þótt róbótinn geti vissulega hringt á nóttunni og kýr velji sér heppilegar tímasetningar til að bera eins og á aðfangadagskvöld.

„Það eru mikil lífsgæði fólgin í því að búa í sveit, þótt það geti verið mjög bindandi getur maður ráðið sér sjálfur upp að ákveðnu marki,“ segir hún. Einkum sé vinnutími sveigjanlegur að vetri og þá hægur vandi að taka börnin með í vinnuna. Þá eru afar og ömmur drengjanna í næsta nágrenni við þau og það er ómetanlegt fyrir alla.

Herdís og Sigbjörn búa í eldra húsi á jörðinni sem þau hafa gert upp.

Þau stefna að byggingaframkvæmdum á búinu í nágrenni framtíð en hafa unnið að betrubótum undanfarin ár, m.a. bætt aðbúnað og skipt út eldri mjaltþjón fyrir nýjan. Þá hafa þau aukið mjólkurframleiðslu og bætt fallþunga í nautakjötsframleiðslu, uppræktað tún og einbeitt sér að meiri og betri uppskeru.

„Við höfum líka lagt aukna áherslu á að fá sem mest fyrir hvern lítra mjólkur með því að bæta efnainnihald og mjólkurgæði,“ segir hún, en bróðurpartur framleiðslunnar á liðnu ári fór í úrvalsflokk. Egilsstaðabúíð hefur staðist úttektir sem fyrirmyndarbú.

Þurfum að leiðrétta rangfærslur

Herdís Magna segir að ein helsta áskorun landbúnaðarins nú snúi að loftslagsmálunum.

„Landbúnaðurinn hefur fengið þó nokkra gagnrýni á sig og umræðan sérstaklega verið hávær um kolefnisspor kjöts og mjólkurvara. Frá landbúnaðinum þurfa að koma skýr skilaboð, leiðrétta þarf rangfærslur og koma jákvæðum hliðum innlendrar framleiðslu á framfæri. Ekki þarf síður að koma vel á framfæri vilja bænda til að gera betur í þessum málaflökki og þeim aðgerðum sem þeir ráðast í. Umræðan þarf að vera upplýst og málefnaleg,“ segir hún.

Undanfarin þrjú ár hefur Herdís Magna tekið virkan þátt í félagsstörfum, m.a. setið í stjórn Landsambands kúabænda og sinnt öðrum störfum sem því tengist. Hún segist hafa mikinn áhuga og metn-



Herdís Magna Gunnarsdóttir, kúabóndi á Egilsstöðum.



Kýrnar fengu að vera með á brúðkaupsmyndinni. Herdís Magna og Sigbjörn Þór Birgisson reka Egilsstaðabúíð ásamt foreldrum hennar, eiga nú um helming þess og eru með 74 árskýr, 520 þúsund lítra framleiðslu auk þess að framleiða nautakjöt. Myndir / Úr einkasafni

að fyrir félagsmálum bænda og megi að einhverju leyti rekja hann til uppeldisins, foreldrar hennar voru virk í félagsstörfum og stjórnámálum.

„Það fer fram stöðug vinna við að verja hagsmunum landbúnaðarins og því er mikilvægt að við höfum sterk félagsamtök og fólk í vinnu fyrir okkar atvinnugrein,“ segir hún.

Áskorun að styrkja samband bænda og neytenda

Það sé áskorun fyrir landbúnað að styrkja samband bænda og neytenda, almenningur hafi undanfarin ár fjarlægst sveitirnar. Það þurfi með öflugum hætti að koma því á framfæri að íslenskir bændur framleiði úrvals matvöru.

„Stundum þurfum við að horfa út fyrir landsteinana til að sjá hvaða kostum íslensk matvælaframleiðsla er gædd, hreina vatnið, vinnuskilyrði fólks í matvælaframleiðslu og miklar kröfur um um góðan aðbúnað húsdýra. Hagsmunasamtök landbúnaðarins þurfa að halda jákvæðum eiginleikum innlendrar framleiðslu vel á lofti og taka virkan og upplýstan þátt í umræðunni hverju sinni.“

Hörður Harðarson, svínabóndi í Laxárdal:

Innlend fóðuröflun skilar sérstöðu og auknum gæðum

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Það sem einkennt hefur svínaræktina undanfarin ár eru miklar sviptingar á kjötmarkaði og breytingar í starfsumhverfi okkar sem í greininni störfum. Það er í raun undir stjórnvöldum komið hvort svínarækt hér á landi eigi einhverja framtíð fyrir sér,“ segir Hörður Harðarson, svínabóndi í Laxárdal í Skeiða- og Gnúhverjahreppi.

Hörður og eiginkona hans, María Guðný Guðnadóttir, hafa stundað svínarækt frá miðju ári 1978 þegar fyrsta gyltan kom á búið. Fljótlega eftir það var hafist handa við að byggja og fyrstu húsin sem nýtt voru í ræktunina risu á næstu árum.

„Við vorum á þessum tíma ný í greininni og þekking okkar takmörkuð. Við fengum tilsögn hjá kollegum í nágrenninu en á þessum tíma var svínarækt blómleg búgrein og vagga hennar var hér á Suðurlandi. Að líkindum hafa verið hér um 120 til 130 hefðbundin fjölskyldubú þá, ýmist með svínarækt sem aðalbúgrein eða aukabúgrein með öðrum búskap,“ segir Hörður.

Auk þess að fræðast hjá félögum sóttu þau sér þekkingu með náms- og kynnisferðum til útlanda, einkum Danmörku og Noregi. Í kjölfarið innleiddu þau það sem til hagsbóta þótti fyrir búið. Landslagið í svínaræktinni hefur breyst mikið síðan þá, bændum fækkað umtalsvert. Hörður telur að þeir séu rétt um sex talsins sem reki fjölskyldubú heima á býlum sínum og hluti þeirra er eingöngu með eldi á grísum.

Fóðuröflun byggir á innlendra framleiðslu

Með árunum stækkaði búið í Laxárdal og kom sonur þeirra, Björgvin Þór Harðarson, inn í reksturinn. Um aldamótin síðustu var fjárfest í blöndunarbúnaði fyrir fóður en með tilkomu hans skapaðist möguleiki á aukinni innlendra fóðuröflun fyrir dýrin. Í kjölfarið hófst kornrækt á bænum. Hún varð fljótt það umsvifamikil að brugðið var á það ráð að færa hana um set og gerður var langtímaleigusamningur við Landgræðsluna í Gunnarsholti um leigu á landi.

„Öll kornrækt búsins fer nú fram í Gunnarsholti. Bygg, hveiti og repja sem

við ræktum sjálf er uppistaðan í okkar fóðri. Uppskera hefur oftast verið það góð undanfarin ár að t.d. bygg hefur enst okkur árið um kring. Framleiðsla búsins byggir þannig að stærstum hluta á innlendra fóðuröflun sem skilar sér í ákveðinni sérstöðu og vonandi auknum gæðum framleiðslunnar. Samanburðarannsókn var unnin hjá Matís á fitusýrum í kjöti frá okkur og öðru innlendu svínakjöti. Niðurstöður sýna að mun meira er af jákvæðum fitusýrum í kjöti sem framleitt er með þeim fóðurefnum sem við ræktum,“ segir Hörður.

Árið 2018 stofnaði sonur þeirra, Björgvin Þór, ásamt eiginkonu sinni, Petrínu Þórunni Jónsdóttur, kjötvinnslu í iðnaðarhverfinu í Árnasi. Hún hefur sérhæft sig í vinnslu á svínakjöti, sem fengið hefur góðar viðtökur hjá viðskiptavinum en framleiðslan er seld undir vöruheitinu Korngrís.

Sviptingar á kjötmarkaði

Miklar sviptingar hafa verið á markaði með kjöt hin síðari ár og heilmiklar breytingar orðið í starfsumhverfi greinarinnar.

„Innflutningshömlur hafa verið víkjandi sem gerir það að verkum að innflutt kjöt vegur æ þyngra í neyslu landsmanna, en um fjórðungur af svínakjötsneyslu hér á landi er innflutt kjöt. Við íslensku framleiðendurnir erum að keppa við þennan innflutning en því miður er starfsumhverfi okkar annað en hinna erlendu keppinauta okkar þar sem mun ríkari kröfur eru gerðar hér á landi en víða annars staðar. Það á m.a. við um dýravelferð og notkun sýklalyfja. Við keppum því ekki á jafnræðisgrunni,“ segir Hörður, en leggur þó áherslu á að strangar kröfur um dýravelferð séu sjálfsagðar.



Hörður Harðarson, svínabóndi í Laxárdal í Skeiða- og Gnúhverjahreppi. Mynd / Úr einkasafni

Mikilvægt að viðunandi lausn fái

Hann segir framtíð greinarinnar að miklu leyti ráðast af því starfsumhverfi sem svínaræktinni verður búið af hálfu stjórnvalda. Hægt sé að búa svo um hnútana að hún eigi framtíð fyrir sér en það getur allt eins farið svo að hún lognist út af og að framboð á svínakjöti verði fyrst og fremst bundið við innflutt kjöt.

„Þetta ræðst af því hvers konar samningar verða gerðir á milli svínabænda og ríkisvaldsins og á hvern hátt tollamálum verður ráðið á komandi árum. Fram til þessa hafa íslensk stjórnvöld ekki verið til viðræðu við okkur um mótvægisáðgerðir til að tryggja samkeppnishæfni greinarinnar samhliða rýmkun á innflutningsheimildum. Það er því mjög mikilvægt að ekki verði gengið frá búvörusamningum nema að viðunandi lausn fái í þessum málum. Framtíð greinarinnar er þannig algjörlega háð vilja stjórnvalda til innlendra framleiðslu, sem starfað geti í breyttu starfsumhverfi samhliða innflutningi,“ segir Hörður.



Guðmundur Bjarnason, nýkjörinn formaður Samtaka ungra bænda, segir nýliðastuðning eitt stærsta mál sem samtökin hafi áorkað en spýta þurfi í lófana því full þörf sé á að auka við stuðninginn.



Ný stjórn Samtaka ungra bænda talið frá vinstri: Steinþór Logi Arnarsson varaformaður, Þuríður Lilja Valtýsdóttir meðstjórni, Þórunn Dís Þórunnardóttir ritari, Fjóla Kristín B. Blandon gjaldkeri og Guðmundur Bjarnason formaður.

Myndir / Úr einkasafni

Guðmundur Bjarnason, nýkjörinn formaður Samtaka ungra bænda:

Þurfum að takast á við ögrandi áskoranir

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Nýliðun og kynslóðaskipti eru þau mál sem einna heitast brenna á ungum bændum, kynslóðaskiptin eru stærsti þröskuldur þeirra sem vilja gerast bændur,“ segir Guðmundur Bjarnason, sem nýverið var kjörinn formaður Samtaka ungra bænda.

Hann býr ásamt fjölskyldu sinni á Hvanneyri þar sem hann stundar nám. Guðmundur kemur frá Túni í Flóa og reka foreldrar hans, Bjarni Stefánsson og Veronika Narfa-dóttir, þar bú. Búskapurinn á bænum er blandaður, þar eru 56 árskýr og um 2.000 minkalæður.

Guðmundur er á 26. aldursári og stefnir að því að láta þann draum rætast að taka við búi foreldra sinna á komandi árum. Hann lýkur búfræðinámi við Landbúnaðarháskóla Íslands næsta vor og stefnir að námi loknu á heimaslóðir ásamt fjölskyldu sinni.

Guðmundur segir að búskapurinn í Túni sé þannig samsettur að búgreinarnar vegi hvor aðra upp. Lægð hafi verið í minkaræktinni undanfarin ár og gott er að hafa mjólkurframleiðsluna sem hefur stöðugri tekjur. Þegar góðu árin koma í minkaræktinni, þá eru svo innviðir byggð upp í mjólkurframleiðslunni. „Þannig styðja búgreinarnar við hvor aðra,“ segir Guðmundur.

Umhverfismálin ofarlega á baugi

Hann nefnir að nýliðastuðningur í búvörusamningum sé eitt stærsta atriði sem Samtök ungra bænda hafi áorkað. Hann hjálpi nýliðum í landbúnaði að taka fyrstu spörin og hafi komið sér vel fyrir þá sem fengið hafa stuðning.

„Það þarf virkilega að auka það fjármagn sem ætlað er í stuðning á hverju ári. Stór hluti umsækjenda hvert ár fær ekki fullan stuðning og aðrir bara dropa í hafnið,“ segir Guðmundur.

Guðmundur segir unga bændur þurfa að takast á við þær áskoranir sem framtíðin beri í skauti sér.

„Umhverfismálin eru ofarlega á baugi hjá öllum og við erum krafin um lausnir. Bændur þurfa helst að vera skrefinu á undan í þeim málaflokki til að fylgja þeim kröfum sem að okkur er beint,“ segir hann. Efla þurfi rannsóknarstarf í íslenskum landbúnaði enda sé ekki hægt að heimfæra allar erlendar rannsóknir upp á Ísland. Spjót beinist í ríkum mæli að landbúnaði og hann verði að bjóða upp á svör.

Áhyggjur af sýklaofnæmi er einnig mál sem vert er að hafa áhyggjur af, að sögn Guðmundar, þar sé stórt vandamál á ferðinni sem heimurinn þurfi að takast á við og grípa þurfi í taumana strax. Vonar hann að Ísland nái að halda sér í hópi þeirra landa sem hafi lægsta tíðni notkunar sýklalyfja í matvælaframleiðslu. Þá væri óskandi að Íslendingar framleiddu meira af þeim matvælum sem hægt væri

að framleiða hér á landi í stað þess að flytja þau inn.

Þurfum að efla kynningarstarf um landbúnað

Guðmundur segir samtökin hafa staðið fyrir góðu kynningarstarfi á íslenskum landbúnaði hin síðari ár og til standi að halda því starfi áfram, meðal annars er stefnt að því að færa sig nær nútímanum og setja á fót Instagram-reikning. Hlaðvarpsþættir um landbúnaðarmál hafi einnig gert það gott.

„Staðan er þannig í landbúnaði að við þurfum að upplýsa landsmenn um þessa atvinnugrein, það eru svo margir sem enga tengingu hafa við sveitir landsins og hafa því litla hugmynd um hver þau störf eru sem við vinnum. Því miður er algengt að fólk detti inn á útland myndbönd sem mála hlutina dökkum litum og heimfæra upp á Ísland og búa í framhaldinu til alhæfingu um landbúnað hér á landi.“

Guðmundur kveðst hins vegar enga ástæðu aðra hafa en að þykja framtíðin spennandi. Vissulega þurfi að takast á við ögrandi áskoranir, „en vonandi ber okkur gæfa til að komast vel og farsællega frá þeim,“ segir hann.

Birna Kristín Baldurdóttir í Eskiholti II á 20 geitur:

Áhugi fyrir geitum hefur aukist og stofninn stækkað

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Geitastofninn hefur stækkað undanfarin ár og það er ánægjulegt. Áhugi fyrir geitum hefur aukist á liðnum árum og þótt stofninn sé enn í hættu hefur hún minnkað,“ segir Birna Kristín Baldurdóttir, námsbrautarstjóri í búvísindadeild Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og umsjónarmaður Erfðalindaseturs LbhÍ. Hún situr einnig í stjórn Geitfjárræktarfélagis Íslands. Hún býr að Eskiholti í Borgarbyggð og heldur þar 20 geitur.

Birna ólst upp í Reykjavík, hún tók stúdentspróf við Menntaskólann við Hamrahlíð og lagði síðan leið sína í bændadeildina á Hvanneyri.

„Ég sá ekkert nema sveitina, var í sveit öll sumur og hún heillaði mig gjörsamlega,“ segir hún. Eftir námið á Hvanneyri lauk hún BS-námi í búvísindum við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn. Að því loknu keypti hún og eiginmaður hennar, Bergur M. Jónsson, jörðina Eskiholt II í Borgarfirði og var þar með búskap í nokkur ár og kenndi einnig í Borgarnesi. Hún ákvað að taka meistaraþróf frá Hvanneyri og verkefni hennar þar snerist um erfðabreytileika íslenska geitastofnsins.

„Í kjölfarið datt ég inn í heim geitarinnar og ekki varð aftur snúið,“ segir hún.

Birna fékk fyrir fáum árum sínar fyrstu geitur, þær voru í eigu nágrannakonu sem var að flytja og þurfti að losa sig við þær. Hún keypti af henni fjórar geitur en í hjörð hennar eru nú 20 geitur. Afurðir eru nýttar, kjötið, fiðan og stökur sútaðar.

„Ég reyni að nýta sem mest, enda eru þetta verðmæti,“ segir hún.

Geitur eru líflegar skepnur

Geitur eru líflegar skepnur að sögn Birnu og þótt þeim svipi að sumu leyti til kinda og eigi eitt og annað sameiginlegt með þeim eru þær verulega frábrugðnar kindum.

„Þær eru einhvern veginn allt öðru vísi í háttum, eru mjög líflegar og þurfa mikið pláss til að hreyfa sig. Það er líka athyglisvert að þær eru saman í hópum, mínar 20 fara t.d. saman í göngutúra. Það er ein sem stjórnar, m.a. hvenær er lagt af



Birna Kristín Baldurdóttir er með 20 geitur í Eskiholti II og segir þær skemmtilegar og líflegar skepnur. Myndir / Úr einkasafni



Sá árangur hefur náðst að um 1.500 geitur eru í landinu og hefur stofninn vaxið hratt undanfarin ár. Stofninn þarf þó að ná 5.000 dýrum til að hann sé ekki talinn í útrýmingarhættu.

stað og þær koma svo heim á kvöldin, þær vilja hafa möguleika á að komast inn, sérstaklega ef rignir,“ segir hún.

Birna segir að á milli 4–500 geitur hafi verið í landinu árið 2006 þegar markvisst var farið að vinna í að auka við stofninn. Sá árangur hefur náðst að nú eru um 1.500 geitur í landinu og hefur stofninn vaxið hratt undanfarin ár. Stofninn þarf að ná 5.000 dýrum til að hann sé ekki talinn í útrýmingarhættu. Telur Birna að aukinn áhuga megi bæði rekja til þess að menn vilji taka þátt í að bjarga stofninum

og eins eru fyrir hendi tækifæri í að nýta afurðirnar sem mörgum þykir spennandi. Matís hefur unnið að margvíslegum verkefnum í samstarfi við Geitfjárræktarfélagið og boðið fram aðstoð og ráðleggingar í þeim efnum, m.a. í tengslum við vinnslu á kjöti, kjötmat og mjólk. Auk þess hefur Matarauður Íslands komið að verkefnum tengdum geitaaafurðum.

Markmiðum verndaráætlunar náð

Birna segir að árið 2012 hafi verið sett fram verndaráætlun sem gengið hafi eftir að mestu leyti. Eitt af þeim atriðum sem þar var að finna var að koma á fót rafrænni ættbók. Hún er nú komin í gagnið og heitir Heiðrún. Heldur hún utan um margvísleg gögn um þær geitur sem til eru í landinu og er sambærileg og Fjárvis er fyrir kindur. Annað atriði sem náðst hefur er að stuðningur fæst nú við geitarækt í gegnum búvörusamninga, gripagreiðslur fást fyrir hverja skýrslufærða vetrarfóðraða geit sem býr á lögbýli og segir Birna það afar mikilvægt. Þá nefnir hún einnig að í áætluninni hafi verið sett það markmið að setja upp sæðingastöð og náðist það í septembermánuði á síðastliðnu ári. Stöðin er á Hvanneyri og hefur starfsemi hennar farið vel af stað. Birna telur að hún muni aukast eftir því sem tíminn líður og fleiri muni nýta sér sæðingar til að sporna við skyldleikarækt sem er mikil í stofninum. Varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma gilda einnig um geitur en það hefur í för með sér takmarkaðan flutning geita á milli svæða.

„Stöðin er því mjög mikilvæg í okkar starfi og mun gera að verkum að geitfjárræktendur geta fengið sæði úr óskyldum höfnum sem ekki var möguleiki á fyrir tilkomu hennar. Það er til bóta,“ segir hún og bætir við að nú séu geitur haldnar í öllum landshlutum nema á Vestfjörðum.

Páll og Heiðbjört, garðyrkjubændur á Hveravöllum í Reykjahverfi:

Tækifæri eru alltaf fyrir hendi þegar pláss er á markaði

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Tækifærin eru fyrir hendi í garðyrkjunni, það er pláss á markaði sem getur tekið við meira magni en við ráðum við að framleiða,“ segir Páll Ólafsson, garðyrkjubóndi á Hveravöllum í Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu. Páll og kona hans, Heiðbjört Ólafsdóttir, reka stöðina en hún á sér langa sögu allt aftur til ársins 1904. Miklar hækkningar á öllu sem til framleiðslunnar þarf er hins vegar ein af skuggahliðum garðyrkjunnar sem bændur þurfa að takast á við.



Hjónin Páll Ólafsson og Heiðbjört Ólafsdóttir reka garðyrkjustöðina Hveravelli í Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Páll ólst upp á Hveravöllum og tóku þau Heiðbjört við af foreldrum hans, þeim Ólafi Atlasyni og Öldu Pálsdóttur, en Páll er sá fjórði í röðinni í beinan karlegg sem rekur garðyrkjustöð á Hveravöllum. Breyting verður óhjákvæmilega þar á einn góðan veðurdag því Páll og Heiðbjört eiga dætur. Jarðhiti er á Hveravöllum líkt og nafnið gefur til kynna, þar eru hverirnir Ystihver og Uxahver, sem eru á meðal stærstu hvera landsins. Gróðurhúsin á staðnum eru hituð upp með hveravatni.

„Þetta byrjaði allt saman á því að menn vildu nýta þetta heita vatn sem hér er,“ segir Páll um upphaf garðyrkjustarfsemi á Hveravöllum. Kartöflur voru ræktaðar til að byrja með en árið 1933 var fyrsta gróðurhúsið byggt á jörðinni, um 50 fermetrar að stærð, og hafin í því ræktun á tótmötum. Þremur árum síðar var öðru gróðurhúsi bætt við og var það helmingi stærra.“

Framleiða um 500 tonn á ári

Nú eru húsin 11 talsins, misstór og misgömul en ræktun fer fram á 9.000 fermetrum og er ársframleiðslan um 500 tonn. Fyrirferðarmest er ræktun á tótmötum og eru alls ræktaðar fjórar tegundir tómatar á Hveravöllum, venjulegir, heilsutómatar, kokteiltómatar og einnig aðeins af gulum tótmötum. „Við leggjum áherslu á tómataramleiðslu en erum að auki að rækta aðeins af gúrkum og paprku og yfir sumarmánuðina erum við með grænkál,“ segir Páll.

Síðast var byggt við á Hveravöllum árið 2016, þá bætt við einu gróðurhúsi til



Séð yfir garðyrkjustöðina á Hveravöllum, þar eru nú 11 gróðurhús í notkun og fer ræktun fram á 9.000 fermetrum. Ársframleiðslan er um 500 tonn.

Myndir / Úr einkasafni

viðbótar þeim sem fyrir voru. Hann segir að þar verði til að byrja með látið sitja.

„Við sjáum hverju fram vindur í atvinnugreininni áður en við tökum ákvarðanir um meiri stækkun,“ segir hann.

Góður og traustur markaður

„Við erum heppin að því leyti að markaðssvæðið er í námunda við okkur, það er gott fyrir flutningskostnaðinn og fyrir kolefnissporið að þurfa ekki að flytja alla okkar framleiðslu um langan veg,“ segir Páll, en bróðurpartur þess sem framleitt er á Hveravöllum fer í dreifingu í nærumhverfi, þó svo að eitthvað fari ævinlega á markað suður á land.

Páll segir tækifæri fyrir hendi í garðyrkjunni. Markaðurinn er góður og traustur, landsmenn kjósi íslenska framleiðslu í ríkari mæli.

„Það er pláss á markaði hér bæði fyrir ylrækt og útiræktað grænmeti. Við höfum ekki undan að framleiða inn á markaðinn sem tekur við meira magni en við ráðum við að framleiða,“ segir hann.

Hreint umhverfi skilar sér í góðri vöru

Hann bendir á að nýliðun í greininni sé sáralítill, enda sé dýrt að koma sér af stað í henni, það kosti umtalsverða fjármuni. Kostnaðarhækkningar sem dunið hafa yfir undanfarið komi niður á starfsskilyrðum greinarinnar. Garðyrkjubændur noti mikið rafmagn og því komi hækkningar á því sér fremur illa. Þó kveðst hann bjartsýnn fyrir hönd greinarinnar.

„Varan selst vel og við búum að okkur sérstöðu sem er að íslensk grænmeti er ræktað í hreinu umhverfi, með hreinu vatni og lofti. Það skilar sér í góðri vöru og fólk kann að meta það.“

Sara Ástþórsdóttir, hrossaræktandi á Álfrólum í Vestur-Landeyjum:

Áhugi fyrir hestum og ræktun frá unga aldri

Margrét Þóra Þórsdóttir

„Ég hef haft manískan hesta- og ræktunaráhuga frá því ég man eftir mér,“ segir Sara Ástþórsdóttir, hrossaræktandi á Álfrólum. Sem dæmi varð Sara ung að aldri fluglæs á því að fletta og lesa í Ættbók og sögu Gunnars Bjarnasonar sem hún las spjaldanna á milli. Sara er fædd og uppalin á Álfrólum. Hún lauk stúdentsprófi af félagsfræðibraut Fjölbautaskóla Suðurlands og er með reiðkennararéttindi frá Háskólanum á Hólum. Á Álfrólum fer heilmikil hrossarækt fram en einnig eru þar 26 kýr og um 170 ær.

Stórfjölskylda Söru ræktar hross á Álfrólum, m.a. móðursystir hennar, Rósa Valdimarsdóttir, og hennar börn. Sérstaklega Hrefna María og Valdimar, sem bæði eru á bólakafi í hrossaræktinni eins og önnur vinna leyfir.

„Rósa er þekkt fyrir að vera hestheppin. Hún keypti eitt sinn þriggja vetra mertrippi óséd frá Hákotu, undan keppnishestinum sínum, Íkoni frá Hákotu. Sú hryssa varð tvívegis landsmótssigurvegari, í fimm vetra hryssum og 7 vetra og eldri líka. Hún er enn í þeirra ræktun hér á bæ,“ segir Sara.

Móðir Söru, Sigríður, spáir minna í hross en hún hefur mjólkurframleiðsluna á bænum á sínum herðum.

„Hún var meira í hestunum þegar hún var yngri, reið mikið út og tamdi hross,“ segir Sara. Sonur hennar, Hrafnar Freyr Leósson, 7 ára, hollar líka stundum í hnakkinn hjá mömmu sinni, en þykir mesta stemningin við hestamenskuna að fara á reiðnámskeið með vinum sínum.

Sara hefur séð um sauðfjárræktunina á Álfrólum og hefur gert undanfarin 15 til 20 ár. „Ég segi stundum að sauðfjárræktin sé mitt áhugamál enda er mjög gaman að sjá uppskeru af ræktunarstarfi í þeirri grein. Þar nýtur ræktunarfíkillinn í mér sín alveg í botn. Árangur í sauðfjárrækt sést mun fyrr en í hrossaræktinni,“ segir Sara.

Ræktun á Álfrólum byggir á gömlum grunni

Hún kveðst alla tíð búa að því að hafa alist upp við að Nökkvi frá Hólmi sem afi hennar, Valdimar, átti í eina tíð, væri



Sara á Dagfara frá Álfrólum sem er hæst dæmdu stóðhestur búsin, með 8.62 í aðaleinkunn, þar af 9.5 fyrir brokk, vilja og fegurð í reið. Mynd / Jens Einarsson

hesta bestur auk fleiri hornfirskra gæðinga.

„Þetta hefur setið í manni öll þessi ár. Ræktunin á Álfrólum er líka byggð á þessum gamla grunni. Eina ræktunarhryssa sem keypt var utan frá á sínum tíma var líka úr Hornafirði, Dimma frá Miðfelli. Hún reyndist reyndar gríðarlegur happafengur og búin að skila af sér frábærum hrossum í fyrsta og annan ættlið, þar á meðal 10 tóltaranum Dívu frá Álfrólum sem var aðalkeppnishrossið mitt í nokkur ár og varð strax afrekshross 5 vetra gömul,“ segir Sara.

Hún nefnir einnig Dagfara frá Álfrólum sem er hæst dæmdu stóðhestur búsin, með 8.62 í aðaleinkunn, þar af 9.5 fyrir brokk, vilja og fegurð í reið. Og þá má ekki gleyma Svörtu Perlu frá Álfrólum sem fékk 8.40 í aðaleinkunn í fyrsta sem 5 vetra klárhryssa og einnig með 9.5 fyrir brokk og fegurð í reið. Bæði Dagfari og Svarta Perla eru undan Dimmu-dætrum sem slösuðust ungar og fóru beint í ræktun.



Sara Ástþórsdóttir, hrossaræktandi á Álfrólum í Vestur-Landeyjum, á Dívu frá Álfrólum sem var aðalkeppnishross hennar til nokkurra ára. Mynd / Jens Einarsson



Sara og Hrafnar Freyr, sonur hennar, í reiðtúr á Fossi. Mynd / Hrefna María

„Svo eru hér nokkrar drjúgar heimaræktaðar ættmæður sem hafa skilað af sér frábærum hrossum,“ segir Sara.

Leggur mikið upp úr lofti og léttleika

Sara segist alltaf hafa lagt mikla áherslu á fótaborð og megi eflaust rekja það að Dimma lenti í hennar höndum til þess áhuga.

„Ég vil líka hafa eðlisgott brokk í hrossum, mér leiðist að þurfa að þjálfa það mikið og vil bara að það sé klárt,“ segir hún.

Geðslag og vilji er að sjálfsögðu það sem öllu máli skiptir og sá þáttur sem











skipar hrossum efst í gæðaröð eru eðlisgóðir beisliseiginlekar.

„Auðvitað þarf töltið að vera gott og ég vil hafa loft í hrossunum, leiðist að horfa á hross sem styðja sig of mikið við jörðina, það er ekki gaman að sitja þannig hross,“ segir Sara.

Kynningarefni



Efnisyfirlit

	Skanna ehf. Nýir gluggar og hurðir með einum smelli	75
	Olís Tæki, tól og margs konar efni fyrir bændur og landsbyggðarfólk	76
	BK Hönnun ehf. Frá hugmynd að húsi	76
	Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins Aukin starfsemi hjá RML	77
	Hydroscand ehf. Slöngur og tengibúnaður	78
	Eldhústöfrar ehf. Eldamennskan verður fljótleg, einföld og hagkvæm	78
	Lífland ehf. Kostir verkunar gróffóðurs í stæður og flatgryfjur	79
	Icelandic Lamb Sameiginlegt merki sem auðkennir uppruna og gæði	80
	Landbúnaðarklasinn Tengjum saman fólk og fyrirtæki í landbúnaði	81
	Bændasamtök Íslands Aðild að Bændasamtökunum borgar sig	82



Skanva býður upp á glugga og hurðir eftir máli.

Nýir gluggar og hurðir með einum smelli



Skanva ehf.

Fiskislóð 31E,
101 Reykjavík

Sími: 558 8400

Netfang:

skanva@skanva.is

Vefur: www.skanva.is

Skanva.is er netverslun með glugga og hurðir eftir sér-
málum, bæði fyrir einstaklinga sem vilja gera hlutina
sjálfir og fyrir iðnaðarmenn. Skanva á Íslandi er í eigu
Skanva Group í Danmörku, sem hefur rekið netverslun
þar í rúm sjö ár ásamt því að reka netverslun í Noregi.

Hanna Guðmundsdóttir, markaðsstjóri Skanva ehf., segir
að Skanva.is sé brautryðjandi á íslenskum markaði þar sem
það sé fyrsta fyrirtækið sem býður upp á netverslun fyrir
glugga og hurðir eftir eigin máli og hönnun.

„Netverslun fyrirtækisins veitir öllum landsmönnum auð-
velt aðgengi við kaup á gluggum og hurðum og býður upp
á heimsendingu á hagstæðu verði. Við erum í samstarfi við
Samskip sem sjá um að keyra vörurnar heim.“

Endingargóðir gluggar og hurðir

„Um er að ræða danska hönnun og hægt er að velja um tré,
tré/ál eða PVC (plast) glugga og hurðir, allt eftir því hvað
hentar best. Einnig bjóðum við upp á fjölmargar útfærslur í
gleri, áferð, litum, opnun, læsingum og fleiru.“

Hanna segir að allar vörur Skanva séu CE merktar, slagveð-
ursprófaðar fyrir íslenskar aðstæður og með tíu ára ábyrgð.
„Auk þess sem það er ódýrara að versla beint við framleið-
anda og losna þannig við allan milliliðakostnað.“

Auðvelt aðgengi fyrir alla á landinu

Stöðug aukning hefur verið í sölnunni hjá Skanva á Íslandi.
Hanna segir að kosturinn við að versla á netinu sé meðal
annars sá að það sé engin bið eftir tilboði þar sem reikni-
vélín sýni verðið strax. „Við leggjum mikla áherslu á að
bjóða viðskiptavinum okkar góða og skjóta þjónustu þegar
kemur að undirbúningi fyrir kaup á gluggum og hurðum.
Hægt er að skoða úrvalið á netinu, reikna verðið og ef fólk
er sátt við útreikninginn er ekkert því til fyrirstöðu að
leggja inn pöntun.“



Hanna G. Guðmundsdóttir Overby, markaðsstjóri Skanva.is.



Sýningarsalur Skanva.is sem er úti á Granda.

Ef svo skyldi vera að ekki sé boðið upp á þann glugga eða
þá hurð sem þörf er fyrir í netversluninni er hægt að senda
teikningar eða myndir ásamt málum á skanva@skanva.is
og munu sölumenn fyrirtækisins aðstoða og finna þá lausn
sem hentar best.

Tæki, tól og margs konar efni fyrir bændur og landsbyggðarfólk



Olíuverzlun Íslands

Vatnagarðar 10,
104 Reykjavík

Sími: 515 1100

Netfang: olis@olis.is

Vefur: www.olis.is

Öflugt dreifikerfi Olís liggur um land allt og hentar því bændum og landsbyggðarfólki vel. Fyrirtækið er einnig með sterk tengsl við erlenda birgja eins og Evans og Texaco.

Stefán Ingi Óskarsson, sölufulltrúi hjá Olís, segir að Evans Vanodine sé leiðandi í framleiðslu og þróun á hreinsiefnum fyrir kúabú, fjárbú, svínabú og alifuglabú.

Allt til þrifa

„Þvotta- og sóttgreinsiefni sem eru í boði eru jafnt til þrifa á gripahúsum eða fyrir spenaþvott fyrir og eftir mjaltir. Við bjóðum einnig upp á þvottaefni fyrir róbóta og almennt lagnakerfi í fjósi hvort sem um er að ræða fljótandi hreinsiefni eða efni í duftformi.

Sama er að segja um annars konar hreinsiefni, hvort sem þau eru ætluð fyrir gripahús, dráttarvélar eða önnur landbúnaðartæki.

Evans hreinsiefni til daglegra þrifa fyrirbyggja smit í gripahúsum, auk þess sem efnin henta vel til þrifa á gripaflutningabílum og í sláturhúsum,“ segir Stefán Ingi.

Evans Vanodine er vottað 14001 alþjóðlegum staðli sem skuldbindur fyrirtækið til að fullnægja löggjöf um umhverfið.

Stefán segir að Olís hafi einnig boðið upp á hreinsiefni frá Evan hreinsiefni frá 1998 og þau fáist hjá útibúum Olís um allt land og hjá Rekstrarlandi og KS Sauðárkróki.

Réttu smurefni

„Olís er með öll réttu smurefni fyrir bændur og flestir bændur þekkja Texaco sem hágæða smurefni fyrir dráttarvélar, gröfur og aðrar vinnuvélar. Þá er Olís með hágæða H1 vottaðar matvælaolíur fyrir mjaltaþjóna og lofttæmivélar (vacuum), glussa, koppafeiti og önnur smurefni.



Olís býður upp á úrval af hágæða smurolíum.

Hjá Olís eru einnig í boði allar gerðir rafgeyma, auk efnavara, háþrýstidæla og margt annað sem hentar bændum til reksturs.

Við hjá Olís leysum þinn vanda í olíum, vertu í sambandi, það borgar sig,“ segir Stefán Ingi.

BK Hönnun ehf.

Frá hugmynd að húsi



BK Hönnun ehf.

Sími: 865 9277

Netfang: sala@bkhonnun.is

Vefsíða: www.bkhonnun.is

Facebook-síða: www.facebook.com/bkhonnunehf

BK Hönnun ehf. er fjölskyldufyrirtæki sem veitir alhliða þjónustu fyrir húsbýggjendur. Félagið hóf göngu sína sem hönnunar- og ráðgjafarfirmir en hefur á síðustu árum bætt við innflutningi á byggingarefni fyrir viðskiptavinum, frá framleiðendum víðs vegar úr Evrópu.

Birkir Kúld, eigandi BK Hönnunar ehf., segir að með lítilli yfirbyggingu gefist fyrirtækinu möguleiki á að veita hagstæða og jafnframt persónulega þjónustu og þannig aðstoða hvern og einn viðskiptavin alltaf frá hugmynd að fullbúnu húsnæði.

„Meðal vörúrrvals hjá fyrirtækinu eru Z – stálgrindarhús, sem löngu hafa sannað gildi sitt á Íslandi og eru um leið með ódýrustu grindarhúsum sem í boði eru á markaðnum. Húsin eru einföld í uppsetningu, ódýr í innkaupum og ekki skemmir að afgreiðslufrestur á þeim er stuttur.

Þá býður BK Hönnun ehf. upp á sterk og vönduð bogahús sem fáanleg eru í tveimur breiddum, annars vegar 12 m og hins vegar 15 m. Bogahúsin fást jafnframt með uppsetningu hvar á landinu sem er.



Z stálgrindarhús koma í öllum stærðum. Hér má sjá reiðhöll sem BK Hönnun ehf. flutti inn fyrir á árinu. Stærðin á húsinu eru 18x35 metrar.

Einnig bjóðum við vandaðar yleiningar og klæðningar sem henta vel í ýmiss konar landbúnaðarbyggingar og annað iðnaðarhúsnæði.“

Hjá BK Hönnun ehf. býðst viðskiptavinum að kaupa fullbúin einingahús úr timbri sem framleidd eru við bestu aðstæður innanhúss. „Henta húsin einkar vel á Íslandi og fást þau með vönduðum klæðningum, hágæða gluggum og í hvaða stærð og gerð sem er. Húsin eru sérsníðuð og geta viðskiptavinir ýmist komið með teikningar eða flett í teikningabanka okkar og þannig valið draumahúsið.“

Nánari upplýsingar um BK Hönnun ehf., vörur þess og þjónustu, má finna á vefsíðunni www.bkhonnun.is.



Frá spildudegi RML sem haldinn var í Keldudal í Skagafirði.

Aukin starfsemi hjá RML



Ráðgjafarmiðstöð
landbúnaðarins ehf.

Sími: 516 5000

Netfang: rml@rml.is

Vefsíða: www.rml.is

RML er ráðgjafaryrirtæki í eigu Bændasamtaka Íslands og því í eigu íslenskra bænda. Yrirtækið, sem hefur verið starfandi í sjö ár, er fyrst og fremst ráðgjafaryrirtæki í landbúnaði en hefur einnig umsjón með öllu ræktunarstarfi íslenskra búfjárkynja, dómum og skráningum.

Nýjasta viðbót við starfsemina er að tölvudeild Bændasamtakanna kom yfir til RML nú um síðustu áramót. Við hjá RML erum mjög ánægð með að þetta skref hafi verið tekið og það tækifæri sem það getur veitt okkur til framtíðar.

Tölvudeildin hefur forritað og haldið utan um alla tæknivinnu við þau skráningarforrit sem bændur nota við störf sín, ásamt því að þróa landbúnaðartengt forrit í samvinnu við aðra. Forrit eins og Worldfengur, upprunaættbók íslenska hestsins, eru notuð víða um veröld til að halda utan um skráningar við ræktun íslenska hestsins, þannig að ekki er einungis um íslenska bændur að ræða eða íslenskan landbúnað. Skýrsluhaldsforrit BÍ eru gríðarlega verðmæt fyrir bændur og fleiri og þær upplýsingar sem þær geyma. Tengingar þessara gagna við smáforrit, tæki og vélar munu væntanlega stórukast í framtíðinni með auknum kröfum um nákvæmnisbúskap og sjálfvirkni. Á síðasta ári var skipulagi fyrirtækisins breytt og meiri áhersla er nú lögð á nýsköpunar- og þróunarverkefni og einnig erum við að taka upp ferla verkefnastjórnunar innan fyrirtækis.

Á þeim sjö árum sem RML hefur verið starfrækt hafa orðið miklar breytingar á starfsumhverfi landbúnaðarins og hefur ráðgjöfin tekið mið af því og við höfum því verið að sækja ný verkefni, meðal annars í umhverfis- og loftslagsmálum. Enda er það umræðuefni og málefni þar sem landbúnaðurinn spilar stórt hlutverk og því mjög mikilvægt að við höfum innanborðs aðila sem geta miðl-



Linda Margrét Gunnarsdóttir, ráðunautur við kynningarstörf.

að til bænda og stjórnvalda bestu upplýsingum sem völ er á hverju sinni. RML hefur á að skipa mörgum af færustu sérfræðingum í málefnum landbúnaðarins, við höfum góða tengingu við bændur og þekkingu á starfsumhverfi þeirra. Það á því mjög vel við okkar starfsemi að tengja saman landbúnaðarþekkingu og þekkingu á loftslagsmálum.

Starfsfólk RML er dreift um land allt og við erum til þjónustu reiðubúin að taka á móti viðskiptavinum á okkar starfsstöðvum, eða í gegnum síma þar sem við veitum fjölbreytta þjónustu. Allar nánari upplýsingar á www.rml.is.

Slöngur og tengibúnaður



Hydroscand ehf.

Vagnhöfða 27,
110 Reykjavík

Sími: 516 3300

Netfang:
gunnar.hjartarson@
hydroscand.is

Vefsíða: www.
hydroscand.is

Hydroscand ehf. tók til starfa á Íslandi vorið 2019 en fyrirtækið var stofnað í Svíþjóð haustið 1969 og hefur verið að stækka og þróast síðan þá. Frá upphafi hefur fyrirtækið sérhæft sig í framleiðslu á slöngum og tengibúnaði.

Í dag rekur Hydroscand rúmlega 200 verslanir í 20 löndum víða um heim.

Gunnar Örn Hjartarson, framkvæmdastjóri Hydroscand á Íslandi, segir að fyrirtækið hafi í upphafi lagt áherslu á framleiðslu á vökvaslöngum, glussaslöngum, í tæki og vinnuvélar en eftir því sem fyrirtækið hefur vaxið og þróast hefur vöruúrvalið aukist mikið. „Í boði er mjög fjölbreytt úrval af slöngum og tengibúnaði, eða allt frá grönnum loftslöngum upp í svera barka til notkunar í fiskeldi, sjávarútvegi og landbúnaði eða til loftræstinga í jarðgöng svo dæmi séu tekin.

Hydroscand ehf. hefur frá upphafi lagt áherslu á að þjóna viðskiptavinum sínum sem best og reynir af fremsta



Verslun Hydroscand ehf. Vagnhöfða 27, 110 Reykjavík.

megni að eiga á lager þær vörur sem fyrirtækið hefur á boðstólum.“

Gunnar segir að starfsmenn Hydroscand taki viðskiptavinum sínum fagnandi í verslun fyrirtækisins að Vagnhöfða 27 í Reykjavík og að einnig megi hafa samband við þá símleiðis og ef þörf krefur heimsæki þeir viðskiptavini sína og greini þarfir þeirra í samræmi við óskir hvers og eins.

Eldhústöfrar ehf.

Eldamennskan verður fljótleg, einföld og hagkvæm

Eldhústöfrar ehf. er fjölskyldurekið fyrirtæki og er umboðs- og dreifingaraðili Thermomix á Íslandi. Öll matvinnsla og eldamennska verður fljótlegri, einfaldari, hagkvæmari – en ekki síst skemmtileg.

Thermomix er framleitt af þýska fyrirtækinu Vorwerk, kom fyrst á markað 1961 og hefur notið mikilla vinsælda um allan heim. Það var þó ekki fyrr en nýlega sem Íslendingar fengu að kynna því og hafa móttökurnar verið framar vonum. Allt í kringum matargerð verður svo miklu einfaldara, minna umstang og uppvask og þá skapast meiri tími til að njóta með fjölskyldunni, sinna áhugamálunum eða öðrum störfum því ekki þarf lengur að standa yfir pottunum og hræra.

Hagkvæmt að elda frá grunni

Á meðal kosta Thermomix er að einfalt og hagkvæmt er að vinna og elda mat frá grunni, auk þess sem unnt er að



Á meðal kosta Thermomix er að einfalt og hagkvæmt er að vinna og elda mat frá grunni.

sneida hjá aukaefnum og rotvarnarefnum ýmiss konar, einnig er þannig hægt að draga úr kaupum á matvöru í einnota plastumbúðum. Síðast en ekki síst getur notkun á eldhúsvélinni dregið úr matarsóun.

Allt til staðar í einu tæki

Thermomix er mjög öflugt matvinnslu- og matreiðslutæki sem kemur í stað nokkurra hefðbundinna eldhústækja, það er eiginlega allt til staðar í þessu eina tæki og mega aukahlutirnir auk skálarinnar og hnífsins fara í uppþvottavél. Uppskriftir fylgja vélinni og hún er nettengd sem gefur möguleika á uppfærslum og aðgangi að enn fleiri uppskriftum á stafrænum skjá vélarinnar.

Landsmenn geta kynnst þessu undraeldhústæki með heimsókn til Eldhústöfra í Síðumúla í Reykjavík en einnig er boðið upp á heimakynningar. Allar nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðunni eldhustofrar.is.



Eldhústöfrar ehf.

Síðumúli 29

Sími:

519-5529 og 696-7186

Netfang:

info@eldhustofrar.is

Vefsíða: eldhustofrar.is

Facebook:

Thermomix á Íslandi

Kostir verkunar gróffóðurs í stæður og flatgryfjur



Lífland ehf.

Brúarvogi 1-3

Sími: 540 1100

Netfang:

lifland@lifland.is

Vefsíða: www.lifland.is

Umhverfisvitund, kolefnislosun og fleiri hugtök heyrast æ oftast í umræðunni um þessar mundir og sýnist þar sitt hverjum. Flestir virðast þó vera sammála um að aðgerða sé þörf og er innlend matvælaframleiðsla þar engin undantekning.

Gera má ráð fyrir að aukin áhersla verði á komandi árum á fullnýtingu innleindra hráefna, sem og aukna kröfu um minnkandi innflutning á aðföngum til matvælaframleiðslu, bæði til að draga úr sótspori greinanna, sem og til að auka skilvirkni og hagkvæmni bóa. Má meðal annars sjá verulega aukna umræðu um þau málefni í Hollandi um þessar mundir þar sem fræðimenn, stjórnvöld, bændur og iðnaðurinn hafa sett sér metnaðarfull markmið um það hvernig megi auka nýtingu heimaflaðs fóðurs samhliða lágmarkun á innfluttu fóðri.

Lífland leiðandi í vöruþróun

Lífland hefur um árabil verið leiðandi fyrirtæki í ýmiss konar vöruþróun fyrir landbúnað á Íslandi og mun ekki láta sitt eftir liggja þegar kemur að þessu mikilvæga málefni. Í janúar síðastliðnum fór Lífland í sína árlegu fundaherferð, Þorraþræl, þar sem fræðsluerindi voru flutt af tveimur hollenskum sérfræðingum, en bæði snerust um það hvernig mætti hámarka nýtingu á eigin hráefnum við fóðrun jörturdýra og minnka með því tilkostnað.

Í fyrra erindinu var farið yfir kosti þess að nota lifandi geril (Levucell SC) og hýdroxisteinefni (intellibond) sem viðbótarfóður til að auka nýtingu annarra hráefna. Hýdroxisteinefni gera það að verkum að hluti steinefna, sem geta haft neikvæð áhrif á flóru örvera í vömb, meltist ekki í vömb heldur á löngum tíma í smáþörmum. Það veldur því að örveruflóran í vömbinni dafnar betur og upptaka á steinefnunum nær yfir lengri tíma og nýting þeirra er betri. Margar óháðar rannsóknir hafa leitt í ljós að notkun þessara steinefna eykur nýtingu á gróffóðri í vömb jörturdýra um og yfir fjögur prósent með því að gera hærra hlutfall trénið meltanlegt.

Sýrumyndun í vömb getur orðið vandamál

Sýrumyndun í vömb getur orðið vandamál, sér í lagi hjá hánytja mjólkurkúum sem fá mikið magn af kjarnfóðri, byggi og snemmslegnu heyi. Sýran getur valdið því að ákveðnar örverur í vömb dafna illa og geta valdið lysterleysi og meltingartruflunum. Notkun á lifandi gerli dregur úr sýrustigssveiflum og hækkar sýrustig vambarinnar umtalsvert. Það veldur því að auðveldara er að nota meira magn af hráefni sem eru nyttaukandi, svo sem heimaflað bygg og snemmslegið hey. Sé slætti flýtt ætti einnig að fást hærra hlutfall próteina úr grasi sem minnkar þörf á aðkeyptu próteini.



Notkun á lifandi gerli dregur úr sýrustigssveiflum og hækkar sýrustig vambarinnar umtalsvert. Það veldur því að auðveldara er að nota meira magn af hráefni sem eru nyttaukandi, eins og bygg og snemmslegið hey.

Verkun í stæður og flatgryfjur

Í seinna erindinu var farið yfir kosti verkunar gróffóðurs í stæður og flatgryfjur en mögulegt er að spara bóu sem annars þyrfti um 1.200 heyrúllur (1,5 m³) um 500 þúsund krónur á ári í plastkaup, auk þess sem bóuð sparar umhverfinu með þessu yfir 1 tonn af plasti. Mikilvægt er að huga vel að mörgum þáttum ef verka á fóður í stæður sem erfitt er að telja upp í stuttu máli, en þá þekkingu sem og aðföng til stæðugerðar má nálgast hjá söluráðgjöfum Líflands.



Ýmsir kostir felast í því að verka gróffóður í stæður og flatgryfjur.

Búkolla steinefnablöndur

Lífland býður nú upp á þrjár tegundir steinefnablöndna sem bera yfirheitið Búkolla sem innihalda lifandi geril, hýdroxisteinefni auk andoxunarefna og lífræns selens. eru þessar blöndur einkar hentugar þar sem stuðst er við heilfóðrun gripa. Efnahlutföll steinefnablöndanna eru auk þess lögðuð að efnainnihaldi íslenskra heyja, og byggir sú aðlögun á gagnasafni sem spannar áratug af íslenskum hefyngreiningum.



Sameiginlegt merki sem auðkennir uppruna og gæði



Icelandic Lamb

Hagatorgi

Sími: 820-4524

Netfang:

una@icelandiclamb.is

Vefsíða:

icelandiclamb.is

Markaðsstofan Icelandic Lamb kynnir íslenska sauðfjárrækt og afurðir hennar til erlendra neytenda sem einstaka og hreina hágæðavöru með samræmdum skilaboðum undir einu uppruna- og gæðamerki. Verkefnið snúa annars vegar að markaðssetningu til erlendra ferðamanna á Íslandi og völdum útflutningsverkefnum hins vegar. Gert er ráð fyrir sem mest um samlegðaráhrifum á milli þessara tveggja þátta.

Starfsmenn Icelandic Lamb telja það tímabært að afurðastöðvar og bændur vinni nánar saman undir sameiginlegu merki Icelandic Lamb. Merkið er ætlað til notkunar sem félagamerki og auðkenningu á allri útflutningsvöru til háendamárkada og getur nýst vel á háendavörur innanlands. Þannig er hægt að samnýta markaðsherferðir og þann slagkraft sem fylgir sameiginlegri mörkun. Ytri aðstæður þróast hratt og markaðsstaða innlendra kjötframléiðenda mun breytast mikið á þessu ári með tilkomu innflutnings á ferskri kjötvöru. Áhrif afnáms frystiskyldu mun koma verst niður á innlendum afurðastöðvum og bændunum sem að baki þeim standa. Mikið virði felst í mörkun Icelandic Lamb og er merkið tilvalið til mun víðtækari notkunar sem upprunamerki fyrir íslenskt lambakjöt. Þekking erlendra ferðamanna á merkinu og jákvætt viðhorf innanlands sem og erlendis eykur virði þess töluvert.

Auknar kröfur neytenda

Á síðustu árum hafa neytendur gert kröfu um aukið gegnsæi er kemur að uppruna og gæði landbúnaðarafurða. Uppruna- eða staðartilvísanir eru notaðar í markaðssetningu á afurðum frá afmörkuðum landsvæðum sem hafa sérstaka eiginleika eða orðspor sem rekja má til upprunans. Skráning á afurðarheiti með uppruna- eða staðartilvísun veitir framléiðendum vernd gegn óréttmætri notkun þriðja aðila á heitinu í markaðssetningu. Í dag er

íslenskt lambakjöt fyrsta og eina afurðin sem vernduð er samkvæmt lögum um vernd afurðarheita.

Könnun sem Maskína framkvæmdi fyrir Icelandic Lamb í júní 2019 leiddi í ljós aukna þekkingu og jákvæðni Íslendinga gagnvart merki Icelandic Lamb. 45% svarenda sögðust þekkja merki IL vel eða mjög vel og 70% svarenda sögðust vera fremur eða mjög jákvæðir gagnvart merkinu. Einnig var spurt um afstöðu til upprunamerkinga á kjötvörum. Alls 89,5% svarenda töldu upprunamerkingar á kjöti í verslunum skipta fremur eða mjög miklu máli, 75,6% sögðu upprunamerkingar á kjöti í veitingahúsum skipta fremur eða mjög miklu máli og 71,7% svarenda töldu sömu upprunamerkingu á kjöti í mótuneytum skipta fremur eða mjög miklu máli. Niðurstöðurnar sýna mikilvægi þess að framléiðendur noti merki Icelandic Lamb til þess að auðkenna íslenskt lambakjöt. Mun markaðsstofan áfram vinna að því að koma upprunamerkingum á íslenskar umbúðir, en það mun nýtast markaðsstofunni við markaðssetningu til erlendra ferðamanna sem kaupa lambakjötsvörur í matvöruverslunum.

Mikilvægt er að standa vörð um íslenska framleiðslu og landbúnað nú þegar frystiskylدان hefur verið afnumin. Einnig er mikilvægt að auðvelda neytendum að velja íslenskt lambakjöt í búðum og á veitingastöðum. Á þessu ári verða samstarfssamningar Icelandic Lamb við veitingastaði uppferðir en við þá bætist ákvæði um innflutt lambakjöt, en samstarfsveitingastaðir Icelandic Lamb verða skuldbundnir til þess að hafa einungis íslenskar sauðfjárafurðir á matseðlum sínum. Mun það tryggja neytendavernd og koma í veg fyrir að innflutt lambakjöt sé selt undir formerkjum Icelandic Lamb. Þá geta neytendur fullvissað sig um að það kjöt sem boðið er upp á á veitingastöðum þar sem skjöldur eða merki Icelandic Lamb er sýnilegt eigi uppruna sinn að rekja til Íslands.

Tengjum saman fólk og fyrirtæki í landbúnaði



Landbúnaðarklasinn

Veffang:
www.landbunadar.klasinn.is

Netfang:
landbunadarklasi@gmail.com

Landbúnaðarklasinn var formlega stofnaður þann 6. júní 2014 en markmið hans eru fyrst og síðast tengja saman þá aðila sem vinna í landbúnaði og matvælaframleiðslu og stuðla að aukinni arðsemi og nýsköpun innan greinarinnar. Meðal markmiða klasans eru aukin fjölbreytni íslensks landbúnaðar, fjölgun starfa og aukin velta landbúnaðarins. Takmarkið er gera landbúnaðinn sterkari, bæta úrvinnslu og auka framlegð landbúnaðarafurða með stuðningi við frumkvöðlastarf og nýsköpun.

Eitt af grunnstefjum klasasamstarfs er að efla tengslanet þeirra fyrirtækja og einstaklinga sem starfa í geiranum. Með því að deila þekkingu á milli ólíkra fyrirtækja eru meiri líkur á að skapa aukin verðmæti.

Það er mikil gerjun í nútímalandbúnaði og jafnframt áskoranir fyrir þá sem stunda matvælaframleiðslu. Spennandi en líka óvissutímar segja sumir, meðal annars vegna neyslubreytinga almennings, loftslagsmála og tæknibreytinga. Stefnumörkun innan landbúnaðarins og matvælageirans alls er bráðnaðsynleg og hana þarf að vinna á breiðum grundvelli. Þess vegna er áriðandi að fólk og fyrirtæki innan greinarinnar, stofnanir og háskólar tali saman og miðli þekkingu.

Þátttaka í viðskiptahraðli og ráðstefnuhald

Árið 2019 var Landbúnaðarklasinn einn bakhjarla viðskiptahraðalsins „Til sjávar og sveita“. Fyrirtækið Icelandic Startups, sem sérhæfir sig í þróun viðskiptahugmynda og samstarfi við frumkvöðla, sá um hraðalinn. Markmið hans var að leita eftir nýjum lausnum sem auka sjálfbæra verðmætasköpun í landbúnaði og sjávarútvegi.

Alls voru 10 aðilar teknir inn í hraðalinn sem höfðu ólík viðfangsefni að glíma við. Frumkvöðlarnir fengu aðstöðu í Íslenska ferðaklasanum á Grandanum í Reykjavík. Hraðalinn fólst meðal annars í sjö vinnusmiðjulotum á fimmtudögum og föstudögum í rúmar átta vikur, auk fundu með yfir 40 leiðbeinendum, sérfræðingum og fjárfestum. Á lokahófinu kynntu frumkvöðlar verkefni sín og greindu frá framvindu þeirra, auk þess sem boðið var upp á að smakka nokkrar matar- og drykkjarvörur úr þeirra smiðjum. Meðal fyrirtækja sem tengdust landbúnaði voru Arcana Bio, Álfur brugghús, Beauty by Iceland (sem vinnur snyrtivörur úr gulróum og rófum), Feed the Viking, Íslenskur dúnn, Ljótu kartöflurnar, Pure Natura, Stafræn veiðibók, Tracio og Urtasjór.

Á haustdögum stóð Landbúnaðarklasinn að ráðstefnu í félagi við Matvælaalandið Ísland, þar sem umfjöllunar-



Landbúnaðarsýningin Hey bóndi 2019 á Helli. Þórgnýr Thoroddsen hjá Álfri brugghúsi, sem er eitt af frumkvöðlafyrirtækjum í matvælageiranum sem fóru í gegnum viðskiptahraðalinn Til sjávar og sveita, og Berglind Hilmarsdóttir, verkefnastjóri Landbúnaðarklasans.

Mynd / Tjörvi Bjarnason



Stjórn Landbúnaðarklasans. Frá vinstri: Oddný Anna Björnsdóttir bóndi og ráðgjafi, Finnbogi Magnússon, formaður, Berglind Hilmarsdóttir, verkefnastjóri og bóndi á Núpi 3, Tjörvi Bjarnason, sviðsstjóri hjá Bændasamtökunum, Guðrún Brynjólfssdóttir, verkefnastjóri hjá Landsvirkjun og Sunna Gunnars Marteinsdóttir, varaformaður og samskiptastjóri MS.

Mynd / Jóhann Már Jóhannsson

efnið var áhrif neyslubreytinga á matvælaframleiðslu í bráð og lengd.

Umsókn um aðild

Á heimasíðu Landbúnaðarklasans geta einstaklingar, samtök og fyrirtæki sótt um aðild að klasanum.

Landbúnaðarklasinn er fjármagnaður með félagsgjöldum. Árgjöld fyrirtækja fara eftir starfsmannafjölda en gjald fyrir einstaklingsaðild er einungis kr. 5.000 á ári.

Áhugasamir um starfsemi Landbúnaðarklasans geta haft samband í netfangið landbunadarklasi@gmail.com og séð upplýsingar á vefsíðunni www.landbunadarklasinn.is

Aðild að Bændasamtökunum borgar sig



Bændasamtök
Íslands

Bændahöllinni
við Hagatorg

107 Reykjavík

Sími: 563-0300

Netfang:
bondi@bondi.is

Vefsíða: www.bondi.is

Bændasamtök Íslands standa vörð um hagsmuni sinna félagsmanna og vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði.

Aðild að samtökunum geta átt einstaklingar og félög einstaklinga og lögaðila sem standa að búrekstri. Aukaáðild er möguleg fyrir einstaklinga sem styðja við markmið samtakanna. Á vef Bændasamtakanna, bondi.is, er hægt að nálgast nánari upplýsingar um starfsemina og skrá sig í samtökin.

Meginstarfsemi samtakanna er í Bændahöllinni. Þá eiga samtökin félagið NBÍ ehf. sem rekur Nautastöðina á Hesti og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sem er með starfsstöðvar víðs vegar um land. Hótel Saga ehf. og fasteignafélagið Bændahöllin ehf. eru í eigu Bændasamtakanna. Samtökin eiga hlut í einangrunarstöð fyrir holdanaut á Stóra-Ármóti.

Um síðustu áramót urðu breytingar á starfsemi BÍ þegar tölvudeild samtakanna og starfsemi hennar fluttist yfir til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML). Með breytingunni færðist upplýsingatækni og ráðgjöf undir sama hatt, en svipaður háttur er hafður á hjá mörgum ráðgjafarþjónustum í nágrenni. Útreikningar á kynbótamati, þróun forrita og rekstur tölvukerfa er nú öll á sama stað hjá RML. Upplýsingar um forrit og fleira sem varðar starfsemi fyrrum tölvudeildar BÍ eru aðgengilegar á vef RML, www.rml.is.

Bændasamtökin eiga og reka Bændablaðið sem er mál-gagn bænda og dreifbýlis.

Ávinningur þess að vera félagsmaður

Félagsmenn eru aðilar að samtökum sem vinna að hagsmunamálum bænda og eru málsvari stéttarinnar. Aðild að BÍ tryggir bændum ýmis réttindi sem eru mikils virði.

- Samtakamáttur heildarinnar styrkir hagsmunabaráttu bænda.
- Félagsmenn eru þátttakendur í samtökum bænda og geta haft áhrif á félagsstarfið.
- Félagar í BÍ velja fulltrúa úr sínu aðildarfélagi til setu á Búnaðarþingi.
- Félagsmenn eiga rétt til að kjósa um þá samninga sem Bændasamtökin gera fyrir þeirra hönd.



Á landbúnaðarsýningunni Hey bóndi á Helli 2019.

Mynd / TB

- Félagsmenn njóta ráðgjafar um réttindi og um málefni sem snerta landbúnaðinn, þ.m.t. lögfræðiþjónustu.
- Félagsmenn fá 30% afslátt af vissum forritum BÍ. Meðal annars dkBúbót, Fjárvis (sauðfé), Heiðrún (geitur), Jörð (jarðrækt) og Huppa (kýr).
- Aðild tryggir bændum bestu fáanlegu kjör á gistingu á Hótel Sögu.
- Félagar eiga rétt á að nota orlofsíbúð á höfuðborgarsvæðinu.
- Félagsmenn geta sótt um stuðning í starfsmenntasjóð BÍ vegna sí- og endurmenntunar.
- Aðild eflir kynningar- og ímyndarmál landbúnaðarins.
- Bændablaðinu og Tímariti Bændablaðsins er dreift frítt á öll lögbýli.
- Samtökin eiga í samskiptum við erlend systursamtök og eiga sterkt tengslanet við félög á Norðurlöndum.

Bændasamtökin eru öllum opin

Bændasamtökin eru frjálts félagsamtök og félagsmenn greiða árleg félagsgjöld. Tekjur Bændasamtakanna eru í meginatriðum þrenns konar. 1) Tekjur af félagsgjöldum bænda, (2) þjónustu- og sölutekjur af rekstri, (3) tekjur af fasteignum og fjármunatekjur.


Það eru ekki bara bændur sem geta gengið í Bændasamtökin. Aukaáðild er möguleg öllum þeim sem styðja markmið samtakanna.

Með aðild að BÍ styðja félagsmenn við bakið á öflugri hagsmunagæslu og efla kynningarstarf samtakanna.

Nánari upplýsingar um starfsemi Bændasamtakanna er að finna á vefnum bondi.is.

Bændablaðið er mest lesna blaðið á landsbyggðinni

Lestur prentmiðla á landsbyggðinni



Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

41,9%

á landsbyggðinni

21,9%

á höfuðborgarsvæðinu

29,2%

landsmanna lesa Bændablaðið

Bændablaðið

Hvar auglýsir þú?



FOSSAR EINBÝLISHÚS

FOSSAR eru stöðluð einbýlishús sem Landshús hannar og framleiðir. EFLA verkfræðistofa á Akureyri sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar. Burðarvirki, festingar og allt efnisval er skv. íslenskri byggingarlöggjöf.



Landshús hefur þróað sitt eigið einingakerfi með það að leiðarljósi að uppsetning sé fljótleg og um leið hagkvæm.

FOSSAR eru hefðbundin timburgrindarhús sem hefur verið farsæll byggingarmáti á Íslandi um langt skeið.

BREYTINGARMÖGULEIKAR

Ýmsar breytingar er hægt að gera á stöðluðum húsum svo húsinn henti aðstæðum og afstöðu lóðar í hverju tilfalli.

- Hægt er að stækka húsinn í alla enda (stofu- og eldhúsalmu, herbergjaálmú og bílskúr)
- Hægt er að spegla húsunum á alla vegu.
- Hægt er að breyta innra skipulagi þ.e.a.s. breyta herbergja-skipan eftir óskum.
- Hægt er að velja um liti á gluggum, hurðum, þakstáli, rennum og flasningum.
- Glugga og hurðir er hægt að færa til, stækka, minnka, breyta opnunum, setja auka glugga, velja um þriggja punkta læsingu eða venjulega o.s.frv. Einnig er hægt að velja um mismunandi gluggagerðir:

- Timbur
- PVC
- Álklætt timbur (viðhaldsfrítt)

- Hægt er að velja um mismunandi utan-hússklæðningu:

- Greni (kemur ómáluð)
- Lerki (kemur ómáluð en er viðhaldsfrí)
- Hægt er að sleppa utanhússklæðningu (ef t.d. óskir eru um að klæða með bárujárni eða áli)

- Hægt er að velja um mismunandi innanhússklæðningu

- Rakavarðar spónaplötur
- Gífs
- Séróskir

Við veitum góða ráðgjöf þegar kemur að vali á öllu ofangreindu.

ALLAR TEIKNINGAR SEM SKILA ÞARF
INN TIL BYGGINGARFULLTRÚA FYLGJA
MEÐ UPPÁSKRIFAÐAR AF LÖGGILDM
HÖNNUÐI FYRIR STÖÐLUÐ HÚS.



FOSS 1 | Stærð íbúðar: 102 fm
Verð: 13.566.000,-



FOSS 2 | Stærð íbúðar: 119 fm
Verð: 15.410.000,-



FOSS 3 | Stærð íbúðar: 145 fm
Verð: 18.270.000,-



FOSS 4 | Stærð íbúðar: 145 fm | Stærð bílskúrs: 35 fm
Samtals: 180 fm | Verð: 22.680.000,-



FOSS 5 | Stærð íbúðar: 153 fm | Stærð bílskúrs: 58 fm
Samtals: 211 fm | Verð: 25.305.000,-



Skilalýsing:

Húsin afhendast ósamsett. Þegar húsin hafa verið reist eru þau tilbúin að utan, að innan eru tilbúin undir tréverk (innifalið er einangrun, rakasperra, lagnagrind, innanhússklæðning og þiljur í loft). Allir milliveggir fylgja með. Kaupandi sér um steypa plötu og allar lagnir.

EFLA verkfræðistofa á Akureyri sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar. Öll hönnun á burðarvirki, festingum og allt efnisval er skv. íslenskri byggingarlöggjöf.

